



Vaxtarsamningur Austurlands

Tillögur verkefnisstjórnar að Vaxtarsamningi Austurlands, til aukinnar samkeppnishæfni og sóknar

Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006



Útgefandi: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið
Umsjón og ábyrgð útgáfu: Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Austurlands
Ritstjóri: Baldur Pétursson
Prentumsjón: Athygli
Prentun: Gutenberg
Ljósmyndir á forsiðu: Ragnar Th Sigurðsson
1. útgáfa
Upplag: 500 eintök

ISBN 9979-871-55-5
ISBN-13 978-9979-871-55-2

EFNISYFIRLIT

| | |
|---|-----------|
| 1. FORMÁLSORD | 5 |
| 2. NIÐURSTÖÐUR OG TILLÖGUR | 6 |
| 3. INNGANGUR | 7 |
| 3.1 ALMENNT YFIRLIT | 7 |
| 3.2 STÖRF VERKEFNISSTJÓRNAR OG HEIMILDIR | 8 |
| 3.3 VAXTARSVIÐ OG TÆKIFÆRI FRAMTÍÐAR, STEFNUMÓTUNARFUNDUR..... | 8 |
| 3.4 KLASASAMSTARF OG ALÞJÓÐLEG SAMKEPPNISHÆFNI SVÆÐA | 9 |
| 3.5 EFTIRFYLGNI FUNDIR Á JADARSVÆÐUM | 9 |
| 4. FORSENDUR, FYRIRMYNDIR OG FRAMTÍÐARSÝN | 11 |
| 4.1 SVÆÐIÐ OG AFMÖRKUN ÞESS | 11 |
| 4.2 ÁHERSLA Á JADARSVÆÐI..... | 11 |
| 4.3 HUGMYNDAFRÆÐI, FYRIRMYNDIR OG FORSENDUR | 11 |
| 4.4 VAXTARSAMNINGUR – SJÁLFBÆR FRAMKVÆMD TIL SÓKNAR | 12 |
| 4.5 FRAMTÍÐARSÝN | 12 |
| 4.6 FRAMTÍÐARSÝN SVÆÐA OG ÁHERSLUSVIÐA - ”FORESIGHT” | 13 |
| 5. VAXTARSAMNINGUR, EINKENNI OG ALÞJÓÐLEGAR ÁHERSLUR | 15 |
| 5.1 HELSTU EINKENNI VAXTARSAMNINGS | 15 |
| Einkenni Vaxtarsamnings | 15 |
| Skipurit Vaxtarsamnings | 15 |
| Markmið Vaxtarsamnings | 16 |
| Framkvæmd Vaxtarsamnings | 17 |
| Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings | 17 |
| 5.2 ÁHERSLA Á 3 KLASA / VAXTARKJARNA | 18 |
| 5.3 EINKENNI OG ÁVINNINGUR AF STARFSEMI KLASA | 19 |
| 5.4 KLASAR TIL AUKINNAR SAMKEPPNISHÆFNI | 23 |
| 5.5 ÁHERSLUR Í RÍKJUM OECD | 24 |
| 5.6 ÁHERSLUR Í BYGGÐAMÁLUM Í FINNLANDI, OULU, VAXTAKJARNI/KLASI | 26 |
| <i>Byggðamál</i> | 27 |
| <i>Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)</i> | 27 |
| 6. ÞRÓUN EFNAHAGS- OG ATVINNUMÁLA Á AUSTURLANDI | 28 |
| 6.1 MANNEFJÖLDI..... | 28 |
| 6.2 ÍBÚAÞRÓUN | 31 |
| 6.3 VINNUMARKAÐUR..... | 33 |
| 6.4 ATVINNULEYSI..... | 35 |
| 6.5 TEKJUR OG EFNAHAGUR | 35 |
| 6.6 FYRIRTÆKI..... | 37 |
| 6.7 MENNTUN | 37 |
| 6.8 SAMGÖNGUR | 40 |
| 6.9 STÖRF Á VEGUM RÍKISINS Á AUSTURLANDI..... | 41 |
| 7 SAMKEPPNISHÆFNI - SVÓT GREINING | 45 |
| STYRKLEIKAR..... | 45 |
| VEIKLEIKAR | 46 |
| TÆKIFÆRI..... | 47 |
| ÓGNANIR | 48 |

| | |
|--|-----------|
| 8 VAXTARSAMNINGUR AUSTURLANDS - SVIÐ OG TILLÖGUR..... | 49 |
| MATVÆLAFRAMLEIÐSLA | 49 |
| <i>Landbúnaður</i> | 49 |
| 1. Slátrun búfjár og kjötframleiðsla á Austurlandi..... | 50 |
| 2. Hreindýraslátturhús og kjötverkun..... | 51 |
| <i>Sjávarútvegur</i> | 52 |
| 3. Nýting á afurðum í mjöl og lýsisvinnslu til vöruþróunar..... | 52 |
| 4. Fullvinnsla á eldislaxi á Djúpavogi..... | 53 |
| <i>Klasar</i> | 54 |
| 5. Matvælaíðnaður á Vopnafirði..... | 54 |
| 6. Matvælaklasi Suð-Austurlands..... | 55 |
| 7. Matvælarannsóknir á Austurlandi..... | 56 |
| MENNTUN OG RANNSÓKNIR..... | 57 |
| 8. R&P tengd atvinnulífi á Austurlandi..... | 58 |
| 9. Netháskóli Íslands á Egilsstöðum..... | 59 |
| 10. Náttúruskólar á Austurlandi..... | 60 |
| 11. Staðbundið Háskólanám á Austurlandi..... | 61 |
| 12. Rannsókn og þekkingarsetur á Austurlandi..... | 62 |
| 13. Efla fullorðinsfræðslu, iðnám og símenntun..... | 63 |
| 14. Efla veg og virðingu verk-, list- og hönnunarnáms á framhaldsskólastigi..... | 64 |
| 15. Helgustaðanámusafn..... | 65 |
| 16. Mennta- og menningarmiðstöð á Vopnafirði..... | 66 |
| 17. Rannsóknasjóður Austurlands..... | 67 |
| MENNING OG FERÐAÞJÓNUSTA..... | 68 |
| <i>Menning</i> | 69 |
| 18. Listaverkagarður á Eiðum..... | 69 |
| 19. Draumasafn á Djúpavogi, safn og viðburðasetur..... | 70 |
| 20. Aldamótabærinn Seyðisfjörður..... | 71 |
| 21. Uppbygging safna, setra og ferðaþjónustu á Norðanverðu Austurlandi..... | 72 |
| 22. 700is - Árleg kvikmyndahátíð, Hreindýraland..... | 73 |
| 23. Ormsstofa..... | 74 |
| <i>Náttúra</i> | 75 |
| 24. Vatnajökulsþjóðgarður –Veturinn í ríki Vatnajökuls..... | 75 |
| 25. Vestdalseyri, uppbygging á afþreyingargarði í friðlandi..... | 76 |
| 26. Hreindýrasetur..... | 77 |
| <i>Atvinnulíf og sjávarútvegur</i> | 78 |
| 27. Sýningasetur sjávarútvegsins..... | 78 |
| 28. Frístundagarður á Mið-Austurlandi..... | 79 |
| <i>Klasa- og samstarfsverkefni</i> | 80 |
| 29. Álfheimar, Borgarfirði eystri..... | 80 |
| 30. Ferðaþjónustuklasi á Hornafirði..... | 81 |
| 31. Menningar- og ferðaþjónustuklasi..... | 82 |
| INNVIÐIR OG SAMFÉLAG..... | 82 |
| 32. Samgöngur á Austurlandi..... | 84 |
| 33. Alþjóðaflugvöllur á Egilsstöðum..... | 85 |
| 34. Alþjóðleg umskipunarhöfn í Reyðarfirði..... | 86 |
| <i>Velferðarmál</i> | 87 |
| 35. Velferðarstofa..... | 87 |
| 36. Tengslanet austfirskra kvenna..... | 88 |
| <i>Fjármál og atvinnuumhverfi</i> | 89 |
| 37. Efling verktakastarfsemi og samstarfs á Austurlandi..... | 89 |
| 38. Egilsstaðir, miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi..... | 90 |
| 39. Fjárfestingarsjóður Austurlands..... | 91 |
| <i>Önnur atvinnuþróunarverkefni</i> | 92 |
| 40. Reynsluverkefni á sviði smávirkjana..... | 92 |
| 41. Alþjóðleg birgðastöð við Gunnólfsvík..... | 93 |
| 42. Tankahreinsivél - útrás..... | 94 |
| 43. Skógarnytjar..... | 95 |
| VIÐAUKI I – VIÐTAL VIÐ IFOR WILLIAMS..... | 96 |

1. Formálsorð

Í þessari skýrslu er sett fram tillaga um framkvæmd vaxtarsamnings fyrir Austurland. Skýrslan er hluti af byggðastefnu iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins er varðar svæðisbundna vaxtarsamninga. Aukin alþjóðavæðing og opnun hagkerfa hefur á umliðnum árum aukið verulega samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, byggðum og svæðum, um skilvirkni og árangur. Aukna alþjóðavæðingu má glögglega sjá á sviði atvinnulífs, hvort sem um er að ræða útrás íslenskra fyrirtækja eða erlent samstarf á Íslandi. Sem dæmi má nefna EES-samninginn sem opnaði fyrir alþjóðlegt samstarf Íslendinga á flestum sviðum atvinnulífs sem leiddu til frjáls flæðis á sviði vöru, þjónustu, fjármagns og vinnuafis, auk samstarfs í rannsóknum og menntamálum. Á sama tíma hafa einstök svæði og byggðir fengið aukið hlutverk og ábyrgð, þar sem víða í heiminum, m.a. í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna verið í vaxandi mæli færð frá ríki til sveitarfélags. Vaxandi áhersla hefur verið lögð á uppbyggingu rannsóknaraðstöðu, háskólastarfs og samstarfs þess við atvinnulíf, sem og aukið samstarfi almennt í atvinnulífi.

Ófangreindar áherslur endurspeglast í þeim hugmyndum sem varpað er fram í þessari skýrslu um þróun samstarfs og uppbyggingu samstarfsneta/klasa í tengslum við meginatvinnugreinar og -vaxtarsvið á Austurlandi. Jafnframt undirstrika þær þá þróun sem hefur átt sér stað á Austurlandi á undanföllum árum t.d. í tengslum við aukið samstarf aðila í ferðaþjónustu og menningarmálum í gegnum Menningaráð og Markaðsstofu Austurlands og í málefnum er tengjast menntun og rannsóknum með tilkomu Fræðslunets Austurlands og stofnunar Þekkingarmats Austurlands. Þá hafa sveitarfélög og samtök þeirra á Austurlandi auk þróunarfélags Austurlands á síðustu árum verið í fararbroddi um aukið samstarf og tilfærslur verkefna frá ríki til sveitarfélaga allt frá velferðarþjónustu til menningarmála.

Hjá stofnunum á borð við OECD má einnig sjá vaxandi umfjöllun um svæðisbundinn hagvöxt, og stofnunin hefur aukið athuganir og ráðgjöf á þessu sviði. Þetta gefur sterka vísbendingu um að starf á þessu sviði sé mikilvægur hlekkur í samræmdri og skilvirkri efnahags-, skipulags- og hagþróun svæða og landa, þar sem alþjóðavæðing og samstarf óháð landamærum skiptir sífellt meira máli. Þróun á þessu sviði er ótvírátt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) með áherslu á samkeppnishæfni, þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Í nýlegri skýrslu OECD¹, koma áður nefnd atriði skýrt fram þar sem m.a. er lögð áhersla á 5 atriði en þau eru:

1. Uppbygging aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf – þekkingakjarnar.
2. Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukið fjármagn aðila.
4. Samkeppnishæf starfsskilyrði – efnahags- og gengismál, góðar samgöngur og menntun.
5. Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.

Segja má að þessi 5 atriði séu kjarninn í sókn atvinnulífs og svæða til aukinnar samkeppnishæfni og vaxtar í framtíð, þar sem byggðamál eru í raun orðin samofin við stefnu stjórnvalda í málum er varða atvinnuþróun, rannsóknir og nýsköpun og mynda því eina heild. Verkefnisstjórnin hefur lagt áherslu á þessi atriði. Áður nefnd þróun hefur gert kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, opinberra sem einkaaðila, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Á seinustu árum hefur mikilvægi aukins samstarfs í atvinnulífi komið í ljós, m.a. í formi klasa eins og vaxtarsamningar hér á landi byggja á. Þetta má glögg sjá víðsvegar um heiminn og bent hefur verið á í ýmsum skýrslum m.a. í ofangreindri skýrslu OECD.

Í nýlegri skýrslu segir Michael E. Porter prófessor hjá Harvard háskóla m.a. "Áhersla á klasa hefur þróast sem ein af megin aðferðum til að auka samkeppnishæfni og hagþróun svæða síðastliðinn áratug. Hundruð klasaverkefna hafa verið sett í gang víðsvegar um heiminn og fjöldinn fer vaxandi. Slíkar áherslur sem eru mismunandi í framkvæmd eru nú viðurkenndur hluti af efnahagslegri framþróun."² Mikilvægt er því að nýta slíka aðferðafræði og þekkingu til framþróunar á Íslandi, með innlendu sem erlendu samstarfi, eins og gert er í skýrslu þessari.

Í starfi verkefnisstjórnar hefur verið lögð áhersla á að virkja sóknarfæri svæðisins og hugmyndir íbúa og atvinnulífs er stuðlað gætu að nýsköpun og vexti atvinnulífs á svæðinu. Sú sýn, verkfæri og markmið sem hér eru sett fram eru veigamikill grunnur að frekari árangri í framtíð varðandi uppbyggingu svæðisins.

Á sama tíma er mikilvægt að starfsskilyrði atvinnulífs og byggða séu hér samkeppnishæf miðað við okkar samkeppnislönd – ekki síst í grundvallaratriðum s.s. gengis- og efnahagsmálum. Til að treysta sem best byggðarþróun einstakra svæða er afar mikilvægt að skapa kraftmikið, sjálfbært og skapandi ferli sem styður við skilvirkt samstarf og árangursrík verkefni í landsfjórðungum.

Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Austurlands

¹ Building Competitive Regions, Strategies and Governance, OECD 2005

² The Cluster Initiative Greenbook, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, forword by Michael E. Porter, 2003.

2. Niðurstöður og tillögur

NIÐURSTÖÐUR

Austurland á sér mikla möguleika til vaxtar og þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættum lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum og tækifærum sem fyrir hendi eru á svæðinu, sem og þeim áherslum og tillögum sem hér eru kynntar. Það er jafnframt mat og framtíðarsýn verkefnisstjórnar að fyrir árið 2020 verði íbúatala svæðisins um 20 þúsund. Í fjölskylduvænu samfélagi sem verður eftirsótt vegna atvinnutækifæra, góðrar þjónustu, möguleika til menntunar og nýtingu frítíma, sem byggist á fjölbreyttu, framþróðu, sérhæfðu og samkeppnishæfu atvinnulífi. **Gert er ráð fyrir að íbúum Austurlands í heild fjölgi árlega að meðaltali um a.m.k. 2,4%.**

Í umfjöllun verkefnisstjórnar var lögð áhersla á 5 megin atriði sem mikilvægt er að leggja áherslu á í stefnumótun og verkefnum í þessari skýrslu sem og annarri stefnumótun stjórnvalda er svæðið varðar.

1. *Bættar samgöngur sem forsendu hagþróunar í fjórðungnum og byggja upp eitt atvinnusvæði.*
2. *Uppbygging menntunar, aðstöðu (vísindagarða) fyrir háskóla- og rannsóknastarf.*
3. *Áhersla á samstarf og klasaupbyggingu og ráðgjöf á því sviði - vaxtarsamningar.*
4. *Auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana – klasar - aukid fjármagn aðila.*
5. *Áhersla á sérstöðu og styrkleika hvers svæðis fyrir sig – samkeppnishæfni atvinnulífs.*

Með hliðsjón af þessum áherslum má flokka tillögur um aðgerðir í þrjá flokka:

1. *Efla helstu byggðakjarna á Mið-Austurlandi, sem og jaðarbyggðir, s.s. Hornafjörð.*
2. *Tillaga um vaxtarsamning.*
3. *Aðrar tillögur um áherslur og verkefni.*

Vakin er sérstök athygli á mikilvægi samkeppnishæfra starfsskilyrða s.s. varðandi gengismál þar sem breytingar hafa mikil áhrif á afkomu atvinnulífs, hvort sem þau stunda útlutning eða eru á innlendum samkeppnismarkaði. Þetta á einnig við samgöngumál sem er hluti af innviðum hvers þjóðfélags.

TILLÖGUR

1. Efling helstu byggðakjarna, á Mið-Austurlandi, Hornafirði og jaðarsvæðum.

Markmið er að efla helstu byggðakjarna svæðisins s.s. Mið-Austurland, Hornafjörð og önnur jaðarsvæði. Kjarni stjórnsýslu, menntunar, rannsókna og þjónustu verði á Mið-Austurlandi auk þess sem jaðarsvæði verði eflid með tilliti til almennar þjónustu og ráðgjafa er fást við þróun og uppbyggingu atvinnulífs Sérstaklega verði horft til þess að byggja upp háskólasetur, rannsókn- og vísindastarf og að auka framboð og bæta aðgengi íbúa að háskólanámi í gegnum dreifnám og þróun á staðbundu háskólanámi.

2. Vaxtarsamningur

Gerður verði Vaxtarsamningur Austurlands frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Ávinningur vaxtarsamnings er að festa í sessi til langs tíma kraftmikið og skilvirkt starf sem miðar að auknum hagvexti svæðisins, auknum fjölbreytileika í atvinnulífi, efla svæðisbundna sérþekkingu og vaxtagreinar og fjölgun starfa. Þetta verði gert með því m.a. að stuðla að uppbyggingu og vexti klasa og tengslaneta helstu aðila á eftirfarandi kjarnasviðum:

- 1) Mennta- og rannsóknarklasi
- 2) Menningar- og ferðaþjónustuklasi.
- 3) Sjávarútvegs- og matvælaklasi.

Árlega verði varið að minnsta kosti 40 m.kr. til verkefnisins, sem fjármagnað verði af ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi. Skipuð verði stjórn Vaxtarsamnings sem í eigi sæti fulltrúar frá helstu aðilum á svæðinu.

3. Tillögur um beinar aðgerðir á einstaka sviðum

Samhliða því að starfsemi vaxtarsamnings komi til framkvæmda, er afar brýnt að ráðist verði í aðgerðir á einstaka sviðum. Forgangstillögum um aðgerðir er hér skipt í 4 megin flokka:

1. **Mennta- og rannsóknarklasi**
 - Netháskóli Íslands
 - Náttúruskólar á Austurlandi
 - Efling þekkingarsetra og staðbundið háskólanám
 - Mennta og menningarmiðstöð á Vopnafirði
2. **Menningar- og ferðaþjónustuklasi**
 - Vatnajökulsþjóðgarður –veturinn í ríki Vatnajökuls
 - Hreindýrasetur
 - Álfeimar á Borgarfirði eystri
 - Ferðaþjónustuklasi á Hornafirði
3. **Sjávarútvegs- og matvælaklasi**
 - Matvælarannsóknir á Austurlandi
 - Matvælaklasi Suðausturlands
 - Nýting á afurðum í mjöl og lýsisvinnslu
 - Matvælaíðnaður á Vopnafirði
4. **Tillögur á öðrum sviðum**
 - Samgöngur á Austurlandi
 - Efling verktakastarfsemi og samstarfs á Austurlandi
 - Reynsluverkefni á sviði smávirkjana
 - Skógarnytjar

Þessum tillögum sem og öðrum tillögum sem bárust frá ýmsum aðilum víðsvegar af Austurlandi, er öllum lýst aftar í skýrslu þessari. Áhersla er lögð á að vinna áfram með þessar tillögur í nánustu framtíð.

3. Inngangur

3.1 Almennt yfirlit

Iðnaðarráðherra Valgerður Sverrisdóttir skipaði í ágúst 2005 verkefnisstjórn til að annast stefnumörkun í byggðamálum Austurlands með því að gera tillögu að "Vaxtarsamningi fyrir Austurland". Óskað var eftir að í vinnu sinni taki verkefnisstjórnin mið af skýrslum sem unnar voru fyrir ráðuneytið og varða Eyjafjörð og Vestfirði. Verkefnisstjórn var gert að skila skýrslu til ráðherra innan árs, þar sem fram komi m.a. hvaða kostir komi helst til greina við að treysta vöxt og samkeppnishæfni svæðisins. Með tillögum skal fylgja áætlun um aðgerðir þar sem fram komi markmið þeirra, forsendur, ábyrgð á framkvæmd, þátttakendur, ásamt tíma- og kostnaðaráætlun. Verkefnisstjórn er beðin um að taka tillit til þarfa jaðarsvæða á Austurlandi s.s. Hornafjarðarsvæðisins.

Í undirbúningi vaxtarsamnings var lögð áhersla á samstarf einkaaðila og opinberra aðila víðsvegar að á Austurlandi, en slíkt samstarf er afar mikilvægt þegar treysta þarf samkeppnishæfni og hagþróun á viðkomandi svæðum. Samstarf er mikilvægt þar sem ábyrgð á byggðamálum er í vaxandi mæli að færast til svæðanna sjálfrá. Markmið starfsins er að stuðla að auknum hagvexti á svæðinu, fjölga atvinnutækifærum og treysta byggðakjarna svo þeir geti enn frekar sinnt því lykilhlutverki sínu að vera miðstöð atvinnu, menningar og þjónustu.

Í verkefnisstjórn voru skipuð;

Baldur Pétursson, deildarstjóri, iðnaðar- og viðskiptaráðuneyti og formaður verkefnisstjórnar,
Elín Magnúsdóttir, formaður bæjarráðs Höfn,
Albert Eymundsson, bæjarstjóri, Höfn,
Björn Hafþór Guðmundsson, sveitarstjóri, Djúpvaggi,
Eiríkur B. Björgvinsson, bæjarstjóri, Fljótsdalshéraði,
Guðný Björg Hauksdóttir, bæjarfulltrúi, Fjarðabyggð,
Þorsteinn Steinsson, sveitarstjóri, Vopnafirði,
Þorvaldur Jóhannsson, framkvæmdastjóri SSA,
Hilmar Sigurbjörnsson, Alcoa,
Óskar Garðarsson, fjármálastjóri Eskju hf, Eskifirði,
Halldór V. Kristjánsson, sérfræðingur, Byggðastofnun
Gísli Vilhjálmsson, hóteltstjóri, Höfn.

Með nefndinni störfuðu Stefán Stefánsson, Stefanía G. Kristinsdóttir og Kristbjörg Jónasdóttir frá Próunarfélagi Austurlands.

Í störfum verkefnisstjórnar var lögð áhersla á stefnu og verkefni sem líkleg eru til að skila árangri í styrkingu atvinnulífs og annarra búsetuskilyrða á Austurlandi. Meðal verkefna nefndarinnar er að huga sérstaklega að aðgerðum sem eru til þess fallnar að styrkja bæði byggðakjarna á Mið-Austurlandi sem og á jaðarsvæðum s.s. Hornafirði.

Hlutverk verkefnisstjórnar var einnig að gera tillögur til ráðherra um aðgerðir í byggðamálum fyrir Austurland fyrir næstu þrjú ár. Með tillögunum fylgir framkvæmdaáætlun þar sem fram kemur hver beri ábyrgð á framkvæmd einstakra verkefna, áætlun um kostnað þar sem það á við og tímasetning einstakra aðgerða.

Þær tillögur sem settar eru fram í skýrslunni byggja á fjórum meginstöðum: matvælaíðnaði, menntun og rannsóknum, menningu og ferðaþjónustu og öðrum tillögum sem tengjast m.a. innviðum, samfélagi og nýsköpun.

Meginmarkmið með Vaxtarsamningi fyrir Austurland er að auka hagvöxt, fjölga atvinnutækifærum og móta sameiginlega framtíðarsýn helstu hagsmunaaðila á Austurlandi. Til þess að hrinda samningnum í framkvæmd þarf samstillt átak allra helstu hagsmuna- og fagaðila á Austurlandi, sveitarstjórna, atvinnulífs, stöðkerfis atvinnulífsins og ríkisvaldsins. Vaxtarsamningur þessara aðila sem kynntur er hér á eftir, gæti markað Austurlandi mikla sérstöðu og markað ný spor í byggðamálum hér á landi, sem aðferðafræði við eflingu byggðakjarna, byggða á aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða.

3.2 Störf verkefnisstjórnar og heimildir

Verkefnisstjórn starfaði í 10 mánuði frá ágústlokum 2005 til júniloka 2006. Fulltrúar verkefnisstjórnar, starfsmenn Byggðastofnunar og Þróunarfélags Austurlands unnu greiningarvinnu, gagnasöfnum og kynntu samninginn á opnum fundum víða um fjórðunginn. Jafnframt var lögð áhersla á að kalla til bæði innlenda og erlenda sérfræðinga. Byggt á fundum verkefnisstjórnar og innsendum tillögum voru sett fram þrjú megin áherslusvið tengd; menningu og ferðaþjónustu, menntun og rannsóknnum, matvælaíðnaði bæði tengdum sjávarútvegi og landbúnaði. Auk ofangreindra sviða voru aðrar tillögur er ekki féllu undir ofangreind áherslusvið.

Í starfinu var leitast við að kalla til helstu hagsmunaaðila (einstaklinga, samtaka, atvinnulífs, sveitarfélaga og opinberra aðila) við mótun stefnu og sameiginlegrar framtíðarsýnar. Leitað var leiða til að auka og efla samstarf dreifbýlis og þéttbýlis. Meginmarkmið vaxtarsamningsins var að auka samkeppnishæfni landsfjórðungsins á öllum sviðum með hliðsjón af almennri þróun á umhverfi atvinnulífs og nýsköpunar í landinu og á alþjóðlegum vettvangi.

Í störfum verkefnisstjórnar var lögð áhersla á;

- **Samstarf og kynningu gagnvart hagsmunaaðilum og íbúum.** Haldnir voru 8 opnir kynningarfundir frá október til desember, í samstarfi við sveitarfélög á viðkomandi stöðum. Þar var meginhugmynd á bak við Vaxtarsamninga kynnt, tillögur frá viðkomandi stað ræddar sem og hugmyndir að nýjum tillögum, en fundir voru á Eskifirði, Djúpavogi, Höfn, Egilsstöðum, Vopnafirði, Borgarfirði eystri, Seyðisfirði og Stöðvarfirði. Einnig var brugðist við óskum ýmissa aðila um kynningu og ráðgjöf.
- **Mótun sameiginlegrar framtíðarsýnar tengdum áherslusviðum samningsins,** samanber stefnumótunarfundur helstu hagsmunaaðila og sérfræðinga í mars 2006.
- **Upplýsingaöflun og -miðlun frá innlendum og erlendum sérfræðingum.** Í tengslum við undirbúning skýrslunnar var leitað til innlendra sérfræðinga innan viðkomandi áherslusviða auk opins fundar með lfor Williams og ráðgjafar frá Arnold Verbeck sérfræðingi í foresight verkefnum sem unnin eru víða í Evrópu.
- **Skipulegri greiningu á sóknarfærum,** þar sem byggt var á greiningum Byggðastofnunar á styrkleikum og veikleikum svæðisins og áherslum verkefnisstjórnar og helstu hagsmunaaðila.
- **Skýrslugerð og greinagerðir til ráðherra,** en skýrslan var unnin af starfsmönnum Þróunarfélags Austurlands, Byggðastofnunar og verkefnisstjóra frá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Verkefnisstjórnin hélt 6 fundi, en upphafsfundurinn var á Höfn í Hornafirði þann 31. ágúst 2005 og lokafundur á Egilsstöðum 15. júní 2006. Auk þess var haldinn stærri stefnumótunarfundur um framtíðarmarkmið innan skilgreindra vaxtarsviða með helstu hagsmunaaðilum á Austurlandi, verkefnisstjórn og sérfræðingum tengdum áherslusviðum vaxtarsamningsins.

Heimilda og Gagnasöfnu. Við vinnslu verkefnisins var m.a. byggt á eftirfarandi heimildum:

- Niðurstöðum úr íbúaþingum í Fjarðabyggð og Fljótaldalshéraði, sjá www.fjardabyggd.is og www.egilsstadir.is
- Staðardagskrá, sjá www.samband.is
- Ályktunum Sambands sveitarfélaga á Austurlandi, sjá www.ssa.is
- Vegaáætlun, sjá www.road.is
- Gögnum úr vöktunarverkefni á Mið-Austurlandi frá Þróunarfélagi Austurlands
- Gögnum frá Hagstofu Íslands
- Viðtölum við hagsmunaaðila
- Framlögðum upplýsingum frá fulltrúum í verkefnisstjórn

Einnig var upplýsinga aflað á Internetinu. Leitast er við að geta heimilda við myndir og í neðanmálgreinum en ekki er sett fram sérstök heimildaskrá.

3.3 Vaxtarsvið og tækifæri framtíðar, stefnumótunarfundur

Þann 14. mars 2006 var haldinn stefnumótunarfundur um stefnumótun til framtíðar innan áherslusviða Vaxtarsamningsins. Að fundinum komu um 50 sérfræðingar og hagsmunaaðilar en þar var unnið í fjórum hópum sem tengdust menningu og ferðaþjónustu, matvælaíðnaði, menntun og rannsóknum og innviðum og samfélagi. Markmið fundarins var að:

- greina og ræða þróun viðkomandi sviða, fortíð, nútíð og framtíð, með áherslu á mótun um framtíðarsýn fyrir viðkomandi svið í fjórðungnum.
- skilgreina betur áherslur vaxtarsamnings fyrir Austurland og setja fram meginmarkmið innan ólíkra yfirsviða.

- ræða mögulegar aðgerðir, verkefni og fyrirliggjandi tillögur.

Fundurinn var skipulagður með hliðsjón af aðferðum sem beytt hefur verið í *foresight* verkefnum víða um Evrópu, en Arnold Verbeck sérfræðingur í evrópskum byggðarþróunar- og *foresight* verkefnum vann með starfsmönnum Þróunarfélags Austurlands að skipulagningu fundarins. Í febrúar og mars unnu starfsmenn Þróunarfélags-, Markaðs- og Menningarráðs Austurlands ásamt utanaðkomandi sérfræðingum að undirbúningi fundarins en verkefnið var að draga fram mynd af þróun og framtíðarhorfum í viðkomandi atvinnugrein, byggt á eigin reynslu t.d. úr alþjóðlegu samstarfi sérfræðinga. Í samráði við sérfræðinga var sett fram samantekt og tillaga að framtíðarsýn sem var ásamt SVÖT greiningu verkefnisstjórnar send þátttakendum. Í kjölfar fundarins lögðu viðkomandi sérfræðingar fram mat á fyrirliggjandi tillögum sem síðan var nýtt til að velja úr og þróa áfram tillögur inn í vaxtarsamninginn. Eftirfarandi sérfræðingar komu að viðkomandi hópum:

- Mennta og rannsóknasvið, Ívar Jónsson, prófessor hjá Viðskiptaháskólanum á Bifröst
- Matvælasvið, Friðrik Pálsson, sjálfstætt starfandi ráðgjafi með víðtæka reynslu úr sjávarútvegi.
- Menningar- og ferðaþjónustusvið, Rögnvaldur Guðmundsson, framkvæmdastjóri Rannsóknar- og ráðgjafar í ferðaþjónustu ehf.
- Innviðir og samfélag, Baldur Pétursson, verkefnisstjóri vaxtarsamninga hjá iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu.

Niðurstöður úr vinnu hópanna koma m.a. fram í skýrslunni í tengslum við framtíðarsýn og markmið á hverju áherslusviði auk þess sem eftir þeim var unnið við þróun þeirra tillagna sem kynntar eru í skýrslunni.

3.4 Klasasamstarf og alþjóðleg samkeppnishæfni svæða

Þann 8. maí var haldinn opinn fundur um klasasamstarf og vaxtarsamninga á Hótel Héraði. Þar var aðalframsögumaður Ifor Williams, sérfræðingur í klasasamstarfi, alþjóðlegri samkeppnishæfni og sérhæfingu svæða. Á fundinum var farið yfir sögu klasafræðanna og kynntar fyrirmyndir um sérhæfingu svæða á Ítalíu, Kanada og í Ástralíu.

Á fundi Williams með verkefnisstjórn var m.a. rætt hvernig íbúar Austurlands gætu best nýtt sér tækifæri tengd uppbyggingu álvers Alcoa á Reyðarfirði til að auka sérhæfingu og alþjóðlega samkeppnishæfni sína. Fram komu hugmyndir um að e.t.v. mætti byggja upp sérstakan klasa í kringum verktaka og sérfræðinga sem nú ynnu ýmis verkefni tengd álverinu. Með tilliti til þeirra 92 tillagna sem sendar voru inní vaxtarsamning er ljóst að eingöngu tvær þeirra tengdust áliðnaði. Ef til vill er ástæða þess sú að nú þegar er mikið að gerast í þessum efnum á Austurlandi og þegar hefur verið komið upp þjónustu/ráðgjöf við fyrirtæki sem vilja fara í samstarf eða bjóða í verkefni tengd álverinu, hjá Þróunarfélagi Austurlands, í samstarfi við Alcoa-Fjarðarál.

Í máli Ifor Williams kom m.a. fram að vaxtarsamningar og fyrirtækjaklasar hefðu gefist vel erlendis til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífínu. Á tímum vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni væri mikilvægt fyrir atvinnulíf og opinbera aðila að nýta slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gæfust tækifæri á hagnýtri samvinnu, en smæð fyrirtækja væri ekki vandamál heldur einangrun þeirra.

Með starfsemi vaxtarsamninga er markmiðið að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs og við tengda aðila innanlands sem erlendis. Ifor Williams lagði áherslu á mikilvægi sérhæfingar og að viðkomandi svæði byggðu á sérkennum sínum og þeim sviðum atvinnulífsins sem væru vænlegust til árangurs. Mikilvægt væri að Austurland skapaði sér sérstöðu sem byggði á styrkleikum svæðisins. Sjá nánar viðtal við Ifor í **Viðauka I** aftast í skýrslunni.

3.5 Eftirfylgnifundir á jaðarsvæðum

Í kjölfar stefnumótunarfundar var ákveðið að fylgja eftir markmiðum vaxtarsamnings um áherslur á jaðarsvæði með fundum með fulltrúum sveitarstjórna og hagsmunaaðila á Vopnafirði, Seyðisfirði, Djúpavogi og Hornafirði. Markmiðið með fundunum var að þróa áfram og forgangsraða tillögum frá viðkomandi svæðum auk þess að draga fram væntingar um árangur af vaxtarsamningsvinnunni. Á þessum fundum kom fram að:

- Ekki væri nóg að byggja upp ráðgjöf miðlægt heldur væri grundvallaratriði að veita fjármagni til uppbyggingar á svæðisbundinni þjónustu og ráðgjöf við þróunarverkefni hvort sem er tengd atvinnulífi, menntun, menningu eða ferðaþjónustu. Þannig gæti t.d. staða verkefnisstjóra, kostuð að hluta af vaxtarsamningi, tengd atvinnuþróun, menntun, menningu og ferðaþjónustu á Djúpavogi skipt sköpum fyrir sveitarfélagið í þróun og uppbyggingu

verkefna sem þegar eru í gangi og eru unnin í sjálfböðavinnu af íbúum, sem áfram kæmu að vinnunni en með tilstyrk sérhæfðs ráðgjafa.

- Þegar er mikið starf unnið í tengslum við klasamyndun og samstarfsnet á Hornafirði og kallar sveitarfélagið eftir stuðningi við þá vinnu í tengslum við framkvæmd vaxtarsamnings. Slíkt mætti setja fram með því að svæðið í kringum Hornafjörð yrði skilgreint sérstaklega í samningnum og/eða að stofnanir og setur á svæðinu tækju að sér rekstur klasa eða umsjón með ákveðnum vaxtarsviðum sem skilgreind eru í vaxtarsamningi.
- Auk þess að leggja áherslu á aukna nærþjónustu og ráðgjöf voru hagsmunaaðilar og fulltrúar sveitarfélagsins jákvæðir á að takast mætti að afla mótframlags við hugsanleg framlög frá vaxtarsamningi að því gefnu að slíkt framlag sem og framlag úr vaxtarsamningi nýttist sannanlega til uppbyggingar í atvinnulífi og samkeppnishæfni svæðisins.

Á öllum fundunum kom fram að lykilatriði varðandi áherslur vaxtarsamnings væru bætтар samgöngur og aukið fjármagn til nýsköpunar í atvinnulífi. Ólíkt stærri sveitarfélögum hafa þessi svæði ekki getað nýtt sér uppgang tengdum virkjana- og álversframkvæmdum á Mið-Austurlandi.

4. Forsendur, fyrirmyndir og framtíðarsýn

4.1 Svæðið og afmörkun þess

Þegar talað er um íbúafjölda á Austurlandi þá er um að ræða svæðið frá Bakkafirði (Skeggjastaðahreppi) í norðri og suður til Hafnar í Hornafirði. Þar eru eftirtalin sveitarfélög: Skeggjastaðahreppur, Vopnafjarðahreppur, Borgarfjarðahreppur, Fljótisdalshreppur, Fljótisdalshérað, Seyðisfjarðarkaupstaður, Fjarðabyggð, Breiðdalshreppur, Djúpvogshreppur og sveitarfélagið Hornafjörður.

Landshlutanum má skipta í þrjú megin svæði, Norðanvert Austurland (Bakkafjörður, Vopnafjörður), Mið-Austurland (Egilsstaðir, Seyðisfjörður, Eskifjörður, Reyðarfjörður, Norðfjörður, Borgarfjörður eystri, Fáskrúðsfjörður, Breiðdalsvík og Stöðvarfjörður), sunnanvert Austurland (Djúpvogur og Höfn). Á Austurlandi eru 13 þéttbýliskjarnar sem gegna ólíku hlutverki allt frá því að vera lítil sjávarpláss til stærri þjónustukjarna, sjá mynd.

Í vinnu verkefnisstjórnar var sérstaklega tekið á sjónarmiðum og stefnumörkun ákveðinna byggðakjarna sem og jaðarsvæða á Austurlandi. Þannig var gengið út frá því að Mið-Austurland kæmi til með að verða eitt atvinnusvæði með bættum samgöngum, samstarfi og sameiginlegri framtíðarsýn helstu hagsmunaaðila. Norð-Austurland gæti jafnframt orðið hluti af fyrrnefndu atvinnusvæði ef til kæmu umtalsverðar samgöngubætur í framtíðinni t.d. með göngum undir Hellið. Sömu áherslur eiga einnig við um Suð-Austurland, en jafnframt er ljóst að afar mikilvægt er að til komi bættar samgöngur til að unnt sé að tengja það svæði betur Mið-Austurlandi og efla svæðið sem eina heild í atvinnu-, þjónustu- og búsetumálum.



4.2 Áhersla á jaðarsvæði

Í undirbúningi skýrslunnar var leitast við að draga fram sjónarmið jaðarsvæða á Austurlandi, með sérstakri tilvísun í svæðið í kringum Hornafjörð. Með jaðarsvæðum er vísað til svæða er standa utan við vaxtarsvæði á Mið-Austurlandi og hafa á undanförunum árum reynt að stemma stigu við fólksfækkun og samdrætti í hefðbundnum atvinnugreinum á borð við sjávarútveg og landbúnað. Eitt megininkenni jaðarsvæða er lágt menntunarstig og hækkandi meðalaldur íbúa sem er ekki síst tilkominn vegna skorts á fjölbreyttum atvinnutækifærum fyrir ungt fjölskyldufólk sem sótt hefur sér menntun utan svæðanna og ekki snúið aftur.

Í þeim tillögum sem lagðar eru fram í skýrslunni er lögð áhersla á að samfélagsþróun tengda þekkingaruppbyggingu. Aðgengi að menntun og auknum rannsóknum og þróunarstarfi nýtist öllum svæðum í landsfjórðungnum hvort sem þau tilheyra jaðri hans eða miðju. Mikilvægt er að í framkvæmd samningsins verði lögð áhersla á að auka þjónustu og ráðgjöf í tengslum við nýsköpun og þróun atvinnulífs á jaðarsvæðum þannig að þar megi skapa aðstæður og innviði sem standast samanburð við stærri samfélög nærri byggðakjörnum á Mið-Austurlandi.

4.3 Hugmyndafræði, fyrirmyndir og forsendur

Í störfum nefndarinnar og mótun tillagna hefur verið lögð megin áhersla á samstarf og ráðgjöf við hina ýmsu aðila á svæðinu, einkaaðila sem opinbera aðila, atvinnulíf og launþega – sem og aukið samstarf á milli dreifbýlis og þéttbýlis. Á sama tíma hefur einnig verið lögð megin áhersla á nýjungar í vinnubrögðum um byggðamál og ráðgjöf erlendra sérfræðinga á sviði byggðamála – þar sem horft er til reynslu og þróunar, með hliðsjón af áhrifum alþjóðavæðingar á samkeppnishæfni atvinnulífs, svæða og einstakra landa. Segja má að forsendum þessara tillagna megi skipta í fernt:

1. Áhersla á sérstöðu og styrkleika svæðisins
2. Uppbygging háskóla- vísindastarfs og þekkingarkjarna
3. Aukið samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknarstofnana s.s. með klasasamstarfi.
4. Samkeppnishæfni og góð starfsskilyrði – sem forsenda sóknar.

Störf nefndarinnar taka mið af alþjóðlegum áherslum og nýjungum á sviði byggðamála. Horft hefur verið til reynslu Finnlands með kjarnauppbyggingu byggðar, þar sem áhersla er lögð á öflugt starf háskóla, rannsóknarstofnana og samstarf þessara stofnana við atvinnulíf, m.a. með samstarfsverkefnum og vaxtarsamningum sem hafa skilað góðum árangri. Kjarni í öflugri byggðaþróun er samkeppnishæfni svæða með öflugum samstarfi helstu aðila, ekki einungis innan viðkomandi svæða og landa, heldur og ekki síður á alþjóðavettvangi. Jafnframt er í tillögum nefndarinnar stuðst við erlenda reynslu og ráðgjöf á sviði byggðamála, þar sem nýtt er það sem vel hefur tekist erlendis.

4.4 Vaxtarsamningur – sjálfbær framkvæmd til sóknar

Til að tryggja framgang þessara áherslna verði slíkt gert með sérstöku skipulegu samstarfi einkaaðila og opinberra aðila - sem hér er kallað vaxtarsamningur – einskona sjálfbæru stjórnunar- og framkvæmdarferli. Í tillögum verkefnisstjórnar er lagt til að vaxtarsamningur gildi frá miðju ári 2006 til ársloka 2009. Stefnt skal að því að hann verði þá tekinn til endurskoðunar á sama hátt og gert hefur verið t.d. í Finnlandi.

Framkvæmdin miðar að frekari uppbyggingu viðkomandi kjarna með klasafyrirkomulagi og samstarfsneti aðila s.s. einstaklinga, háskóla, rannsóknarstofnana, atvinnulífs, sveitarfélaga og ríkis um slíka uppbyggingu, þar sem byggt verði á vinnuaðferðum er því tengjast, m.a. með öflugum ráðgjafa- og stuðningsferli á þessu sviði (sjá nánar kafla um klasa). Kostnaður vegna þessa samstarfs verði borinn af þátttökuaðilum, ríki, sveitarfélögum, stofnunum og atvinnulífi.

Kjarni í þessu starfi er uppbygging klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum sem og öðrum sviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Víða erlendis hefur starfsemi klasa fæst verulega í vöxt, ekki síst til að tryggja aukna samkeppnishæfni viðkomandi starfsemi atvinnulífs og svæða. Klasar geta því átt við hvort sem um er að ræða starfsemi í þéttbýli eða dreifbýli, þó að í báðum tilvikum sé æskilegt að ákveðnar forsendur í atvinnulífi séu til staðar, s.s. fjöldi fyrirtækja o.fl. Aukið mikilvægi klasa er ekki síst hluti af þróun alþjóðavæðingar og þeim breytingum sem orðið hafa í viðskiptaumhverfi á seinustu árum, ekki síst með auknu frjálsræði á öllum sviðum s.s. innan EES-samningsins.

Sterka klasa í atvinnulífi og byggðum má víða sjá á Vesturlöndum sem öðrum hlutum heimsins.. Verkefnisstjórnin hefur m.a. fengið hingað til lands alþjóðlega sérfræðinga á sviði klasa og kynnt sér slíkt fyrirkomulag erlendis eins og t.d. á Oulu svæðinu í Finnlandi, en þar hefur tekist að byggja upp alþjóðlegan klasa fyrirtækja á rafeindasviði á undanförunum árum, ekki síst á grunni klasa vaxtarsamninga eins og hér er byggt á. Varðandi nánari lýsingu á helstu atriðum Vaxtarsamnings er vísað í síðari kafla.

4.5 Framtíðarsýn

Það er mat aðila að Austurland eigi sér mikla möguleika til vaxtar, þróunar og aukinnar samkeppnishæfni, með þeim aukna fjölbreytileika og bættu lífskjörum sem því fylgir. Þetta byggist á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru á svæðinu, samhliða nýjum áherslum og aukinni sókn í þau tækifæri sem hægt er að nýta. Það er mat aðila að sýn til framtíðar byggist á þeim styrkleika og þeim miklu tækifærum sem framundan eru og mælt með því að hún verði eftirfarandi:

Fyrir árið 2020 verði:

- Fjöldi íbúa á Austurlandi orðinn um 20 þúsund í fjölskylduvænu samfélagi þar sem lífskjör eru góð. Austurland verði jafnframt orðið eitt atvinnu og þjónustusvæði með góðum samgöngum og tengingum við aðra landshluta og heimshluta.
- Atvinnulíf samkeppnishæft bæði hvað varðar nýjar atvinnugreinar og með þróun í hefðbundnum atvinnuvegum tengdum matvælaframleiðslu, með áherslu á gæði og ímynd tengda hreinleika svæðisins.
- Menntunarstig og umfang rannsókna og þróunarstarfs á Austurlandi sambærilegt við það sem almennt gerist í landinu og samkeppnishæft við það sem best gerist erlendis. Í tengslum við öflugt rannsókn- og þróunarstarf verði boðið upp á staðbundið háskólanám frá Austurlandi auk þess sem aukið framboð á dreifnámi næði til allra helstu fræðasviða.
- Fjöldi ferðamanna hafi aukist úr 200 í 500 þúsund og að tekjur aukist úr 4 í 14 milljarða, með aukningu í vetrarferðamennsku og lengri dvöl ferðamanna á svæðinu.

Umfjöllun um markmið, fjölgun íbúa og starfa til 2009 og til 2020


Í þessari skýrslu er gert ráð fyrir að íbúum Austurlands muni fjölga um 6 þúsund fram til ársins 2020, eða frá 13.710 í árslok 2005 í 19.752 í árslok 2020. Þetta þýðir að árleg fjölgun íbúa yrði um það bil 420 að meðaltali, eða um 2,4%. Útreikningur tekur mið af íbúapróun árunum 2000 til 2005. Sé miðað við 65% atvinnuþátttöku af íbúafjölda þýðir þetta fjölgun starfa á árunum 2004 til 2020, frá um 7.000 í um 12.800, eða 5800 störf. Sé horft til fyrsta tímabils vaxtarsamningsins frá 2006-2009 þýðir þetta fjölgun íbúa frá 13.710 til 14.970 í árslok 2009.

4.6 Framtíðarsýn svæða og áherslusviða - "Foresight"

Þann 14. mars s.l. var haldinn stefnumótunarfundur með sérfræðingum og hagsmunaaðilum á svæðinu auk sjálfstæðra sérfræðinga. Á fundinum var foresight aðferðarfræði beitt til að móta sameiginlega framtíðarsýn aðila á svæðinu varðandi ólík vaxtarsvið og klasa (sjá kafla 8). Hugmyndin var að fundurinn yrði nokkurskonar upphaf að foresight verkefni á Austurlandi,

verkefni sem yrði rekið samhliða vinnu við vaxtarsamning á árunum 2006-2009, sbr. mynd hér til hliðar.

Foresight verkefni hafa verið rekin á velflestum svæðum Evrópu síðastliðinn



áratug. Þau eru misjöfn að eðli og umfangi allt frá því að snúast um framtíðarspár varðandi þróun atvinnuvega, vísindagreina eða framtíðarspár um almenna þróun svæða. Þá hafa foresight verkefni verið sett af stað í tengslum við þróunaráætlanir ESB er snúa að byggðamálum. Foresight verkefni eru kerfisbundið samráðsferli sem felur í sér upplýsingasöfnun og greiningu á framtíðarmöguleikum til langs tíma samhliða mótun á framtíðarsýn.

Það sem greinir foresight verkefni frá hefðbundnum þróunaráætlunum er tímaramminn sem er skilgreindur 10-30 ár. Með því að nýta foresightferli við framkvæmd vaxtarsamnings er markmiðið að samhliða uppbyggingu klasa og framkvæmd verkefnatillagna verði markvisst hugað að vaxtarmöguleikum til framtíðar.

Með því að horfa til langs tíma við áætlanagerð breytast forsendur og skilyrði áætlana talsvert:

- Mörg vandamál er auðveldara að skilgreina en að leysa hér og nú. Með því að horfa til lengri tíma má kanna og þróa leiðir sem gætu hugsanlega leyst vandamál sem ekki er hægt að leysa á 2-4 árum, sbr. breytingar á stofnanaumhverfi, nýsköpunarumhverfi o.s.frv.
- Foresight nýtir ýmsar aðferðir við gagnaöflun og stefnumótun, meginlögmálið er að þróa aðferðir sem einfalda skilning á eðli framfara (progress), aðferðir sem leyfa að skoðaðir séu nokkrir valkostir í þróunarferlinu.
- Langtíma sjónarhorn gerir mat á málefnum og valkostum hlutlausara og skapar þannig svigrúm fyrir samstarf og samstöðu ólíkra hagsmunaaðila.
- Foresight greining getur auðveldað ákvarðanatöku og stefnumótun er varða áhersluþætti í samkeppnishæfni svæða í alþjóðlegu samhengi.
- Hefðbundnar þróunaráætlanir takmarkast oft við greiningu á stöðu og vandamálum viðkomandi svæða, sem síðan er tekið á í mörgum mismunandi áætlunum er tengjast m.a. nýsköpunarstefnu, stefnu í ólíkum atvinnugreinum, þróunaráætlunum í menntun og rannsóknnum o.s.frv. Foresight verkefni geta gegnt því hlutverki að samþætta og draga upp heildarmynd af valkostum í þróunarstarfi, þar sem áherslan er á mögulegar lausnir.

Oft er gott að byrja á almennri greiningu áður en farið er í sértækari verkefni. Niðurstöður foresight verkefna snúa að þeim áskorunum er varða nýsköpun á viðkomandi svæðum. Eftirfarandi eru nokkrar spurningar sem foresight verkefni leitast við að finna svör við:

- Hvaða framtíðarmöguleikar eru opnir á svæðinu byggt á greiningu á styrk- og veikleikum?
- Hvaða svið, tækni og atvinnugreinar ætti að leggja áherslu á til að styrkja samkeppnishæfni svæðisins?
- Hverjar eru horfur á mikilvægum mörkuðum sem tengjast starfsemi svæðisins?
- Hvaða breytingar koma til með að verða á markaðsaðstæðum fyrir mikilvægustu atvinnugreinar á svæðinu?
- Hvaða breytingar eru líklegar á félagslegu umhverfi og innviðum á svæðinu?

Eitt af mikilvægustu þáttum foresight verkefna er að skilgreina hagsmuna- og framkvæmdaraðila. Nauðsynlegt er að í hópi hagsmunaaðila séu fulltrúar bæði einkafyrirtækja og opinberra aðila á svæðinu sem og fulltrúar fyrirtækja og stofnana á landsvísu.

5. Vaxtarsamningur, einkenni og alþjóðlegar áherslur

Í þessum kafla er stuðst við efni frá skýrslum um vaxtarsamning Eyjafjarðarsvæðisins og Vestfjarða, auk þess sem tekið er mið af þeim stofnunum, klösum og samstarfsnetum sem þegar starfa á Austurlandi.


5.1 Helstu einkenni Vaxtarsamnings

Einkenni Vaxtarsamnings

- Sameiginleg stefnumörkun samstarfsaðila fyrir vaxtargreinar á svæðinu
- Tengir saman atvinnulíf, rannsóknarstofnanir, háskóla o.fl. í skipulegt samstarfsnet.
- Samanstendur af vaxtarklösum og stuðningsverkefnum

Eins og fram kemur hér eru einkenni vaxtarsamnings tengd sameiginlegri stefnumörkun og samstarfi helstu aðila er miða að uppbyggingu 3 vaxtarkjarna og tengslaneta er það varðar.

Hvað samstarfsformið varðar, má lýsa því með myndinni hér til hliðar, þar sem sjá má helstu aðila s.s. háskóla og rannsóknarstofnanir, ráðgjafa og vísindagarða þar sem þeir eru, atvinnulíf, svæðisstofnanir og fjármála-fyrirtæki sem og ríkis, bæja og sveitarfélaga. Framlag þessara aðila er í formi þekkingar og vísinda, verkefnastjórnunar, viðskipta, verkefnafjármögnunar og uppbyggingar innviða og fjármögnunar. Með samstarfi þessara aðila er mögulegt að móta samræmdari stefnu er varðar aukna samkeppnishæfni og vöxt atvinnulífs og svæðisins. Sjá mynd hér að ofan³.



Skipurit Vaxtarsamnings


Skipuriti vaxtarsamnings er lýst í eftirfarandi mynd (sjá næstu síðu), en aðild að stjórn eiga almennt fulltrúar helstu aðila á viðkomandi svæði eins og sýnt var hér að framan, s.s. frá atvinnulífi, háskólum, rannsóknarstofnunum, ríki, bæjum, sveitarfélögum, svæðastofnunum og fjármálastofnunum.

Skipuritið er sambærilegt og gerist hjá fyrirtækjum á markaði, þar sem stjórn annast stefnumótun en rekstur kemur í hlut framkvæmdastjóra og klasastjóra skv. nánari ákvörðunum og stefnu framkvæmdastjórnar. Hlutverk framkvæmdarstjóra er að annast rekstur vaxtarsamningsins en hlutverk klasastjóra er að hvetja til og efla samstarf / klasasamstarf fyrirtækja á markaði þeirra í milli og /eða við aðra aðila s.s. háskóla, rannsóknarstofnanir eða aðra aðila – innan eða utan svæðis.

Í framkvæmd vaxtarsamnings fyrir Austurland verður leitað til aðila sem þegar hafa ákveðið samræmingarhlutverk í tengslum við skilgreind vaxtarsvið/klasa. Þar á meðal má nefna aðila á borð við:

³ Heimild: Cluster Navigation Ltd.

- **Menningarráð Austurlands** sem hefur það hlutverk að vinna að stefnumótun í menningarmálum og auka tengsl milli aðila er tengjast menningar- og listastarfsemi á Austurlandi sem og að auka tengsl listamanna á svæðinu við erlenda aðila og svæði. Menningarráð sér um rekstur og úthlutun menningarstyrkja fyrir Austurland.
- **Ferðamálasamtök Austurlands** sem m.a. reka heimasíðuna www.east.is og **Markaðsstofa Austurlands** sem sér að mestu um rekstur síðunnar og þátttöku fjórðungsins í sýningum og markaðssetningu á innlendi og erlendra grund. Markaðsstofan starfar frá Djúpvogi til Vopnafjarðar en auk hennar er starfrækt ferðamálafélag Suð-Austurlands á Hornafirði.
- **Þekkingarnet Austurlands (ÞNA)** var stofnað 13. júní 2006 og hefur það hlutverk að hafa umsjón með þjónustu við nemendur í fjarnámi á háskólastigi, skipuleggja símenntun, þjónusta og vera samstarfsveitvangur fyrir aðila er stunda rannsóknir á Austurlandi. Netið er byggt upp af stofnaðilum, framkvæmdstjórn og þremur faghópum í tengslum við háskólanám, símenntun og rannsóknir. Við framkvæmd vaxtarsamningsins gæti verið ráðlegt að fela ÞNA klasastjórn í mennta- og rannsóknaklasa.
- **Samband sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)** sem hefur unnið markvissa stefnumótun varðandi sameiginlegar áherslur sveitarfélaga á Austurlandi á sviðum samgöngu-, menningar- og menntamála. SSA er virkur aðili á bak við ofangreind félög og samtök auk þess að vinna náið með Þróunarfélagi Austurlands. Mikilvægt er að SSA gegni lykilhlutverki í framkvæmd vaxtarsamnings, sérstaklega í tengslum við verkefni og ályktanir sem tengjast samgöngum, innviðum og samfélagi, málefnum sem ekki tengjast beint vaxtarsviðum samningsins en eru engu að síður lykilforsenda þess að árangur náist á öllum sviðum atvinnulífs og samfélagsþróunar.
- **Þróunarfélag Austurlands** hefur unnið með iðnaðar- og viðskiptaráðuneytinu að undirbúningi vaxtarsamnings á Austurlandi. Að félaginu koma sveitarfélög og stærri fyrirtæki á Austurlandi. Félagið hefur komið að margvíslegum samstarfs- og samræmingarverkefnum á Austurlandi, svo sem stofnun Menningarráðs, Markaðsstofu og Fræðslu- og Þekkingarnets Austurlands. Þá er félagið virkur þátttakandi í evrópsku þróunarsamstarfi, tekur þátt í vöktunarverkefni í tengslum við samfélagsleg áhrif Álvers Alcoa í Reyðarfirði og kemur að verkefnum og ráðgjöf til frumkvöðla og fyrirtækja á Austurlandi.
- **Frumkvöðlasetur Austurlands (FRUMA)** á Hornafirði, en markmið þess er að skapa einstaklingum, fyrirtækjum og stofnunum á Austurlandi þekkingarumhverfi, aðstöðu og umgjörð til að vinna að nýsköpun, athugunum, áætlunum og rannsóknum. FRUMAN hefur gegnt lykilhlutverki í mótun klasa og nýsköpunarverkefna á Hornafirði allt frá álaði til ferðabjónustuklasa.



Mikilvægt er að að nýta reynslu, tengsl og mannauð ofangreindra aðila við stefnumótun og framkvæmd á vaxtarsamningi Austurlands, t.d. með því að skilgreina hlutverk hvers og eins í því skipulagi sem sett hefur verið fram um framkvæmd vaxtarsamningsins.

Markmið Vaxtarsamnings

- Auka samkeppnishæfni svæðisins og efla hagvöxt.
- Að stuðla að markvissu samstarfi, stefnumótun og greiningu og hagnýtingu á framtíðartækifærum.
- Þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu.
- Að fjölga samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum.
- Nýta möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum. Að laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu. Að bæta samkeppnishæfni jaðarsvæða á Austurlandi, byggt á sérstöðu þeirra og vaxtartækifærum.


Markmið samningsins er að auka samkeppnishæfni svæðisins byggða á styrkleikum og tækifærum og efla þannig hagvöxt. Þetta verði gert með því að þróa og styrkja vaxtargreinar svæðisins og efla svæðisbundna sérþekkingu sem fjölgi um leið samkeppnishæfum vörum, þjónustu, fyrirtækjum og störfum. Jafnframt er mikilvægt að nýta með skilvirkum hætti möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegum verkefnum og tengslum og styrkja þannig Austurland sem alþjóðlega miðstöð sérþekkingar og laða að alþjóðlega fjárfestingu og þekkingu.

Sérstök áhersla verði á hina margvíslegu aðferðafræði er treysti samkeppnishæfni atvinnulífs og þar með svæðisins. Eitt af þeim atriðum sem mikilvægt er að vinna að er nýting á innlendum sem erlendum samanburðarrannsóknum á atriðum er varða samkeppnishæfni svæðisins við höfuðborgarsvæðið sem og samkeppnissvæði erlendis. Í þessu sambandi er mikilvægt að efla markvissa umfjöllun um samkeppnishæfni, s.s. með fundum og ráðstefnum, þar sem fengnir verða innlendir og erlendir sérfræðingar á þessu sviði, þar sem samkeppnishæfni er grundvallar forsenda árangurs til lengri tíma lítið.

Í tengslum við framkvæmd vaxtarsamningsins er mikilvægt að nýta þau tækifæri sem gefast til þátttöku í alþjóðlegum samstarfsnetum/-áætlunum og samstarfsnetum á borð við *Innovative Regions in Europe (IRE)*, *Northern Periphery Programme (NPP)*, *European foresight monitoring network (EFMN)* auk möguleika er kunna að opnast í tengslum við rannsókn- og nýsköpunaráætlanir Evrópusambandsins og annarra alþjóðlegra samstarfsáætlanna.

Framkvæmd Vaxtarsamnings

- Efla uppbyggingu klasa á ákveðnum kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast
- Veita ráðgjöf um klasa - er nái einnig til aðila utan kjarnasviða, sé þess óskað.
- Einstaka klasaverkefni verða sjálfstæð og óháð. Starfsemi einstakra klasa byggist á starfi sem þekkt er í klasaverkefnum. Vaxtarsamningur nái frá 2006 til ársloka 2009, en verði þá endurmetinn.
- Aðild að Vaxtarsamningi verði frá ríki, sveitarfélögum, atvinnulífi og stofnunum.
- Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Skilgreina markmið og starfsemi, m.a. vöxt og fjölda starfa eftir klösum. Áhersla verði lögð á samkeppnishæfni, samanburðarrannsóknir, verkefni o.fl. meginverkefni vaxtarsamnings er að stuðla að uppbyggingu klasa og tengslaneta helstu aðila á viðkomandi kjarnasviðum og verkefnum er þeim tengjast í skipulegt netsamstarf. Þetta verði gert með áherslum sem byggjast á starfslýsingum sem þekktar eru í klasaverkefnum og einstaka klasaverkefni verði sjálfstæð og óháð og starfi á forræði viðkomandi aðila. Einnig verði sinnt ráðgjöf um aukid samstarf á sviðum utan kjarnasviða verði þess óskað. Mikilvægt er að í upphafi starfstíma verði veitt upplýsingamiðlun s.s. í formi námskeiðs með innlendum og erlendum aðilum um framkvæmd klasa.



Vaxtarsamningur, staða, aðgerðir og áhrif verði einnig metin árlega. Eins og fram kemur á myndinni, er almennt hlutverk opinberra aðila, s.s. hvað fjármögnun varðar, meira en einkaaðila – þar sem hlutverk opinberra aðila er að styrkja þessa þróun eins og kostur er. Þegar frá líður og hlutur einstaklinga og fyrirtækja vex, minnkar að sama skapi hlutverk opinberra aðila. Hlutverk opinberra aðila er því að styðja við sjálfbæra þróun á þessu sviði. Til að annast framkvæmd þessa verði gerður vaxtarsamningur opinberra aðila og einkaaðila er nái frá 2006 til 2009. Ráðinn verði framkvæmdaraðili og ráðgjafi er sinni þessum störfum. Meðal verkefna þeirra verði að skilgreina vöxt og fjölda starfa innan klasanna. Það skal áréttað að vaxtarsamningur og uppbygging klasa er engin töfralausn, enda engar töfralausnir til í byggðamálum, eða áherslum er miða að aukinni samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða. Árangur byggist á langtímaáherslum og vinnu hinna ýmsu aðila, sem að málinu koma.

Fjármögnun og kostnaður Vaxtarsamnings

- Fjármögnun samningsins verði frá opinberum aðilum og einkaaðilum
- Gert er ráð fyrir að árlegur rekstrarkostnaður verði um 40 milljónir kr⁴, sem skiptist á milli ríkis, sveitarfélaga, einkaaðila og stofnana.
- Kostnaður er m.a. vegna starfsmanna sem sinna ráðgjöf um klasa, þróunarverkefna ofl.
- Kostnaður vegna rekstrar einstakra klasa verður borinn af viðkomandi aðilum.

Gert er ráð fyrir að fyrst um sinn verði fjármögnun að mestu frá ríkinu, þar sem um byrjunarverkefni er að ræða. Á síðari stigum verði hlutur einkaaðila, stofnana og sveitarfélaga á svæðinu hærri. Kostnaður vegna rekstrar og ráðgjafar einstakra klasa er hinsvegar borinn af viðkomandi aðilum. Í því sambandi er í meginatriðum gert ráð fyrir að í upphafi vinnu á sviði klasa geti viðkomandi aðilar fengið ráðgjöf gegn vægu gjaldi, en síðar verði greitt fyrir slíka ráðgjöf á markaðsverði.

Samstarfsaðilar vaxtarsamnings

Verkefnisstjórnin hefur ekki fjallað ítarlega um það hverjir kæmu að samstarfi um vaxtarsamning, en hins vegar er ljóst að æskilegt er að helstu aðilar á svæðinu sem málið varðar komi að slíku

⁴ Rekstrarkostnaður inniheldur m.a. aðkeypta sérfræðisþjónustu, ferðakostnað, laun framkvæmdastjóra og ráðgjafa, sem og allan annan rekstrarkostnað.

samstarfi. Það er því æskilegt að eftirfarandi aðilar komi t.d. að slíku samstarfi: ráðuneyti, Samband sveitarfélaga á Austurlandi, sveitarfélög, Þekkingarnet Austurlands, Menningarráð Austurlands, Markaðsstofa Austurlands, Ferðamálasamtök Austurlands, Frumkvöðlasetur Austurlands, Þróunarfélag Austurlands, Útflutningsráð, IMPRA nýsköpunarmiðstöð, Byggðastofnun, háskólar, þekkingarsetur, fyrirtæki, rannsóknarstofnanir, samtök atvinnurekenda og launþega á Austurlandi. Tekið skal fram að ekki hefur verið rætt við fulltrúa þessara aðila um slíkt samstarf að neinu marki, þó lauslega hafi verið minnst á slíka tillögu sem möguleika. Það er enda í verkahring stjórnvalda að ákveða framhald þessa máls.

5.2 Áhersla á 3 klasa / vaxtarkjarna


Klasar Vaxtarsamnings

Á umliðnum árum hefur vöxtur Austurlands sem og annarra svæða verið að þróast og byggst í meira mæli en áður á aukinni sérhæfingu á ákveðnum sviðum sem og styrkleikum svæðisins. Það er því tillaga verkefnisstjórnar að byggt verði á þessum styrkleikum og þeim tækifærum sem þeir um leið skapa með því að styrkja styrkja klasamyndun á eftirfarandi 3 kjarnasviðum:

- Sjávarútvegs – og matvæla-klasi
- Mennta- og rannsóknaklasi
- Menningar- og ferðapjónustuklasi

Atvinnustarfsemi á þessum þremur sviðum á Austurlandi byggir þegar á þeim styrkleikum sem fyrir hendi eru og hafa byggst upp á umliðnum árum. Ekki er því verið að “búa til” eitthvað nýtt enda ekki mögulegt að byggja

upp klasa frá grunni þar sem kjarni í slíku ferli myndast af þróun í atvinnulífinu sjálfu. Hinsvegar er hægt og afar mikilvægt, að stuðla að vexti þeirra klasa/kjarna sem fyrir eru eins og þeirra þriggja sem hér hafa verið nefndir þar sem þeir hafa sterkustu einkenni af klasa í atvinnulífi á svæðinu. Einstaka þáttum vaxtarsamningsins verður nú lýst nánar.



Klasar – framkvæmdir - aðgerðir

- Skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu
- Skapa aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði
- Auka samvinnu aðila í rannsóknum og þekkingarfyrirtækjum
- Nýta mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun
- Stuðla að uppbyggingu innlendra og erlendra tengslaneta milli aðila á viðkomandi sérsviðum
- Bæta samhæfingu aðgerða sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á sínum sérsviðum

Framkvæmd vaxtarsamnings er að skapa aðstæður fyrir nýsköpun og markaðssetningu og aðstæður til að nýta nýjustu þekkingu á hverju sviði, með öflugum samstarfi aðila. Þetta verði gert með skilvirku samstarfi aðila í rannsóknum og þekkingariðnaðarfyrirtækjum til að nýta sem best mannauð og styrkja og auka starfsþjálfun og menntun. Með samstarfinu verði ekki síður stuðlað að svæða-, lands- og alþjóðlegum tengslanetum milli aðila á viðkomandi sérsviðum. Einnig verði stuðlað að samhæfingu og aðgerðum sveitarstjórna, svæðastjórna og landsstjórnar á viðkomandi sérsviðum.

ÞRJÁR STÖÐIR VAXTARSAMNINGS

Til viðbótar því að efla klasastarfsemi og tengslanet byggir starfsemi vaxtarsamnings á þremur megin stöðum, þ.e.

1. Samkeppnishæfum og hagstæðum starfsskilyrðum og –umhverfi. Góðum samgöngum.
2. Stuðla að framkvæmd tillagna í þessari skýrslu, sem og öðrum tillögum sem fram koma á tímabilinu. Stuðla að alþjóðlegu samstarfi og samskiptum, bæði varðandi stefnumótun og framkvæmd einstakra verkefna.
3. Stoðstarfsemi við atvinnulíf. Stuðla að öflugum samstarfi háskóla, atvinnulífs, þekkingarsetra og rannsóknarstofnana

Í fyrstu stoð er átt við almenn starfsskilyrði atvinnulífs hér á landi. Alþjóðlega samkeppnishæf starfsskilyrði eru forsenda fyrir samkeppnishæfni íslensks atvinnulífs og svæða. Starfsskilyrði atvinnulífs á Austurlandi þurfa að vera samkeppnishæf við önnur svæði hérlendis sem erlendis, þar sem atvinnulíf er orðið mjög hreyfanlegt og alþjóðlegt. Góðar samgöngur eru mikilvægur þáttur í eðlilegum starfsskilyrðum atvinnulífsins en í skýrslunni er að finna tillögur verkefnisstjórnar á því sviði.



Í annarri stoð er vísað til þeirra tillagna sem eru kynntar í skýrslunni. Tillögum er skipt í forgangstillögur og aðrar tillögur, flokkaðar eftir áherslusviðum. Eitt af þeim verkefnum sem stjórn vaxtarsamnings þarf að sinna, er að vinna að því með viðeigandi aðilum að þessum tillögum verði komið í framkvæmd. Annar hluti þessarar stoðar er að teysta alþjóðleg samskipti aðila á svæðinu. Mikilvægt

er að treysta sem best vaxtarmöguleika svæðisins þar sem þeir styrkleikar og tækifæri sem nýta má til vaxtar, byggja m.a. á auknum alþjóðlegum verkefnum og tengslum.

Í þriðju stoð er átt við stoðstarfsemi við atvinnulíf samanber þá þjónustu sem til staðar er hjá ráðgjafaraðilum á vegum opinberra aðila eða einkaaðila. Aðilar í stoðumhverfi atvinnulífsins á Austurlandi eru m.a., Menningarráð-, Markaðsstofa-, Framkvæðasetur-, Þróunarfélag- og Þekkingarnet Austurlands. Þjónusta og ráðgjöf stoðumhverfis atvinnulífsins er mikilvæg t.d. hvað varðar ráðgjöf við klasa og netsamstarf. Að lokum er mikilvægt að stuðla að öflugu samstarfi þekkingarsetra í fjórðungnum við háskóla, rannsóknarstofnanir og atvinnulíf í fjórðungnum og utan hans.


5.3 Einkenni og ávinningur af starfsemi klasa

Klasaverkefni er skipulegt ferli til að auka vöxt og samkeppnishæfni innan svæða. Þeim árangri verður ekki náð nema með þátttöku fyrirtækja, stjórnvalda, háskóla og rannsóknastofnanna. Á undanföllum árum hafa klasaverkefni orðið miðpunktur í ferli við að auka vöxt og samkeppnishæfni klasa.



Mvnd: Frammistöðumodel klas. Heimild: Cluster Navigation Ltd.

Í umfangsmiklum könnunum sem framkvæmdar hafa verið á meðal klasa víðsvegar um heiminn í Ameríku, Evrópu, Ástralíu og Nýja Sjálandi,⁵ hefur komið fram að 85% þeirra sem tekið hafa þátt í klösum telja að klasar hafi aukið samkeppnishæfni þeirra fyrirtækja og 89% telja að það hafi aukið vöxt. 81% telja að þeir hafi náð sínum markmiðum, á meðan einungis 4% telja að markmið hafi ekki náðst.




Helstu markmið innan klasa má flokka í 6 flokka en þeir eru: Rannsóknir og netsamstarf, vöxtur klasa, samvinna milli fyrirtækja, menntun og þjálfun, nýsköpun og tækni, og hagsmuna-gæsla. Þetta má sjá á mynd á blaðsíðu 22. Á mynd hér að ofan má sjá algeng og sjaldgæfari markmið klasa⁶.

Ávinningur svæðisins – aukinn hagvöxtur

Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur gert verulega auknar kröfur til fyrirtækja en ekki síður til einstakra byggða og svæða um skilvirkari, markvissari og gegnsærri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála.

Á síðustu árum hefur orðið ótvíræð þróun frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy), þar sem uppruna hagvaxtar má í vaxandi mæli rekja til byggða- og vaxtarkjarna, frekar en einstakra atvinnugreina. Þetta má m.a. sjá á mörgum svæðum innan hinna ýmsu landa bæði í Bandaríkjunum og Evrópu. Aukið hlutverk og ábyrgð á þessu sviði kemur því í vaxandi mæli í hlut einstakra svæða (decentralisation approach to local players). Þetta krefst nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bera á þessum málum (Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.4).



Breyttar aðstæður og þessi þróun byggir ekki síst á aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða, vegna kjarnamyndunar, netsamstarfs og klasa í atvinnulífi. Af þessum sökum er afar mikilvægt fyrir hagvöxt og framþróun viðkomandi svæða að styrkja netsamstarf og klasastarf atvinnugreina sem kostur er.

Verulegur árangur hefur orðið af klasamyndun víða erlendis, s.s. kringum Silicon Valley í Kaliforníu, Oulu í Finnlandi og fjölmörgum svæðum á N-Ítalíu, en þar hefur þróast mikil sérhæfing einstakra svæða, þar sem atvinnulíf er leiðandi á alþjóðamörkuðum á viðkomandi sviðum (sjá mynd hér að ofan). Sem dæmi um vöxt klasa má nefna Oulu svæðið í Finnlandi en þar hefur

⁵ The Cluster Initiative Greenbook

⁶ Heimild: Cluster Navigation Ltd.

tekist að byggja upp klasa hátæknifyrirtækja sem er leiðandi á alþjóðamörkuðum en innan þessa klasa er m.a. fyrirtækjarisinn Nokia.

Ávinningur atvinnulífs – bætt afkoma

Hver er annars vegar ávinningur atvinnulífsins af vaxtarkjörlum? Af hverju ættu fyrirtæki að huga að netsamstarfi eða klasamyndun? Og er það þess virði? Á sama hátt og það hefur verið ávinningur svæða að styrkja starfsemi klasa og netsamstarf til að efla samkeppnishæfni svæða og hagvöxt þeirra, er það ekki mögulegt nema að vöxturinn komi fyrst frá atvinnulífinu.

Sá árangur sem einstök svæði hafa náð á grunni klasa og netsamstarfs hefur því byggst á auknum vexti fyrirtækjanna og um leið bættri afkomu og auknum hagnaði. Það er sá ávinningur sem atvinnulíf getur átt von á, takist verkefni á sviði netsamstarfs og klasa í viðkomandi tilfellum. Á einstaka svæðum á Austurlandi er þegar fyrir hendi ákveðin kjarnamyndun í atvinnulífi, en “kjarni” málsins er einfaldlega að beita þeim vinnubrögðum sem skila árangri til vaxtar, sóknar og aukinnar samkeppnishæfni, m.a. auknu netsamstarfi fyrirtækja.

Ef fyrirtæki vilja kanna möguleika á auknu netsamstarfi á ákveðnu sviði geta þau einfaldlega óskað eftir aðstoð ráðgjafa sem aðstoða þá fyrirtæki við að greina möguleika og valkosti - óháð því í hvaða starfsemi fyrirtækið er verði þessar tillögur að veruleika. Gert er ráð fyrir að byrjunaraðstoð verði gegn vægu gjaldi upp að vissu marki, en þá verði um hefðbundna ráðgjafabjónustu að ræða. Þetta á þó eftir að útfæra nánar. Aukið netsamstarf hefur ekki síst skilað auknum árangri í ýmsu markaðsstarfi fyrirtækja. Netsamstarf getur þó orðið með ýmsu móti og tengst ýmsum þáttum í starfsemi, allt frá rannsóknnum til markaðsmála.

Í erlendum rannsóknum hefur komið fram að árangur af starfsemi klasa einkennist m.a. af miklu netsamstarfi og trausti - samkeppni og samstarfi - miklum hreyfanleika og markvissri upplýsingaöflun - landfræðilegri nálægð - sérhæfðri opinberri fjárfestingu og stefnumótandi forystu og nánu bandalagi aðila (Sjá nánar umfjöllun í kafla 5.4).




Starfsemi klasa - Dæmi

Þegar fjallað er um klasa er mikilvægt að fram komi í hverju klasi og netsamstarf felast. Í meginatriðum má segja að aðilar og helstu atriði í starfsemi klasa skiptist eftirfarandi 3 flokka:

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði.
2. Tengsl þeirra við helstu þjónustu- og aðfangasala.
3. Starfsskilyrði og þjónusta á viðkomandi svæði.

1. Leiðandi fyrirtæki á viðkomandi sviði og svæði.

Í fyrsta lagi er um að ræða þau kjarnafyrirtæki sem mynda viðkomandi klasa. Þannig væri ferðabjónustuklassi myndaður af fyrirtækjum á borð við ferðaskrifstofur og flugfélög. Um væri að ræða helstu fyrirtæki á viðkomandi sviði. Á milli þessara aðila væri samstarf sem byggði á gagnkvæmum ávinningi um aukna samkeppnishæfni, vöxt og frekari þróun á einstaka sviðum rekstrar og markaðsmála, sem aðilar koma sér saman um.



Mynd: Ávinningur atvinnulífs af starfi klasa, samkv. erl. athugunum.⁷

2. Nettengsl þjónustu- og aðfangasala.

Í öðru lagi er um að ræða tengsl þessara kjarnafyrirtækja við helstu þjónustu- og aðfangasala. Markviss tengsl og samstarf við þessa aðila geta treyst og eft samkeppnishæfni og rekstrarskilyrði klasans.

Þetta samstarf er mikilvægt til að hraða þróun og vexti fyrirtækjanna, með sameiginlegum áherslum á þá þætti sem skipta mestu máli fyrir viðkomandi klasa. Í þessu sambandi geta áherslur verið þess eðlis að það borgi sig að vinna að sameiginlegum áherslum í samstafi aðila, þar sem slík vinna væri tæplega á færi eins fyrirtækis.

3. Starfsskilyrði og þjónusta.

Grunnurinn að árangursríkum rekstri fyrirtækja og klasa er að fyrir hendi sé samkeppnishæft starfsumhverfi. Í því sambandi er átt við atriði s.s. mannauð, aðgengi að menntuðu og þjálfuðu vinnuafl, aðgengi að fjármagni, starfsskilyrði atvinnulífs almennt, tæknistig á svæðinu, sem og alla aðra innri gerð svæðisins. Þar er átt við atriði s.s. samgöngur innan sem til og frá svæðinu. Kjarni málsins í starfsemi klasa er einfaldlega að nýta kosti skipulegs samstarfs til að auka samkeppnishæfni viðkomandi fyrirtækja og um leið svæðisins. Með aukinni alþjóðavæðingu og aukinni samkeppni innanlands og erlendis er nauðsynlegt að beita öllum þeim atriðum sem fyrir hendi eru og gefist hafa vel til að ná auknum árangri.

Á tímum alþjóðavæðingar og breyttra aðstæðna er einfaldlega meira undir einstaka svæðum komið hvernig þeim tekst að spila úr þeim styrkleikum og tækifærum sem eru til staðar.

Á sama tíma hafa kjarnasvæði vaxandi hlutverki að gegna í hagþróun viðkomandi landa, af ástæðum sem rekja má til breyttra aðstæðna, opunar markaða og aukins frelsis á öllum sviðum sem og aukinni alþjóðlegri samvinnu og alþjóðavæðingu, eins og glögg má sjá m.a. með EES-samningnum. Allt þetta eru breytingar á aðstæðum og starfsskilyrðum sem krefjast um leið breyttra vinnubragða, til að auka samkeppnishæfni og hagvöxt. Eitt af þeim atriðum sem gagnast geta í þessari samkeppni er starfsemi klasa, þrátt fyrir að slíkt kunni ekki að henta í öllum tilvikum.

⁷ The Cluster Initiative Greenbook, Örjan Sövell, Göran Lindqvist, Christian Ketels, forword by Michael E. Porter, 2003

Í lokin er ekki úr vegi að velta fyrir sér hvað sé klasi. Nokkrar skilgreiningar eru til á því, en sú sem er hvað þekktust er skilgreining Michael Porters, prófessors við Harvard háskóla í Bandaríkjunum, en hann skilgreinir klasi á eftirfarandi hátt: **“Klasi er hópur fyrirtækja, þjónustuaðila, stofnana og tengdra aðila á sama svæði og á ákveðnu sviði sem keppa hver við annan – en hafa einnig með sér náð samstarf.”**


5.4 Klasar til aukinnar samkeppnishæfni

Eins og áður hefur komið fram er mikilvægt að vinna að auknum vexti og samkeppnishæfni atvinnulífs og byggja með öllum þeim leiðum sem hægt er, m.a. með aukinni starfsemi klasa og netsamstarfs. Fjöldmörg dæmi eru um árangur á einstaka svæðum með starfsemi klasa, og jafnframt hefur verið rannsakað hvaða þættir það eru sem eru hvað mikilvægastir við uppbyggingu klasa og netsamstarfs í atvinnulífi. Það mól sem hvað helst er horft til í þessari skýrslu er það starf sem unnið hefur verið á þessu sviði á Oulu svæðinu í Finnlandi og hefur þegar verið lýst.



Einnig og ekki síður hefur verkefnisstjórnin unnið að því að fá til landsins erlenda þekkingu er varðar uppbyggingu og ráðgjöf við atvinnulíf til að efla starfsemi klasa og auka netsamstarf á milli fyrirtækja. Þess er þó að geta að ekki er um einhverjar töfralausnir að ræða heldur langtíma starf sem skilar árangri í þeim tilvikum sem slíkt hentar og þar sem unnið er að málum á markvissan og faglegan hátt til lengri tíma.

Þann 8. maí hélt klasasérfræðingurinn Ifor Williams fund með helstu hagsmunaaðilum og verkefnisstjórn vaxtarsamnings fyrir Austurland. Ifor hefur haldið fjölda fyrirlestra og námskeiða um þessi mál víða um heim fyrir fyrirtæki, opinbera aðila og alþjóðastofnanir s.s. OECD og Alþjóðabankann.



Fundurinn var ætlaður fyrirtækjum, stofnunum, opinberum aðilum, sveitarfélögum, samtökum, atvinnuráðgjöfum og öðrum er fást við að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og svæða, m.a. með markvissri uppbyggingu klasa og tengslaneta í atvinnulífi. Fundurinn miðaði að því að efla þekkingu innlendra ráðgjafa og fyrirtækja á þessu sviði. Ifor fór í gengum helstu atriði sem skipta máli við aukið netsamstarf og uppbyggingu og var því skipt í 12 flokka, sjá eftirfarandi töflu. Nánari upplýsingar um þessa aðferðafræði má finna hjá Iðntæknistofnun, sem og hjá starfandi vaxtarsamningi t.d. Vaxtarsamningi Eyjafjarðar, sjá nánar á www.klasar.is.

Á Austurlandi má finna nokkur dæmi um árangursríkt klasasamstarf svo sem Austurlamb (sameiginlega markaðssetningu bænda á lambakjöti), Héraðsverk (samstarfsvettvang verktaka) og samstarfsvettvang á borð við Markaðsstofu og Menngarráð Austurlands. Þá hafa aðilar á borð við Þróunarfélagið og Frumkvöðlasetur Austurlands unnið að auknu samstarfi verktaka, ferðaþjónustuaðila og matvælaframleiðenda á Austurlandi í tengslum við innlend og erlend þróunarverkefni.

Klasar og Netsamstarf

12 þrep til vaxtar og þróunar

1. Kynning á notagildi

Kynning á notagildi klasa fyrir mögulegum þátttakendum og þýðingu þeirra fyrir hagþróun viðkomandi svæða.

2. Skilgreiningin á klösum innan svæða

Skilgreiningin á frumklösum og þróuðum klösum og forgangshlutverki þeirra í þróun. Þetta varðar m.a. skilgreiningu á viðfangsefni, umfang, fyrstu skref og þróun.

3. Greining á klasa

Söfnun upplýsinga er varða klasa innan svæðisins. Markmið og ferli skilgreind, umfang, samanburðargreining, fyrstu rannsóknir, tengsl við aðila í atvinnulífi, flokkun og áætlunargerð.

4. Stofnun stjórnar og hlutverk leiðtoga

Stjórn klasa og hlutverk, samstarf opinberra aðila og einkaaðila, aðkoma hagsmunaaðila, hlutverkaskipting – aðkoma ráðgjafa.

5. Stefnumótandi áætlun

Mótun á sýn klasa til framtíðar, þróun á stefnu og áætlunum.

6. Skilgreining á áföngum

Skilgreining á megin viðfangsefnum og framkvæmdaratriðum, tímasetning aðgerða.

7. Aðgerðaráætlun

Forgangsatríði til skamms tíma, fyrstu aðgerðir og áherslur, stofnun vinnuhópa, styrking tengsla, fjölbreytileiki aðgerða, hlutverk verkefnisstjóra.

8. Kynning á klasa

Kynning á viðkomandi klasa, hverjir standa að samstarfinu, helstu áherslur o.fl.

9. Þróun klasa

Frekari uppbygging og styrking í klasastarfi, með skipulegu starfi og verkferlum.

10. Frekari útfærsla stefunnar

Útfærsla á stefnu til lengri tíma - samkeppnisgreining, samanburður og frekari þróun. Tengsl við tengda klasa og fyrirtækjahópa, markaðssetning "branding" klasans, árlegir kynningarfundir á svæðinu o.fl.

11. Endurmat á starfinu

Reglulegt mat á starfsemi, samkeppnishæfni klasans, endurmat á verkefnum og áherslum.

12. Aukið umfang og vöxtur

Frekari skref til aukins vaxtar og samkeppnishæfni klasans. Sampætting klasastarfs við efnahagsstarfsemi á svæðinu, tenging við aðra klasa innan og utan svæðis sem og alþjóðlega starfsemi. Aukið hlutverk menntastofnana, rannsóknarstofnana o.fl., miðlun þekkingar og reynslu. Klasar og erlend fjárfesting – klasar sem sjálfbært þróunarferli.

Heimild: Cluster Navigation Ltd.

5.5 Áherslur í ríkjum OECD

Í byrjun árs 2003 átti hluti verkefnisstjórnar Byggyðapróunar á Eyjafjarðar þess kost að sitja alþjóðlega ráðstefnu OECD um byggðamál. Helstu áherslur ráðstefunnar voru eftirfarandi:⁸ Á umliðnum árum hafa einstök svæði og byggðir hvarvetna fengið aukið hlutverk og ábyrgð á sviði sveitarstjórna- og byggðamála, þar sem víða í heiminum, m.a í Evrópu, hefur framkvæmd og umsjón ýmissa verkefna á sviði byggðamála verið í vaxandi mæli færð frá opinberri stjórnarsýslu s.s. ráðuneytum - til svæðanna sjálfra. Þessi þróun hefur gert auknar kröfur um aukið samstarf á milli hinna ýmsu aðila, innan og utan viðkomandi svæða, opinberra sem einkaaðila, þar sem grunnur að skilvirkri byggðastefnu byggir á fjölmörgum samverkandi efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum. Í þessu sambandi má helst líkja skilvirku starfi á sviði byggðamála

⁸ Sjá einnig vef Verkefnisstjórnar um byggðapróun við Eyjafjörð. http://www.brsi.is/brsi/brsi_pr_byggdaeyja.htm

við starfsemi fyrirtækja, þar sem samkeppnishæfni einstakra byggða byggir í vaxandi mæli á fjölmörgum þáttum innan og utan þeirra, á sama hátt og samkeppnishæfni einstakra fyrirtækja. Opnun hagkerfa og aukin alþjóðavæðing hefur einnig gert verulega auknar kröfur á hendur einstökum byggðum, svæðum og fyrirtækjum, um skilvirkari, markvissari og gegnsæri vinnubrögð sem taka mið af þessari þróun, ef ná á árangri á sviði byggðamála. Innan OECD hefur verið í auknum mæli lögð áhersla á rannsóknir, athuganir og ráðgjöf á sviði byggðamála á umliðnum árum, sem kemur m.a. fram í vaxandi og fjölmörgum athugunum OECD á byggðamálum einstakra svæða og landa. Þessar athuganir byggja á mörgum, efnahagslegum, félagslegum og menningarlegum þáttum og tengslum viðkomandi svæða og landa, sem miða að því að treysta og efla sjálfbæra þróun byggða, sem taka mið af þeim breytingum sem orðið hafa á umliðnum árum.

Á nýlegri ráðstefnu OECD taldi framkvæmdastjóri OECD, *Donald Jonston*, að byggðastefna einstakra svæða og landa hafi ekki skilað nægjanlegum árangri. Hann taldi hinsvegar að þróun á þessu sviði væri ótvírætt frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið væri tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta.

Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach, to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. Hann minntist einnig á LEED verkefnið innan OECD, sem sérlega áhugaverðan vettvang í þessu sambandi, þar sem, stofnanir, fyrirtæki og háskólar eru aðilar LEED, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum, rannsóknum og verkefnum. Á ráðstefnu OECD var sérstaklega fjallað um eftirfarandi málaflokka:

- **Samkeppnishæfni einstakra svæða**
- **Hlutverk einstakra ríkja við setningu reglna á sviði byggðamála**
- **Ábyrgð atvinnulífs varðandi byggðaðróun viðkomandi svæða**
- **Einkenni og ímynd svæða – áherslur og verkefni**
- **Stefna varðandi endurbyggingu þeirra svæða sem eiga í vanda**
- **Hvað geta svæðastjórnir gert á sviði skipulagsmála**

Ekki verður fjallað um hvern þessara þátta í smáatriðum heldur einungis rakin þau megin atriði sem til umfjöllunar voru. Niðurstöður ráðstefnunnar má flokka í eftirtalin atriði:

- **Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða**
- **Aukin völd og ábyrgð svæða – aukin dreifstýring**
- **Mikilvægi samstarfs á milli hinna ýmsu hópa um byggðamál**
- **Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál**
- **Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna**
- **Aukið sjálfstæði svæða, kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra**
- **Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til**

Helstu atriði hvers þáttar um sig verða nú nefnd.

Mikilvægi samkeppnishæfni svæða og byggða

- Opnun markaða og hagkerfa hefur aukið samkeppni og kröfur á hendur atvinnulífi, fyrirtækjum, svæðum og byggðarlögum, óháð landfræðilegri staðsetningu þeirra.
- Byggðastefna er ótvírætt að þróast frá svokallaðri atvinnugreinastefnu (sectoral policy) til svæðastefnu (regional policy) þar sem tekið er tillit til fjölmargra efnahagslegra og félagslegra þátta. Þessi nýja stefna þyrfti að miða að aukinni samkeppnishæfni einstakra svæða með auknu samstarfi á milli allra þeirra sem málið varðaði, þar sem aukið hlutverk, ábyrgð og framkvæmd kæmi í hlut einstakra svæða (decentralisation approach, to local players). Þetta krefðist nýrra vinnubragða hjá þeim aðilum sem aukna ábyrgð bæru á þessum málum. (*Framkvæmdastjóri OECD, Donald Jonston*)
- Samkeppnishæfni einstakra svæða byggist í vaxandi mæli á öllum þeim atriðum sem varða viðkomandi svæði, s.s samgöngur, fjarskipti, innri gerð, umhverfi, rannsóknir, nýsköpun o.fl.
- Alþjóðavæðing hefur í mörgum tilvikum breytt þeim leikreglum sem áður giltu á þessu sviði varðandi samkeppnishæfni einstakra svæða. Taka verður mið af nýjum og breyttum leikreglum ef árangur á að nást.
- Byggða- og skipulagsstefna í Kaliforníu byggir á að skapa samkeppnishæft starfsumhverfi og þegar því er náð þá draga opinberir aðilar sig út.
- Í umræðum kom m.a. fram að í vaxandi mæli kepptu einstök svæði við hvert annað í stað einstakra landa. Þannig kepptu svæði eins og París, London, New York og Kalifornía um fólk og fyrirtæki í mun meira mæli en áður.

- Almennt var talið að einstök svæði ættu meiri möguleika vegna alþjóðavæðingar, þar sem markaðssetja mætti sérstöðu einstakra svæða á markvissari og betri hátt en áður.

Aukin völd og ábyrgð svæða, aukin dreifstýring

- Í Kaliforníu er nú í fyrsta skipti State Plan fyrir Kaliforníu, einskona byggða- og svæðaskipulag fyrir fylkið. Þetta skýrist af vaxandi þörf á skipulögðum vinnubrögðum á þessu sviði til að tryggja árangur og samkeppnishæfni einstakra svæða sem og atvinnulífs. Aukin ábyrgð og hlutverk svæða krefst markvissari vinnubrögða ef tryggja á vöxt.
- Í Bretlandi hafa stjórnvöld aukið valddreifingu til mikilla muna og minnkað að sama skapi miðstýringu á sviði sveitarstjórnar- sem og byggðamála. Þannig hefur verulegt vald verið fært til einstakra svæða, s.s. Skotlands.
- Í umræðum kom fram að dreifstýring hefði aukist til mikilla muna í Frakklandi á sviði byggða- og sveitarstjórnarmála. Núverandi stjórnvöld í Frakklandi munu leggja enn frekari áherslu á þetta atriði, en þau sem fyrir voru. Til að Frakkland geti eftir sína samkeppnishæfni – þá byggist það ekki síst á samkeppnishæfni einstakra svæða.

Mikilvægi samstarfs, á milli hinna ýmsu hópa, um byggðamál

- LEED verkefnið innan OECD er sérlega áhugavert sem vettvangur þar sem einstakir aðilar, stofnanir, einkaaðilar og háskólar eru aðilar, en starfið miðaði að því að miðla þekkingu á milli hópa, svæða og landa á þessu sviði með margvíslegum aðferðum og verkefnum.

Mikilvægi samstarfs innan sem og á milli svæða og landa um byggðamál.

- Alþjóðavæðing hefur gert það að verkum að samstarf á milli svæða – ekki síst stórra og smárra er mun mikilvægara en áður, þar sem þau stærri virka oft sem aðgangur þeirra smærri að enn stærri markaði – og þau smærri eru mikilvæg undirstaða þeirra stærri.
- Aukið samstarf, samskipti sem og aðgangur er því bæði mikilvægur innviði innan einstakra svæða og landa, en ekki síður útviði. Mikilvægt er að greina stöðu og þróun einstakra svæða ef stefnumörkun á að bera árangur, á sama hátt og í hverju öðru fyrirtæki.

Klasar gegna miklu hlutverki í uppbyggingu byggðakjarna

- Varðandi uppbyggingu á klösum kom fram að mikilvægt væri að fjalla um þetta atriði, ekki síst til að gera það sýnilegra fyrir aðilum á markaði þar sem þetta væri ekki mjög þekkt en hinsvegar afar mikilvægt atriði.
- Í Kaliforníu er framhaldsmenntun og rannsóknir og nýsköpun undirstaða að klasamyndun á einstaka svæðum, t.d. í Silicon Valley.
- Erfitt eða ómögulegt er fyrir opinbera aðila að búa til klasa, en hægt er að stuðla að því að örva myndun klasa með hagstæðum skilyrðum. Klasarnir sjálfir myndast með frumkvæði og starfsemi fyrirtækjanna sjálfra, lausnin kemur ekki að utan, hún verður að koma frá aðilum innan svæðisins sjálfs.

Aukið sjálfstæði svæða kallar fram sterkari einkenni og ímynd þeirra

- Umræður um einkenni og ímynd svæða hafa verið vanræktar sem viðfangsefni og vinna þarf mun markvissara að þessum málum. Segja má að einkenni svæða séu að nokkru svipuð og einkenni eða vörumerki fyrirtækja eða einstakra afurða og eru sem slík mikilvæg atriði í markaðssetningu svæða og þeirri vöru og þjónustu sem þar er í boði.
- Um leið og sjálfstæði svæða innan Evrópu voru brotin niður á tímum Napoleóns, minnkuðu sérkenni þessara svæða. Þetta er nú að snúast við, sem er sífellt betur að koma í ljós. Með auknu sjálfstæði svæða verður ímynd þeirra sterkari, s.s. með sérstöku vörumerki fyrir Bretagne. Svæðaeinkenni eru því hvarvetna að aukast.

Varðandi byggðamál eru engar töfralausnir til

- Varðandi byggðapróun verður að hafa í huga að það eru engar töfralausnir til – árangur á þessu sviði eins og ýmsum öðrum kemur í skrefum með árangri á mörgum sviðum, sem byggir á breiðum grunni frekar er fáum og afmörkuðum atriðum.⁹
- Byggðamál þurfa í mörgum tilvikum að breytast frá því að vera “viðbrögð við áföllum og vandræðum” til þess að verða “stuðningur við aðlögun og breytingar”.¹⁰
- Kalifornía er mesta einstaka landbúnaðarsvæði í heiminum, með miklum fjölbreytileika afurða og er sem svæði með efnahagsstarfsemi sem er það 5. stærsta í heiminum.

5.6 Áherslur í byggðamálum í Finnlandi, OULU, vaxtakjarni/klasi

Verkefnisstjórn kynnti sér byggðamál í Finnlandi og þær aðferðir sem þar hefur verið beitt með athyglisverðum árangri. Sérstaklega var skoðað hvernig framkvæmd byggðaaðgerða hefur verið á Oulusvæðinu, en það hefur vaxið mjög ört m.a. vegna velgengni fyrirtækisins Nokia.

⁹ Elisabeth Helander, framkvæmdastjóri byggðastefnusviðs ESB á ráðstefnu OECD 2003.

¹⁰ Michel Delebarre, borgarsjóri Dunkerque og fyrrum ráðherra sveitarstjórnarmála í Frakklandi, á ráðstefnu OECD 2003.

Byggðamál

Búferlaflutningar í Finnlandi hafa sviðuð einkenni og við þekkjum hér. Fólk flyst úr dreifbýli í þéttbýli og frá norðurhéruðum til Helsinki og nágrennis sem er syðst í landinu. Ástandið er hins vegar ólíkt að því leyti að nokkrir aðrir kjarnar hafa byggst upp, svo sem Tampere, Turku, Espoo og Oulu, en markvisst hefur verið unnið að uppbyggingu byggðakjarna í Finnlandi. Mikilvægasta viðfangsefni finnsku byggðastefnunnar á árunum eftir 1990 var að aðlaga framleiðslugreinar alþjóðlegri samkeppni og finna leiðir til að mæta mjög miklu atvinnuleysi, sem var allt að 20% og á sumum svæðum enn hærra. Höfuðáhersla var lögð á að byggja upp greinar sem byggðu á þekkingu fremur en þær hefðbundnu atvinnugreinar þar sem samdráttur hafði orðið. Umfangsmikið net háskóla og tækniskóla skapaði góðan grunn fyrir þessar áherslur, ásamt vísindagörðum og svæðisbundnum rannsóknamiðstöðvum og endurmenntunarmiðstöðvum, en saman mynda þessir aðilar landsnet sem gengur undir nafninu **Centre of Expertise (CoE)**. Kerfið er aðlagað reglum ESB og byggir á ákveðnum verkefnaáætlunum sem eru í gangi á hverjum tíma. Vinna við að þróa þessar miðstöðvar var megináhersla í lögum um byggðastefnu, sem sett voru 1994. **CoE** var upphaflega hrint í framkvæmd með byggðaáætlun sem samþykkt var fyrir árin 1994-1998. Samkvæmt henni var landinu skipt upp í 11 **CoE** miðstöðvar, sem hverri um sig voru settar megináherslur í uppbyggingu á afmörkuðum sviðum. Að fenginni góðri reynslu var ákveðið að halda áfram með áætlunina og í núgildandi áætlun fyrir árin 1999-2006 eru 14 miðstöðvar og tvö landsnet.

Vaxtarsamningur: Growth Agreement 2006 (GA 2006)

Segja má að kjarninn í **vaxtarsamningi** sé samkomulag borgaryfirvalda og annarra aðila á viðkomandi svæði og opinberra aðila um að efla vaxtargreinar á ákveðnum sviðum atvinnulífsins. Þau svið sem lögð er áhersla á í OULU eru upplýsingatækni, líftækni, velferðartækni, margmiðlun og fjölmiðlun og umhverfistækni. Samkomulagið felur einnig í sér að sett eru upp tvö stuðningsverkefni, viðskiptaþjálfun og vörustjórnun og flutningatækni. Oulu svæðið stefnir að því að til verði örvandi umhverfi fyrir fyrirtæki, en einnig aðlaðandi aðstæður og góð lífsskilyrði fyrir íbúa svæðisins.

Meginmarkmið **GA 2006** er að efla klasa á afmörkuðum sviðum sem að ofan greinir. Í hverjum klasa er starfandi ákveðinn fjöldi fyrirtækja og þeim tengjast menntastofnanir, rannsóknarstofnanir og fleiri aðilar. Saman mynda þessir aðilar þétt samstarfsnet sem tengja saman fyrirtækjarekstur, rannsóknir og þjálfun starfsfólks, fagglært starfslið og stjórnun á iðnaðarferlum á ýmsum sviðum. Markmiðið er að árið 2006 hafi orðið til 150 ný fyrirtæki í Oulu, 6.000 ný störf og velta fyrirtækja hafi aukist um 1,5 milljarða Evra.

6. Þróun efnahags- og atvinnumála á Austurlandi

Þróun efnahags- og atvinnumála á Austurlandi fylgdi allt til aldamóta þeirri þróun sem átti sér stað á þeim svæðum sem fjærst eru höfuðborgarsvæðinu varðandi íbúafjölda, þróun atvinnulífs, kynjahalla, atvinnutekjur og menntunarstig.

Íbúafjöldi undanfarin ár fylgdi þeirri þróun sem átt hefur sér stað á öðrum svæðum utan stórhöfuðborgarsvæðisins sbr. Vestfirðir og Norðurland eða allt til árána 2000-2003 þegar flutningsjöfnuður varð jákvæður og má eflaust þakka þá þróun ákvörðun um að reisa álver í Reyðarfirði og þeim framkvæmdum sem það hafði í för með sér. Þessi breyting hefur ekki náð til jaðarsvæða á norðanverðu og sunnanverðu Austurlandi þar sem fólksfækkun hefur haldið áfram auk þess sem meðalaldur á þessum jaðarsvæðum á Austurlandi hefur hækkað samhliða íbúafækkun. Á öllu Austurlandi er viðvarandi kynjahalli, íbúa á aldrinum 25 til 65 ára, þar sem karlar eru umtalsvert fleiri en konur. Kynjahalli hefur síst minnkað með aukum framkvæmdum, þar sem flestir er að þeim koma eru karlmenn.

Þróun atvinnulífs á Austurlandi hefur lýst sér í aukningu í þjónustu- og iðngreinum samhliða samdrætti í frumvinnslugreinum. Atvinnuleysi á Austurlandi hefur verið minna eða svipað og landsmeðaltal síðustu 10 ár. Atvinnutekjur eru mun lægri en á höfuðborgarsvæðinu.

Menntunarstig á Austurlandi er lakara en víðast hvar annarsstaðar, en einungis um 16% íbúa hafa lokið háskóla- eða sérskólaprófi miðað við um 35% á höfuðborgarsvæðinu. Skýringa á lágu menntunarstigi má e.t.v rekja til takmarkaðs aðgengis að háskólamenntun, en enginn háskóli er á Austurlandi. Ungt fólk á Austurlandi sem stundar háskólanám í öðrum landshlutum snýr sjaldan aftur til fjórðungsins. Þetta hefur þó breyttst með þeim miklu stóriðjuframkvæmdum sem nú standa yfir.


Samgöngur á Austurlandi eru erfiðar, mikið um erfiða fjallvegi, malarvegi og einbreiðar brýr. Góðar samgöngur gegna lykilhlutverki í þróun byggðar á Austurlandi og eru forsenda þess að jaðarbyggðir í fjórðungnum geti notið góðs af uppbyggingu í atvinnulífi á Mið-Austurlandi.

Sé litið til opinberrar starfsemi á Austurlandi má sjá að miðað við íbúafjölda eru umtalsvert færri opinber störf á Austurlandi miðað við höfuðborgarsvæðið. Byggt á fjölbreyttum tækifærum og viðfangsefnum rannsókna og þróunarstarfs á Austurlandi má leiða líkum að því að góð ástæða sé til að efla ýmiskonar opinbera starfsemi í fjórðungnum.

6.1 Mannfjöldi

Á árunum 2000 til 2005 flytja 13,6% fleiri til höfuðborgarsvæðisins en frá því. Á árunum 1995 til 2000 er sambærileg tala 22,4%. Hlutfallslegur jákvæður flutningsjöfnuður eykst á höfuðborgarsvæðinu og Suðurnesjum árið 2005. Nokkuð dregur úr neikvæðum flutningsjöfnuði til Vestfjarða og Norðurlands vestra á árunum 2000 til 2005 frá fyrra tímabili. Á Austurlandi er 56,7% jákvæður flutningsjöfnuður, brottfluttir eru 1.343 og aðfluttir eru 2.345. Á Austurlandi hefur orðið viðsnúningur á árunum 2000 til 2005 og er flutningsjöfnuður jákvæður, aðfluttir eru 1.832 og brottfluttir eru 1.343, eða 26,7% árið 2005. Frá útlöndum koma 7.773 og til útlanda flytja 3.913 og er hlutfall mismunar flutningsjafnaðar 98,6% árið 2005. Sjá eftirfandi mynd:

Tíðni aðfluttra umfram brottflutta



Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

Að miklu leyti má rekja jákvæðan flutningsjöfnuð á Austurlandi til framkvæmda í tengslum við virkjun og stóriðju, sem m.a. hafa leitt til flutnings á erlendu vinnuafli til svæðisins.

Tafla 1. Búferlaflutningar eftir sveitarfélögum 2005.

| Búseta | Fluttur alls | | | Fluttur innan sveitarfélags | Fluttur milli svf. innan landsvæðis | | | Fluttur milli landsvæða | | | Fluttur milli landa | | |
|--------------------|---------------------|---------------|-----------------|-----------------------------|-------------------------------------|---------------|-----------------|-------------------------|---------------|-----------------|---------------------|---------------|-----------------|
| | Aðfl.-umfr.-brottf. | Aðfl.-fluttir | Brottf.-fluttir | | Aðfl.-umfr.-brottf. | Aðfl.-fluttir | Brottf.-fluttir | Aðfl.-umfr.-brottf. | Aðfl.-fluttir | Brottf.-fluttir | Aðfl.-umfr.-brottf. | Aðfl.-fluttir | Brottf.-fluttir |
| Allt landið | 3.860 | 28.664 | 24.804 | 35.758 | 11.152 | 11.152 | 0 | 9.739 | 9.739 | 3.860 | 7.773 | 3.913 | |
| Höfuðborgarsvæðið | 1.426 | 16.876 | 15.450 | 22.485 | 8.832 | 8.832 | -71 | 3.909 | 3.980 | 1.497 | 4.135 | 2.638 | |
| Landsbyggð | 2.434 | 11.788 | 9.354 | 13.273 | 2.320 | 2.320 | 71 | 5.830 | 5.759 | 2.363 | 3.638 | 1.275 | |
| Austurland | 1.330 | 2.521 | 1.191 | 1.147 | 176 | 176 | -131 | 576 | 707 | 1.461 | 1.769 | 308 | |
| Seyðisfjörður | 19 | 70 | 51 | 51 | 0 | 10 | 10 | -7 | 31 | 38 | 26 | 29 | 3 |
| Fjarðabyggð | 700 | 995 | 295 | 383 | 3 | 29 | 26 | -72 | 142 | 214 | 769 | 824 | 55 |
| Skeggjastaðahr. | -16 | 7 | 23 | 4 | -6 | 2 | 8 | -10 | 2 | 12 | 0 | 3 | 3 |
| Vopnafjarðarhr. | -7 | 38 | 45 | 51 | -3 | 9 | 12 | -10 | 21 | 31 | 6 | 8 | 2 |
| Flijósdalshr. | 116 | 212 | 96 | 0 | -21 | 2 | 23 | 3 | 5 | 2 | 134 | 205 | 71 |
| Borgarfjarðarhr. | 7 | 17 | 10 | 1 | 1 | 5 | 4 | -3 | 3 | 6 | 9 | 9 | 0 |
| Mjóafjarðarhr. | 3 | 5 | 2 | 5 | 3 | 3 | 0 | 0 | 2 | 2 | 0 | 0 | 0 |
| Fáskrúðsfjarðarhr. | -4 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 | 0 | -4 | 0 | 4 | 0 | 0 | 0 |
| Breiðdalshr. | -11 | 15 | 26 | 18 | -7 | 1 | 8 | -5 | 13 | 18 | 1 | 1 | 0 |
| Djúpavogshr. | -32 | 19 | 51 | 20 | -5 | 1 | 6 | -33 | 9 | 42 | 6 | 9 | 3 |
| Austurbyggð | -8 | 87 | 95 | 85 | -5 | 23 | 28 | -11 | 50 | 61 | 8 | 14 | 6 |
| Flijósdalshérað | 601 | 913 | 312 | 341 | 48 | 78 | 30 | 72 | 205 | 133 | 481 | 630 | 149 |
| Svf. Hornafjörður | -38 | 143 | 181 | 188 | -8 | 13 | 21 | -51 | 93 | 144 | 21 | 37 | 16 |


Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

Á síðasta ári fluttu 3.860 fleiri íbúar til landsins en frá því, til höfuðborgarsvæðisins fluttu 1.426 og til landsbyggðar 2.434 íbúar. Til Austurlands fluttu 2.521 íbúi, brottfluttir íbúar eru 1.191 og því eru aðfluttir umfram brottflutta 1.330 árið 2005. Neikvæð íbúapróun er í Skeggjastaðarhreppi, Breiðdalshreppi, Djúpavogshreppi og Sveitarfélaginu Hornafirði. Jákvæð íbúapróun er mest í

Fjarðabyggð, Fljótaldshéraði og Fljótaldshreppi sem eflaust má að mestu rekja til þeirra framkvæmda sem átt hafa sér stað á svæðinu í kringum álver og virkjanir.


Aldursskipting

Á Austurlandi voru 13.710 íbúar þann 1. desember árið 2005. Til að sýna aldersdreifingu á Austurlandi öllu og nokkrum völdum landssvæðum hefur verið sett upp aldurstré fyrir svæðin og þau sett ofan á aldurstré fyrir landið allt (ólitaðar súlur í grunnni). Myndunum er ætlað að gefa vísbendingar um ólíkar aðstæður á svæðunum.



Heimild Byggðastofnun.

Aldursdreifing á Austurlandi fylgir ekki landsmeðaltali. Konur eru færri í öllum aldurshópum og karlar eru áberandi fleiri á aldrinum 30 til 64 ára. Börn yngri en 14 ára eru hlutfallslega færri á Austurlandi. Á N - Austurlandi er aldersdreifing óhagstæð, sérstaklega vantar karla innan við 40 ára. Fjöldi í aldurshópum yfir 70 ára er hlutfallslega fjölmennari en landsmeðaltal.



Heimild Byggðastofnun.


Aldursdreifing á M - Austurlandi fylgir ekki landsmeðaltali, og er myndin öll ýktari en þegar miðað er við Austurland í heild. Konur eru færri í öllum aldurshópum og karlar eru áberandi fleiri á aldrinum 30 til 64 ára. Börn yngri en 14 ára eru hlutfallslega færri á M - Austurlandi.

Á S - Austurlandi fylgir aldersdreifing landsbyggðinni þar sem eru færri á aldrinum 25 til 34 ára. Í yngsta aldurshópnum, 0 - 4 ára eru fáir einstaklingar, en á aldrinum 10 til 19 ára eru fleiri á S - Austurlandi en á landsvísi.

Til að stuðla að jafnvægi í lýðfræði Austurlands er mikilvægt að byggja upp fjölbreytt atvinnulíf þar sem framboð á hefðbundnum kvenna- og karlastörfum er í jafnvægi og boðið er uppá

fjölskylduvænt og fjölbreytt samfélag sem laðar til sín háskólamenntað ungt fólk sem kys að festa rætur í fjórðungnum með fjölskyldur sínar.


6.2 Íbúapróun



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Íbúar á Austurlandi eru 13.710 1. desember 2005, þeim hefur fjölgað um 7,3% frá 1. desember 1995. Íbúum á öllu landinu hefur fjölgað um 11,8% á sama tíma. Af þessu má sjá að sú þróun sem átt hefur sér stað á Mið-Austurlandi hefur ekki haft áhrif á jaðarsvæðum á suður og norðanverðu Austurlandi. Ef til vill má um kenna erfiðum samgöngum og tengingum þessara svæða við miðsvæðið.

Íslenska þjóðin er að eldast, meðalaldur á landinu hefur hækkað um 2 ár frá árinu 1995. Meðalaldur á Austurlandi er hærri á öllum svæðum en landsmeðaltal sem er 35,5 ár 1. desember 2005. Á Austurlandi er meðalaldur hæstur á N-Austurlandi 39,1 ár árið 2005. Sjá mynd hér að aftan.




Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Frá árinu 1991 til ársins 2002 var stöðug fækkun íbúa á Austurlandi og frá árinu 2003 hefur íbúum fjölgað, sérstaklega körlum. Konur hafa öll árin verið færri en karlar á Austurlandi og hefur sá munur aukist á síðustu árum.

Fjöldi íbúa á Austurlandi


(1. desember ár hvert)



Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Eflaust má að einhverju leiti rekja þennan kynjahalla til erlends vinnuafis sem býr tímabundið á Mið-Austurlandi í tengslum við framkvæmdir þar en hinsvegar er ljóst miðað við þróun allt frá 1991 að mikilvægt er að stuðla að fjölgun hefðbundinna kvennastarfa á svæðinu sem og auka stuðning við frumkvöðla í hópi kvenna, styðja við samstarfsnet og klasa.

Framreiknaður íbúafjöldi á Austurlandi



Heimild: Byggðastofnun/Hagstofa Íslands

Línuleg aðferð sem hér er notuð reiknar að íbúafjöldi á Austurlandi verði 19.752 árið 2020. Útreikningurinn tekur mið af íbúápróun árána 2000 til 2005, og hefur fylgni 0,63. Taka verður tillit til að 0,63 er frekar lítil fylgni.

6.3 Vinnumarkaður

Miklar breytingar hafa orðið á Austurlandi að undanfögnu og eiga eftir að verða enn frekari í nánustu framtíð vegna framkvæmda á hálendinu og fyrirhugaðs álvers í Reyðafirði. Byggingaframkvæmdum lýkur árið 2007 og þá er áætlað að störf í álverinu verði rúmlega 400 og afleidd störf a.m.k. 350. Þrátt fyrir þetta snýst atvinnulíf margra þéttbýlisstaða á Austurlandi fyrst og fremst um sjávarútveg. Hlutfall Austurlands í heildarafla og landvinnslu landsins er rúmlega 40% árlega.

Störfum á Austurlandi fækkaði til ársins 2003. Viðsnúningur er á árinu 2004 þegar störfum fjölgar um 370, eða um 5,6%. Störfum fækkar nokkuð í fiskvinnslu en í mannvirkjagerð fjölgar störfum um 350 á tímabilinu. Sjá eftirfarandi töflu:

Fjöldi starfandi eftir atvinnugreinum á Austurlandi 1998-2004


| | 1998 | 1999 | 2000 | 2001 | 2002 | 2003 | 2004 |
|---------------------------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|--------------|
| Alls | 6.810 | 6.840 | 6.780 | 6.710 | 6.630 | 6.630 | 7.000 |
| Frumvinnslugreinar alls | 1.140 | 1.050 | 1.000 | 1.010 | 1.000 | 940 | 970 |
| Landbúnaður | 470 | 460 | 430 | 440 | 430 | 410 | 400 |
| Fiskveiðar | 670 | 590 | 570 | 570 | 580 | 530 | 570 |
| Iðngreinar alls | 2.290 | 2.210 | 2.280 | 2.150 | 2.110 | 2.110 | 2.380 |
| Fiskvinnsla | 1.260 | 1.220 | 1.260 | 1.180 | 1.160 | 1.110 | 1.040 |
| Annar iðnaður | 580 | 560 | 570 | 530 | 530 | 520 | 520 |
| Veitustarfsemi | 60 | 60 | 60 | 60 | 60 | 60 | 60 |
| Mannvirkjagerð | 390 | 370 | 390 | 390 | 360 | 420 | 770 |
| Þjónustugreinar alls | 3.390 | 3.570 | 3.510 | 3.550 | 3.520 | 3.580 | 3.570 |
| Verslun og viðgerðþjónusta | 830 | 830 | 690 | 700 | 610 | 590 | 600 |
| Hótel- og veitingahúsarekstur | 220 | 240 | 200 | 200 | 210 | 200 | 220 |
| Samgöngur og flutningar | 370 | 380 | 390 | 370 | 360 | 360 | 330 |
| Fjármálaþjónusta | 140 | 140 | 140 | 130 | 130 | 130 | 150 |
| Fasteigna- og viðskiptaþjónusta | 200 | 220 | 250 | 250 | 230 | 240 | 270 |
| Opinber stjórnsýsla | 500 | 510 | 520 | 540 | 580 | 580 | 560 |
| Fræðslustarfsemi | 290 | 310 | 340 | 360 | 380 | 360 | 370 |
| Heilbrigðis- og félagsþjónusta | 600 | 650 | 680 | 720 | 720 | 740 | 720 |
| Önnur þjónusta | 260 | 290 | 300 | 290 | 310 | 380 | 360 |

Heimild: Byggðastofnun; Hagstofa Íslands

Samsetning atvinnulífs er mismunandi í ólíkum byggðarkjörnum Austurlands. Atvinnulíf á Vopnafirði er nokkuð fjölbreytt, en sjávarútvegur er þó aðal atvinnugreinin. Landbúnaður er öflugur og þjónusta við hann talsverð. Öflugustu fyrirtækin á Seyðisfirði hafa verið í sjávarútvegi, í síldarbræðslu og fiskvinnslu. Egilsstaðir er þjónustukjarni sem liggur miðsvæðis á Austurlandi, en vægi landbúnaðar hefur minnkað, meðan verslun og opinber þjónusta er vaxandi. Sjávarútvegur er aðal atvinnugreinin í Fjarðabyggð og er mjög fjölbreyttur, m.a. vinnsla í neytendapakkingar, bræðsla, laxeldi og tilraunaeldi á hlýra og þorski. Einnig eru í Fjarðabyggð aðrir stórir vinnustaðir eins og Fjórðungssjúkrahúsið í Neskaupstað og Verkmenntaskólinn. Á Djúpavogi er bæði sjávarútvegur, fiskeldi, þjónusta og ferðapjónusta. Sjávarútvegur er aðal atvinnugreinin á Höfn og ferðapjónusta er þar sterk og vaxandi.

Á Austurlandi er stunduð mikil skógrækt og þar hafa verið bændaskógar allt frá árunum 1960-70. Hlutfallslegur samdráttur í landbúnaði er meiri á Austurlandi, eða 13% á móti 4% á landsvísu. Samdráttur í fiskveiðum er minni á Austurlandi eða 3,4% á móti 22,7% á landsvísu. Í mannvirkjagerð er yfir 100% aukning sem ekki er óeðlilegt miðað við aðstæður. Nokkra athygli vekur samdráttur í störfum við verslun og viðgerðir á Austurlandi eða 27,7%. Sjá mynd:


Hlutfallsleg breyting starfa á Austurlandi og landinu öllu árin 1999 - 2004



Heimild: Byggðastofnun; Hagstofa Íslands

Það sem helst einkennir atvinnulíf á Austurlandi er uppbygging raforkuvers og stóriðju, samhliða því er blómlegt atvinnulíf og fjölbreytt þjónusta með störfum við flestra hæfi. Frumgreinar ásamt fiskvinnslu eru 28,7% starfa á Austurlandi. Mannvirkjagerð er 11% á móti 7,3% á landsvísu. Nokkra athygli vekur staða verslunar og viðgerða og heilbrigðis- og félagsþjónustu þar sem samanburður Austurlands við landið í heild er óhagstæður sem bendir til að þar liggi nokkur tækifæri fyrir Austurland þegar lítið er til framtíðar. Sjá mynd.


Hlutfall starfa eftir atvinnugreinum á Austurlandi og landinu öllu árið 2004



Heimild: Byggðastofnun.

6.4 Atvinnuleysi

Meðalatvinnuleysi á mánuði á Austurlandi, höfuðborgarsvæðinu og landsbyggðinni 1995 til 2004




Heimild: Byggingastofnun / Vinnuálagstofnun.

Atvinnuleysi á Austurlandi hefur verið minna að meðaltali síðustu ára, hvort heldur sem lítið er til höfuðborgarinnar eða landsbyggðarinnar. Sveiflur í atvinnuleysi á Austurlandi fylgja sveiflum annars staðar og frá árinu 2002 hefur atvinnuleysi verið mjög lítið á Austurlandi.

6.5 Tekjur og efnahagur

Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum
(skv framtali árið 2005)




Heimild: Ríkisskattstjóri/Hagstofa Íslands

Meðalatvinnutekjur eru hæstar á höfuðborgarsvæðinu framtalsárið 2005. Á Austurlandi eru meðalatvinnutekjur 12% lægri en á höfuðborgarsvæðinu. Meðalatvinnutekjur annarra landshlutasvæða eru lægri, mestur munur er á Norðvesturlandi (23% lægri) og Austurlandi (22% lægri). Meðalatvinnutekjur á Austurlandi hækka um 5% þegar þær hækka um 3,8% milli ára á höfuðborgarsvæðinu.

Meðalatvinnutekjur eftir atvinnugreinum og svæðum


(skv. framtali 2005)



Heimild: Ríkisskattstjóri/Hagstofa Íslands

Meðalatvinnutekjur í aðalstarfi eftir landshlutum

(skv. framtali 1998-2005)




Heimild: Ríkisskattstjóri/Hagstofa Íslands

Meðalatvinnutekjur á Austurlandi eru lægri en landsmeðaltal. Í iðngreinum, fiskvinnslu, og mannvirkjagerð eru meðalatvinnutekjur nokkuð hærri en landsmeðaltal. Í mannvirkjagerð og iðnaði hafa meðalatvinnutekjur á Austurlandi hækkað um 20,5% milli ára og eru um 14% hærri en á höfuðborgarsvæðinu framtalsárið 2005.

Á Austurlandi eru meðalatvinnutekjur framteljenda 12% lægri en á höfuðborgarsvæðinu, og 6% hærri en á landsbyggðinni samkvæmt framtali árið 2005. Meðalatvinnutekjur framteljenda á höfuðborgarsvæðinu hafa hækkað úr rúmlega 1,9 milljón króna árið 1998 í rúmlega 2,9 milljónir króna samkvæmt framtali árið 2005. Á sama tíma hafa meðalárslaun á Austurlandi hækkað úr rúmlega 1,7 milljón króna í tæplega 2,6 milljónir króna. Ætla má að með fjölgun sérhæfðra starfa og þróunar atvinnulífs muni enn frekar draga úr muni á atvinnutekjum á Austurlandi og á höfuðborgarsvæðinu.

6.6 Fyrirtæki

Hlutfall fjölda launagreiðenda eftir atvinnugreinum 2003



Heimild: Bygðastofnun/Hagstofa Íslands


Fjöldi launagreiðenda á Austurlandi árið 2003 var 1.113, sem er um 5% af heildarfjölda launagreiðenda á landinu öllu, en þeir voru 21.264. Hlutfall launagreiðenda í frumvinnslugreinum er hærra á Austurlandi en landsvísu, eins og sjá má á myndinni að ofan og endurspeglar það mikilvægi landbúnaðar og sjávarútvegs á svæðinu. Tækifæri fyrir Austurland virðast liggja í þjónustugreinum þegar mið er tekið á af þessum greinum landsvísu.

6.7 Menntun

Á Austurlandi hafa 35,3% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu. Hlutfall íbúa á Austurlandi sem hafa lokið framhaldsskólamenntun eru 24,5% og er það hærra hlutfall en á Norðurlandi vestra og Vesturlandi. Hlutfall íbúa á Austurlandi sem lokið hafa háskóla- og sérskólamenntun er 16,3% á móti um 35% á höfuðborgarsvæðinu, hlutfall íbúa með háskólamenntun er lægra í öðrum landshlutum nema á Vesturlandi og Norðurlandi eystra. Tækifæri Austurlands liggja í því að auka sérskóla- og háskólamenntun.

Menntun eftir landshlutum meðaltal árunna 2000 - 2002


(íbúar 16 til 74 ára)



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Háskólanemum hefur fjölgað á landinu úr 8.381 árið 1997 í 15.974 árið 2004. Á Austfjörðum hefur háskólanemum fjölgað úr 180 árið 1997 í 429 árið 2004.


Heildarfjöldi íslenskra háskólanema



Heimild: Byggðastofnun / Hagstofa Íslands

Hlutfall háskólanema á höfuðborgarsvæðinu er 6,2% árið 2004. Á Austurlandi hefur hlutfall háskólanema hækkað úr 1,4% árið 1997 í 3,4% árið 2004. Hlutfall háskólanema er lægst á Suðurnesjum 1,3% árið 2004. Sjá mynd:


Hlutfall háskólanema eftir landshlutum miðað við fjölda íbúa



Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

.Nemendum í Háskóla Íslands hefur fjölgað úr 5.549 árið 1997 í 8.712 árið 2004. Á meðan háskólanemum með lögheimili á Austurlandi hefur fjölgað í Háskóla Íslands hefur hlutfall háskólanema í HÍ lækkað úr 51% árið 1997 í 36% árið 2004. Í Háskólanum á Akureyri hefur hlutfall nemenda með lögheimili á Austurlandi aukist á sama tímabili, er um 11% 1997 og 20% árið 2004. Í Háskólanum í Reykjavík eru 10% árið 2000 og 5% árið 2004. Í Kennaraháskólanum er hlutfallið um 20% öll árin. Hlutfall nemenda með lögheimili á Austurlandi í Tækniháskóla Íslands er 10%, samtals 44 nemar árið 2004.

Dreifing háskólanema með lögheimili á Austurlandi eftir háskólum.



Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

| | 1997 | | | 2000 | | | 2004 | | | | | |
|-----------------------------------|--------------|------------|------------|-------------|---------------|------------|-------------|------------|---------------|------------|------------|------------|
| | Allt landið | Austurland | | Allt landið | Austurland | | Allt landið | Austurland | | | | |
| | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | Fjöldi | % | | |
| Háskóli Íslands | 5.549 | 66 | 91 | 51 | 6.670 | 64 | 102 | 43 | 8.712 | 55 | 154 | 36 |
| Háskólinn á Akureyri | 415 | 5 | 19 | 11 | 649 | 6 | 40 | 17 | 1.496 | 9 | 87 | 20 |
| Háskólinn í Reykjavík | | | | | 643 | 6 | 23 | 10 | 1.355 | 8 | 23 | 5 |
| Hólaskóli | | | | | | | | | 88 | 1 | 14 | 3 |
| Kennaraháskóli Íslands | 718 | 9 | 34 | 19 | | 12 | 49 | 21 | 2.245 | 14 | 93 | 22 |
| Landbúnaðarhásk. á Hvanneyri | | | | | 1.263 | 1 | 3 | 1 | 164 | 1 | 6 | 1 |
| Tækniháskóli Íslands | | | | | | | | | 943 | 6 | 44 | 10 |
| Viðskiptaháskólinn á Bifröst | | | | | 177 | 2 | 2 | 1 | 417 | 3 | 4 | 1 |
| Aðrir háskólar | 1.699 | 20 | 36 | 20 | 1.089 | 10 | 18 | 8 | 554 | 4 | 4 | 1 |
| Samtals fjöldi háskólanema | 8.381 | 100 | 180 | 100 | 10.491 | 100 | 237 | 100 | 15.974 | 100 | 429 | 100 |

Heimild: Bygðastofnun / Hagstofa Íslands

Af ofangreindu má sjá að nemendur frá Austurlandi sækja nám á ólíkum fagsviðum og að þeir hafa í auknum mæli farið til náms við Háskólann á Akureyri enda er sá skóli stýðst frá heimabyggð, enda er enginn háskóli staðsettur á Austurlandi.

6.8 Samgöngur

Í nútímapjóðfélagi eru samkeppnishæfar samgöngur og fjarskipti ein af grunn forsendum samkeppnishæfs atvinnulífs og þar með hagþróunar og framfara viðkomandi svæða og lands. Á tímum aukinnar alþjóðavæðingar og samkeppni er afar mikilvægt að samgöngur á einstaka svæðum hér á landi séu samkeppnishæfar við það sem erlendis gerist, þar sem erlendir samkeppnisaðilar njóta almennt mun betri samgangna en gerist víða hér á landi m.a. á Austfjörðum. Ef samgöngur hér á landi standast ekki þennan alþjóðlega samanburð bitnar slíkt um leið á viðkomandi fyrirækjum, verðmætasköpun, hagþróun og lífskjörum.

Einnig er rétt að áréttá að sterkar vísbendingar eru um að í raun sé of litlu fé varið til vegamála, bæði í þéttbýli og dreifbýli, sé tillit tekið til verulegrar álagsaukningar vegna þungaflutninga þegar sjóflutningar kringum landið hættu sem og vegna aukinnar bílaeignar og ferðamanna.

Segja má að ófullkomið samgöngukerfi víðs vegar á Austurlandi dragi úr samkeppnishæfni atvinnulífs, sem hefur lamandi áhrif á verðmætasköpun og hagþróun svæðisins og því er mikilvægara að endurbætur séu gerðar eins fljótt og mögulegt er, þannig að atvinnugreinum sé gert mögulegt að efla sína starfsemi og bera uppi hagvöxt svæðisins eins og kostur er.

Ört vaxtandi samfélag á Austurlandi kallar á samgöngubætur eins og jarðgöng, styttingu vegakafla, bundið slitlag og tvíbreiðar brýr. Breyttar aðstæður krefjast samkeppnishæfra samgangna og því er gott samgöngukerfi forsenda hagþróunar og almennra lífsgæða. Umbætur í samgöngumálum á Austurlandi eru lykillinn að því að:



- efla hagþróun og samstarf svæðisins,
- byggja upp samstarf milli svæða í formi klasa og samstarfsneta,
- sem flestir íbúar á Austurlandi geti tekið þátt í uppbyggingu og störfum er tengjast álveri Alcoa á Reyðarfirði, samanber jákvæð áhrif Fáskrúðsfjarðaganga,
- bregðast við því gríðarlega álagi sem verið hefur á vegakerfið á Austurlandi með samdrætti í sjóflutningum, stórauðnum vöruflutningum á landi og ört vaxandi bílafloða landsmanna.
- styrkja umhverfi ferðaþjónustunnar á Austurlandi.
- að auka þjónustu og efla jaðarsvæði með samgöngutengingum þeirra við næstu atvinnu/þjónustusvæði.
- efla þjónustuhlutverk byggðakjarna, t.d. með öflugum tengingum á borð við alþjóðaflugvöll og -hafnir.

Samgöngur eru erfiðar á Austurlandi sökum þess að nánast eru fjallvegir á milli allra bæja í fjórðungnum. Verkefnisstjórn um Vaxtarsamning Austurlands að teknu tilliti til ályktana Sambands Sveitarfélaga á Austurlandi (SSA)¹¹ telur að eftirfarandi meginverkefni séu framundan í samgöngumálum á Austurlandi: (sjá mynd hér að framan)

1. Jarðgöng milli Eskifjarðar og Neskaupsstaðar, undir Hellisheiði eystri milli Vopnafjarðar og Héraðs, milli Seyðisfjarðar og Héraðs og að tengingar milli Hornarfjarðar og Mið-Austurlands verði styrktar með jarðgöngum milli Lóns og Álftafjarðar.
2. Gerð verði göng eða heilsársvegur yfir Öxi.
3. Hringvegur með bundnu slitlagi og án einbreiðra brúa.
4. Tenging Vopnafjarðar við þjóðveg 1 um Hofsárdal.
5. Egilsstaðaflugvöllur verði eflur sem alþjóðlegur flugvöllur, varaflugvöllur og fragtflugvöllur.
6. Að byggð verði upp alþjóðleg uppskipunarhöfn á Reyðarfirði.
7. Frekari uppbygging á kerfum til fjarskipta og gagnaflutninga í dreifbýli.

Jarðgöng á Austurlandi

Flyta þarf undirbúningsrannsóknun næstu jarðganga á Austurlandi, milli Vopnafjarðar og Héraðs annars vegar og milli Norðfjarðar og Eskifjarðar hins vegar, sem eru næstu gangakostir í þessum landshluta samkvæmt vegaáætlun. E.t.v. mætti hraða framkvæmdum með sameiginlegu útboði. Halda þarf áfram undirbúningsvinnu vegna ganga frá Seyðisfirði um Mjóáfjörð yfir í Fjarðarbyggð og/eða jarðgangatengingum frá Seyðisfirði uppá Hérað. Nauðsynlegt er að meta frekar jarðgangakosti á suðurfjörðum á milli Lóns og Álftafjarðar.

Uppbygging hálandisvegjar: Umferð er um Öxi og með vísan til upplýsinga um umferðarþunga er nauðsynlegt að ljúka endanlegri úttekt á Axarvegi með uppbyggingu heilsársvegjar í huga eða að íhugaðir verði jarðgangakostir á svæðinu.

Hringvegurinn bundinn slitlagi: Mikilvægt er að hraða framkvæmdum við hringveginn á Austurlandi og lokið verði við að leggja hann bundnu slitlagi sem allra fyrst. Fyrir liggur að einu kaflarnir á honum sem ekki eru bundnir varanlegu slitlagi eru á Austurlandi (65 km), má þar nefna veg um Skriðdal. Jafnframt er mikilvægt að hraða framkvæmdum við tvöföldun allra einbreiðra brúa á þjóðvegi 1 og stofnvegum í landshlutanum. Með stórauðnum vöruflutningum á þjóðvegnum eru brýr þessar enn háskalegri slysgildrur eins og dæmin sanna.

Mikilvægt er að flyta tengingu Vopnafjarðar við þjóðveg 1, um Hofsárdal, og verkefninu verði lokið á tímabili núgildandi samgönguáætlunar.

Fjarskipti: Einn mikilvægasti öryggisþáttur í dreifbýli er aðgangur að farsímakerfum. Útbreiðsla GSM kerfisins er takmörkuð og ákveðið hefur verið að leggja niður NMT kerfið. Því er nauðsynlegt að byggja upp GSM dreifikerfi, sem nýtir langdrægari senda en þá sem nú eru í notkun. Jafnframt er mikilvægt að byggt verði upp öflugt IP gagnaflutningsdreifikerfi þar sem tölvunotkun með tilheyrandi gagnaflutningi er orðin eitt af lykilatriðum nútíma atvinnuhátta.


6.9 Störf á vegum ríkisins á Austurlandi

Varðandi upplýsingar um fjölda starfa á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu annars vegar og Austurlandi hins vegar er stuðst við tölur úr skýrslu frá mars 2004, um staðsetningu starfa á vegum ríkisvaldsins- Höfuðborgarsvæðið og Eyjafjörður,- sem unnin var af Atvinnuþróunarfélagi Eyjafjarðar.

¹¹ Sjá fundargerðir og samþykktir SSA á www.ssa.is

Upplýsingar voru einnig fengnar hjá Hagstofu Íslands, af heimasíðum stofnana og ráðuneyta sem og með samtölum og tölvupóstum við starfsmenn stofnana.

Samkvæmt niðurstöðum eru um 518 störf á vegum ríkisvaldsins á Austurlandi sem skiptast á níu ráðuneyti. U.þ.b. helmingur af þessum störfum eru við grunnstofnanir ríkisins eins og sýslumanns- og lögregluembætti, skattstofu og héraðsdómstól, heilbrigðis- og menntastofnanir. Við úrvinnslu er ekki gert ráð fyrir þeim störfum sem eru á vegum Svæðisskrifstofu um málefni fatlaðra þar sem ekki liggur fyrir fjöldi starfa á höfuðborgarsvæðinu. Vegna mikils fjölda starfsmanna hjá ríkinu er erfitt að finna nákvæman fjölda og staðsetningu starfa, af þeim sökum getur verið að einhver starfsemi hafi orðið útundan. Í útreikningum hafa stofnanir sem eru að hluta fjármagnaðar af sveitarfélögum, sem og ríkisfyrirtæki sem eru hlutafélög, ekki talin með



Mynd: Hlutfall starfa hjá íslenska ríkinu eftir ráðuneytum - Höfuðborgarsvæðið - Austurland


Á myndinni hér að ofan má sjá hvernig störf skiptast hlutfallslega milli höfuðborgarsvæðisins og Austurlands m.v. heildarfjölda starfa á landinu. Í sumum tilvikum er einn starfsmaður á sviði viðkomandi ráðuneytis eða stofnana þeirra á Austurlandi en þau fimm ráðuneyti/stofnanir sem ekki eru með störf á Austurlandi eru Hagstofa Íslands, Alþingi, sjávarútvegsráðuneytið, utanríkisráðuneytið og umhverfisráðuneytið. Af heildarmannfjölda á Íslandi búa 62,39% á höfuðborgarsvæðinu en 4,57% á Austurlandi.

| | Höfuðborgarsvæðið | Austurland |
|---|-------------------|--------------|
| Heildarfjöldi ríkisstarfa á landinu öllu = 17.676 | | |
| Fjöldi starfa á vegum ríkisins | 12.819 | 518 |
| Fjöldi íbúa | 187.105 | 13.710 |
| Hlutfall ríkisstarfa af heildarfjölda ríkisstarfa | 72,52% | 2,93% |
| Hlutfall íbúa af heildarfjölda íbúa landsins | 62,39% | 4,57% |
| Fjöldi ríkisstarfa á Austurlandi ef hlutfallið væri 4,57%, af heildarfjölda ríkisstarfa þ.e. Í samræmi við íbúafj. | | 808 |
| Fjölgun ríkisstarfsmanna til að ná hlutfalli íbúafjölda 4,57% - þ.e. 808 - 518 | | 290 |


Tafla. Samanburður á ríkisstörfum á höfuðborgarsvæðinu og Austurland

Samkvæmt þeim upplýsingum sem liggja fyrir eru 17.676 störf á vegum ríkisins á landinu öllu en heildarfjöldi er ekki nákvæmur þar sem ekki fengust tæmandi upplýsingar. Eins og fram kemur í töflu 1 eru 12.819 störf á vegum ríkisins á höfuðborgarsvæðinu eða um 72% þrátt fyrir að þar búi einungis um 62% fólksfjölda landsins. Væri hlutfall ríkisstarfsmanna á höfuðborgarsvæðinu í takt við hlutfall íbúafjölda eða um 62% - ætti fjöldi ríkisstarfsmanna þar að vera um 11,028 í stað 12,819. eða 1.791 færri.

Sé litið á sambærilegt hlutfall fyrir Austurland eru einungis 518 störf á vegum ríkisins á Austurlandi eða einungis 2,93% þrátt fyrir að þar búi 4,57% íbúanna. Ekki



eru þó talin með störf er varða málefni fatlaðra á Austurlandi. Þessi störf skiptast á milli 20 ríkisstofnana og eins og áður er lýst er um helmingur þeirra við grunnstofnanir ríkisins. Væri hlutfall ríkisstarfsmanna á Austurlandi í takt við íbúafjölda svæðisins sem er 4,57% af heildarfjölda íbúa á landinu öllu, ætti fjöldi ríkisstarfsmanna að vera 808 en ekki 518, eða 290 fleiri en þeir eru í dag.




Með þessum samanburði er þó ekki verið að segja að þessi hlutföll eigi alfarið að vera þau sömu, þ.e.

hlutfall ríkisstarfsmanna á viðkomandi landssvæðum eigi alltaf að endurspeglar hlutfall íbúafjölda. Hins vegar er eðlilegt að tekið sé tillit til slíks samanburðar og óeðlilegt getur verið að mikið misræmi sé þar á milli. Í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn á Íslandi, er einnig bent á að rekstrarútgjöld opinberra aðila séu mun meiri á höfuðborgarsvæðinu en tekjur á því svæði gefi tilefni til.


Þessar vísbendingar gefa fullt tilefni til að stjórnvöld hugi vandlega að áherslum á uppbyggingu ríkisstofnana og verkefna í einstaka landshlutum - hér eftir sem hingað til.

Þegar myndir af störfum á vegum ríkisins eftir stofnunum eru skoðaðar má sjá að Vegagerðin og Rannsóknastofnun



fiskiðnaðarins eru einu stofnanirnar sem beint tengjast atvinnu-vegum, þar sem um er að ræða einhvern fjölda starfsmanna, en í þessum stofnunum starfa 7,53% af þeim ríkisstarfsmönnum sem eru á Austurlandi.


Eitt stöðugildi er hjá Orkustofnun og eitt hjá Landgræðslunni, hálf stöðugildi er hjá Iðntæknistofnun á Austurlandi. Ljóst er að opinberum störfum hjá stofnunum í rannsóknum og vísindum er verulega ábótavant á Austurlandi.



Engar stofnanir á vegum ríkisins sem vinna að umhverfis- og skipulagsmálum eru staðsettar á Austurlandi. Sama má nánast segja um menningarstofnanir en einungis er um 5 störf að ræða og eru þau öll hjá RÚV.

Þegar lítið er á starfsemi á vegum ríkisins í heild sinni á Austurlandi er ljóst að hlutfall starfa er mjög lágt hvort sem borið er saman út frá heildarfjölda starfa eða út frá íbúatölu. Þegar störf á vegum ríkisins eru

staðsett á landsbyggðinni þarf að liggja fyrir ávinningur bæði fyrir það svæði sem valið er sem og stofnunina. Þegar ný störf eða stofnanir verða til á vegum ríkisins ætti ávallt að hafa í huga hvort það hentaði viðkomandi



starfsemi að vera úti á landsbyggðinni og tvímælalaust að staðsetja hana þar ef svo er. Hins vegar skyldi fara varlega í að flytja heilu stofnanirnar eða störfin í þeim eina tilgangi að flytja þær. Við það skapast hættu á að mannauðurinn glatist, menning stofnunarinnar rýrni og sá ávinningur sem hugsaður var af flutningum verði takmarkaður.

7 Samkeppnishæfni - SVÓT greining

Styrkleikar

| <i>Helstu styrkleikar svæðisins eru</i> | Norð- Austurland | Mið- Austurland | Suð- Austurland |
|---|---------------------|--------------------|--------------------|
| Hefð fyrir samstarfi | | | |
| Þekkingarnet Austurlands, háskólanám og símenntun | X | X | X |
| Þekkingarsetur og rannsóknastarfsemi á svæðinu | | X | X |
| Öflugt þróunarstarf, þróunarfélag og frumkvöðlasetur | | X | X |
| Öflugur sjávarútvegur | X | X | X |
| Góð fiskimið og smábátaútgerð | X | X | X |
| Humarveiðar og vinnsla | | | X |
| Þekking og mikill kvóti í uppsjávarfiski | X | X | X |
| Alþjóðlegar samgöngur | | | |
| Alþjóðlegur flugvöllur | | X | |
| Góðar hafnir til sjóflutninga | X | X | |
| Höfn til fólksflutninga | | X | |
| Góð skilyrði fyrir ferðaþjónustu: | | | |
| Ósnortin náttúra og verndarsvæði | X | X | X |
| Markviss stefna í menningarmálum | X | X | X |
| Útivist og veiðar | X | X | X |
| Mikið framboð og góð nýting gistirýmis á sumrin | | | X |
| Gott samfélag og innviðir: | | | |
| Félagsauður, þátttökusamfélag og íbúalýðræði | X | X | X |
| Virkur fasteignamarkaður, hátt fasteignaverð | | X | |
| Markviss skólastefna, samstarf grunn- og framhaldsskóla | X | X | X |
| Fjarlægðarvernd frá Höfuðborgarsvæðinu | X | X | X |
| Fjölskylduvænt samfélag | X | X | X |

Á Austurlandi er hefð fyrir samstarfi sveitarfélaga og þróunarstarfi af ýmsu tagi. Má þar nefna reynslu af starfsemi Heilbrigðisstofnunar Austurlands, Fræðsluneti Austurlands og nýlegum sameiningum á Héraði, í Fjarðabyggð og í kringum Hornafjörð. Þá standa sveitarfélög og fyrirtæki á Austurlandi ásamt Byggðastofnun á bak við starfsemi Þróunarfélags Austurlands en þjónustusvæði félagsins nær frá Sveitarfélaginu Hornafirði til Skeggjastaðahrepps. Bæir og sveitir á Austurlandi bjóða uppá mjög fjölskylduvænt umhverfi, þar sem markvisst hefur verið unnið að samræmdri skólastefnu bæði grunn- og framhaldsskóla. Framhaldsskólar á Austurlandi hafa um árabil verið í samstarfi um námsframboð og kennslu. Þá hafa nemendur í grunnskólum getað hafið nám á framhaldsskólastigi að loknum samræmdum prófum í 8. og 9. bekk.

Sjávarútvegur hefur verið aðalatvinnugreinin á Austurlandi þar sem til staðar er mikil þekking á uppsjávarfiski, fiskimjölframleiðslu og landvinnslu. Margvísleg tækifæri eru til staðar í tengslum við þessa þekkingu, tengd fiskeldi, frekari hagnýtingu á úrgangi frá landvinnslu og rannsóknir tengdar lífríki sjávar.

Ferðamannaiðnaðurinn er vaxandi atvinnugrein á Austurlandi og er fjórðungurinn um margt sérstakur sem áningarstaður ferðamanna, má þar nefna gott aðgengi að Vatnajökli og hálendinu, mikil skóglendi í Hallormsstað og veiðilendur hreindýra. Öflugt menningar- og félagslíf er á Austurlandi, á sumrin er boðið uppá fjölbreytta dagskrá ólíkra bæjarhátíða og Listahátíð ungs fólks (Lunga) sem hlaut viðurkenninguna Eyrarrósin 2005. Að vetri eru menningarviðburðir á borð við daga myrkurs og jazz hátíðir. Menningarmiðstöðvar eru til staðar víða í fjórðungnum, má þar nefna Skaftfell á Seyðisfirði, Eiðar á Fljótsdalhéraði, Skriðuklaustur og Jöklasýninguna á Höfn. Þá sýndu Austfirðingar frumkvæði á landsvísu með stofnun Menningaráðs Austurlands en með því færðist stjórn og stuðningur menningarmála frá ríkinu til heimamanna.

Veikleikar

| <i>Helstu veikleikar svæðisins eru</i> | Norð- Austurland | Mið- Austurland | Suð- Austurland |
|---|---------------------|--------------------|--------------------|
| Takmarkað námsframboð, menntunarstig og rannsóknastarf | | | |
| Lágt hlutfall háskólamenntaðra | X | X | X |
| Skortur á fólki með iðn- og verkmenntun | X | X | X |
| Framboð og þátttaka í símenntun | X | X | X |
| Fáir háskólanemendur í rannsóknatengdu framhaldsnámi | X | X | X |
| Fámennar/dreifðar rannsóknastofnanir, | X | X | X |
| Fáir með tilskilin réttindi til að hefja háskólanám | X | X | X |
| Samgöngur, ímynd og innviðir: | | | |
| Ímynd svæðisins mætti vera skýrari og sterkari | X | X | X |
| Skortir samstöðu um kjarna Austurlands | X | X | |
| Ófullnægjandi fjarskipti í dreifbýli | X | X | X |
| Dreifð byggð og erfiðar samgöngur | X | X | X |
| Hár meðalaldur íbúa | X | X | X |
| Ótryggt rekstrarumhverfi fyrir fyrirtæki | X | X | X |
| Kynjahalli, færri konur en karlar | X | X | |
| Skortir fjölbreytileika í atvinnulífi | X | | |
| Óvirkur fasteignamarkaður, lágt fasteignaverð | X | | X |
| Ótraust umhverfi atvinnulífsins | | | |
| Takmarkaður fjöldi opinberra starfa á svæðinu | X | X | X |
| Erfiðara að fá áhættufjármagn en á höfuðborgarsvæðinu | X | X | X |
| Fjarlægð frá höfuðborginni, hár flutningskostnaður | X | X | X |
| Skortir fjármagn til nýsköpunar og rannsókna | X | X | X |
| Skortur á gistirými | X | X | X |
| Skortir markaðssetningu og vörubröun á afþreyingu fyrir ferðamenn | X | X | X |

Þegar ofangreindir veikleikar eru skoðaðir komu fram sameiginleg einkenni með öðrum landsvæðum utan höfuðborgarsvæðisins, svo sem erfiðar samgöngur, ótryggt rekstrarumhverfi fyrirtækja, hár flutningskostnaður, takmörkuð þjónusta í minni byggðakjörnum, hár meðalaldur og lágt menntunarstig íbúa. Þá koma jafnframt fram þættir einsog óskýr ímynd og skortur á samstöðu. Mikilvægt er að stjórnvöld komi að því í auknum mæli að bæta rekstrarskilyrði fyrirtækja t.d. með úrbótum í samgöngukerfinu, ívilnunum vegna flutningskostnaðar og bættu aðgengi að menntun fyrir alla landsmenn.

Mikilvægt er að heimamenn taki höndum saman um að móta skýra ímynd fyrir svæðið og byggja upp eftirsóknarvert umhverfi fyrir háskólamenntað fólk. Aðstæður á fasteignamarkaði á Austurlandi eru mjög misjafnar, víða á smærri stöðum er fasteignaverð mjög lágt og lítil hreyfing á eignum sem m.a. veldur tregðu fjölskyldufólks við að flytja og fjárfesta á svæðinu.

Fyrirtækjum á svæðinu hefur ekki tekist sem skyldi að nýta sér möguleika tengda álversframkvæmdum sökum smæðar sinnar, rekstrarskilyrða og alþjóðlegrar samkeppni um verkefni. Ekki er nægjanleg gróska í atvinnulífi sem og skortur á sterkari og jákvæðari ímynd fyrir svæðið t.d. fyrir fjárfesta varðandi áhættufjármagn í ný fyrirtæki og verkefni. Þá er umfang opinberrar starfsemi á svæðinu mjög lítið og vel mætti líta til Austurlands varðandi ný verkefni á vegum hins opinbera. Skortur hefur samstöðu og samstarf um markaðssetningu á afþreyingu fyrir ferðamenn og þá hefur vantað gistirými yfir háannatíma og auka þarf nýtingu á gistirými yfir vetrartímann með uppbyggingu á vetrarferðamennsku og afþreyingu.

Tækifæri

| <i>Helstu tækifæri svæðisins eru:</i> | Norð- Austurland | Mið- Austurland | Suð- Austurland |
|---|---------------------|--------------------|--------------------|
| Uppbygging námsbrauta, rannsókna og dreifmenntunar: | | | |
| Aukin eftirspurn eftir námi tengdu iðnaði, tæknifræði og stjórnun | | X | X |
| Sérstaða og tækifæri til rannsókna geta laðað að vísindamenn og nemendur í rannsóknanámi | X | X | X |
| Þekkingaruppbygging, rannsóknir tengdar ferðaþjónustu, verndarsvæðum og sjálfbærri þróun | X | X | X |
| Tækifæri til að þróa staðbundið háskólanám | X | X | X |
| Tækifæri til nýsköpunar, tengja saman rannsóknir og atvinnulíf | X | X | X |
| Þróun samfélagsins, fleiri störf krefjast háskólamenntunar | | X | X |
| Tækifæri tengd fjölmenningu, nýbúafræðsla | X | X | X |
| Umbætur og efling samgangna: | | | |
| Uppbygging miðstöðva til fólksflutninga og ferðaþjónustu, ferjuhöfn og alþjóða flugvöllur | X | X | X |
| Uppbygging á alþjóðlegri höfn til sjóflutninga á Reyðarfirði | X | X | X |
| Umbætur í samgöngumálum, eitt atvinnusvæði | X | X | X |
| Nálægð við Evrópu | X | X | X |
| Aukið samstarf og stækkun sveitarfélaga | X | X | X |
| Möguleikar og sóknarfæri í atvinnulífinu: | | | |
| Möguleikar í landbúnaði og matvælaframleiðslu | X | X | X |
| Möguleikar tengdir nýtingu jarðefna | X | X | X |
| Sóknarfæri í ferðaþjónustu að vetri til | X | X | X |
| Styrkur af álveri, afleidd þjónusta og aukið atvinnuöryggi | X | X | |
| Uppbygging fyrirtækja er tengjast afþreyingu ferðamanna | X | X | X |
| Ýmis jarðrækt í landbúnaði | | X | X |

Líkt og fram kemur í ofangreindri upptalningu þá eru mörg tækifæri til atvinnuuppbyggingar og samfélagsþróunar á Austurlandi. Þessi tækifæri eru á mörgum sviðum en síst á þeim 3 megin sviðum sem varða sjávarútveg/matvælaframleiðslu, ferðamennsku/menningu og menntun/rannsóknir. Mikil reynsla í sjávarútvegi og landbúnaði getur leitt til nýsköpunar á svæðinu. Það sama má segja um öflugt menningarstarf og uppbyggingu í ferðaþjónustu.

Mikilvægt er að horfa til þess að auka framboð á háskólanámi og símenntun og skapa þannig eftirspurnartar starfsumhverfi fyrir menntafólk. Jafnhliða er nauðsynlegt að efla og styðja við rannsóknir og þróunarstarf til að takast megi að auka nýsköpun í atvinnulífinu og byggja upp staðbundið háskólanám. Þegar hafa verið stigin fyrstu skrefin í slíkri þróun með stofnun Þekkingarnets Austurlands (ÞNA) og eflingu þekkingarsetra á Höfn, Neskaupsstað og Egilsstöðum.

Á Austurlandi eru til staðar ónýttir möguleikar í nýtingu jarðefna, uppbyggingu á afþreyingu og gistirými fyrir ferðamenn og eflingu á verktakastarfsemi og þjónustu í tengslum við álver í Reyðarfirði. Til þess að atvinnulífið geti nýtt tækifærin er nauðsynlegt að skapa aðstæður fyrir og stuðning við frumkvöðla og fyrirtæki til að takast á við ný verkefni og auknar alþjóðlegar kröfur um gæði og skilvirkni. Í þessu sambandi er mikilvægt að stuðla að sérhæfingu og samstarfi fyrirtækja um stærri verkefni sbr. farsæla reynslu af stofnun Héraðsverks.

Með umbótum í samgöngum á Austurlandi, sbr. ný Fáskrúðsfjarðargöng, skapast möguleikar á að vinna með Mið-Austurland sem eitt atvinnusvæði. Með göngum undir Helligshéið-eystri gæti Norð-Austurland hæglega tengst því atvinnusvæði. Mörg sóknarfæri hafa og munu skapast í ferðaþjónustu og flutningum á Norður-Atlandshafi, með uppbyggingu, á alþjóðlegum flugvelli á Egilsstöðum til fólks- og fragtflutninga, á öflugri höfn fyrir sjóflutninga í Reyðarfirði og frekari hagnýtingu á einstökum aðstæðum fyrir móttöku skemmtiferðaskipa á Seyðisfirði. Á Suðausturlandi má ætla að helstu tækifærin til sóknar tengist aukinni ferðaþjónustu, formlegri stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs og aukinni áherslu á umhverfi og náttúru, en einnig tengingu við menningararf í nútíð og fortíð. Má í því sambandi m.a. nefna uppbyggingu Þórbergssseturs á Hala í Suðursveit og fornleifarannsóknir í Örfæfum. Efling svæðisins felst einnig í auknu samstarfi við Skaftárhrepp í tengslum við ferðaþjónustuna og þjóðgarðinn.

Ógnanir

| <i>Helstu ógnanir svæðisins eru:</i> | Norð- Austurland | Mið- Austurland | Suð- Austurland |
|---|---------------------|--------------------|--------------------|
| Takmarkað námsframboð | | | |
| Ónógt framboð á fjarnámi á háskólastigi | X | X | X |
| Skortir framboð á aðfarnámi í raun- og tæknigreinum | X | X | X |
| Ótraust umhverfi atvinnulífs: | | | |
| Minnkandi hlutdeild í botnfiskkvóta | | X | |
| Ótraust umhverfi landvinnslu | | X | |
| Óhagkvæm gengisþróun og sveiflur fyrir útflutningsgreinar | X | X | X |
| Alþjóðleg samkeppni verktaka | | X | |
| Erfiðleikar í rekstri ferðaþjónustufyrirtækja | X | X | |
| Samdráttur í verslun og þjónustu í minni byggðarlögum | X | | |
| Fækkun starfa í hefðbundnum atvinnugreinum | X | X | X |
| Samkeppni um sérhæft vinnuafli | X | X | X |
| Ónóg atvinnutækifæri að loknu háskólanámi | X | | X |
| Fólksfækkun í smærri byggðarlögum og á jaðarsvæðum | X | | X |
| Neikvæð viðhorf til byggðamála | X | X | X |

Ógnanir tengjast ýmsum þáttum, bæði innlendum og alþjóðlegum. Ein helsta ógnun við atvinnulíf á svæðinu, er óstöðugt rekstrarumhverfi sem fram kemur í miklum gengissveiflum og háum vöxtum. Íslenska gjaldeyriskerfið er eitt það allra smæsta í heimi með sjálfstæðan fljótandi (markaðsskráðan) gjaldmiðil og líklegt er að smæð þess magni upp allar gengissveiflur og vexti hér á landi langt umfram það sem eðlilegt er og ella væri, ef Ísland væri hluti af stærra gjaldeyriskerfi.

Smæð gjaldeyriskerfisins kann að valda því að gengi krónunnar er afar óstöðugt og viðkvæmt fyrir innlendum sem erlendum áhrifum, og magnar af þeim sökum upp allar sveiflur og áhrif langt umfram það er eðlilegt er (sveiflumagnari), sem um leið eykur áhættu alls gjaldeyris- og fjármálakerfisins. Dæmi um þetta má m.a. sjá á gengisþróun í tengslum við einstaka innendar framkvæmdir sem og við kaup erlendra aðila á íslenskum skuldabréfum, þar sem tiltölulega litlar fjárhæðir í alþjóðlegum samanburði hafa mikil áhrif á gengisþróun krónunnar. Einstaka erlendar skýrslur og fréttir virðast einnig geta haft veruleg áhrif á gengið.¹²

Bera mætti hið smáa íslenska gjaldeyriskerfi saman við stærra gjaldeyriskerfi – við lítinn bát og stórskip á sjó, þar sem báturinn er á sífelldri hreyfingu hvort sem það stafar af hreyfingum innan bátsins eða öldum utan hans, á meðan stærra skip hreyfast ekki í sambærilegum tilfellum. Starfsskilyrði atvinnulífsins eru því stöðug hvað þetta varðar í stóru skipi, á meðan ríkja miklar sveiflur í hinum smáa bát á úthöfum alþjóðlegs fjármálamarkaðar, með samsvarandi aukinni áhættu og kostnaði. Þessar gengissveiflur og háir vextir kosta einstaklinga og atvinnulíf miklar fjárhæðir og skaða um leið samkeppnishæfni, hagþróun og lífskjör. Slíkar sveiflur skaða meira landsbyggð eins og t.d. Norðurland vestra til skemmrí tíma, þar sem hærra hlutfall útflutnings- og samkeppnisgreina er á þeim svæðum en á höfuðborgarsvæðinu, eins og bent er á í nýlegri skýrslu um fasteignamarkaðinn.^{13 14}

Fólksfækkun í smærri byggðarlögum tengist samdrætti í sjávarútvegi og landbúnaði á meðan fólksfjölgun í stærra byggðakjörnum tengist uppbyggingu stóriðju og þjónustugreina. Neikvæð umræða um byggðamál hefur verið sérstaklega áberandi í kringum umbætur í samgöngum á landsbyggðinni, sem þó er einungis grundvallaratriði í starfsskilyrðum atvinnulífs og fólks á viðkomandi svæði. Þá skortir enn á að fullnægjandi fjarskipti séu til staðar í smærri byggðarlögum sem torveldar þátttöku íbúa og fyrirtækja í upplýsingasamfélaginu.

Varðandi frekari þróun byggðar á Austurlandi er mikilvægt að vinna að því að auka fjölbreytileika atvinnulífs á svæðinu og skapa með því jákvæða ímynd sem vinnur gegn neikvæðri ímynd margra af uppbyggingu álvers og orkuvers á hálendinu.

¹² Útkoma skýrslu Fitch Rating um lánshæfismat Íslands 21. feb. 2006 og mikið fall krónunnar í kjölfarið, sem og fl. skýrslur.

¹³ Landfræðilegt litróf íslenska fasteignamarkaðarins (bls. 6, 9, 11, 24), iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið 2005, sjá vefslóð, <http://www.idnadarraduneyti.is/utgefing-efni/skyrslur/nr/1754>

¹⁴ Vaxtarsamningur Suðurlands, Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, apríl 2006.

8 Vaxtarsamningur Austurlands - svið og tillögur

Matvælaframleiðsla

Matvælaframleiðsla er höfuðatvinnugrein á Austurlandi og fellst í öflugum sjávarútvegi, sérstaklega botnfiskveiðum og mjölvinnslu. Þá eru á svæðinu öflug landbúnaðarhéruð og landshlutinn hefur þá sérstöðu að vera miðstöð fyrir veiðar á villtum dýrum. Á Austurlandi eru t.d. heimkynni íslenska hreindýrastofnsins. Með samdrætti í fiskveiðum og vinnslu hafa komið upp ný atvinnutækifæri tengd fiskeldi, fullvinnslu sjávarfangs og verkefnum er tengjast hreindýraveiðum og vinnslu. Á fundi helstu hagsmunaaðila er tengjast matvælaframleiðslu á Austurlandi var sett fram eftirfarandi framtíðarsýn fyrir greinina.

Framtíðarsýn um matvælaframleiðslu á Austurlandi

Stefnt er að því að auka verðmætasköpun og arðsemi í matvælaframleiðslu þannig að áfram muni um þriðjungur íbúa á Austurlandi starfa við matvælaframleiðslu 2020. Í þróun greinarinnar verður lögð áhersla á að byggja upp samstarf og móta sameiginlega ímynd fyrir framleiðendur á svæðinu samhliða auknum stuðningi og ráðgjöf við nýsköpun og vöruþróun í greininni. Mikilvægt er að ímynd austfirskra framleiðenda byggji á gæðum framleiðslunnar (Gourmet neytendavara), sérstöðu svæðisins og séríslensku hráefni s.s. lambakjöt, hreindýr, villibráð, humar og þorskur. Alls bárust um 20 tillögur um verkefni tengd matvælaframleiðslu á Austurlandi. Með því að sameina tillögur undir áherslusvið og klasa var tillögum fækkað í þær 8 sem kynntar eru hér að neðan:

Tillögur á matvælasviði

| Landbúnaður | Sjávarútvegur | Klasar |
|--|--|--|
| 1. Slátrun búfjár og kjötframleiðsla á Austurlandi 2. Hreindýraslátruhús og kjötverkun | 3. Nýting á afurðum í mjöl- og lýsisvinnslu 4. Þróun á fiskimjöli og lýsi 5. Fullvinnsla á eldislaxi á Djúpavogi | 6. Matvælaframleiðsla á Vopnafirði a. Fullvinnsla sjávarafurða á Vopnafirði b. Sjávareldi með gildrum 7. Matvælaklassi Suðausturlands a. Heimasala afurða bænda b. Jöklavodka |
| 8. Matvælarannsóknir á Austurlandi b. Rannsóknamiðstöð fyrir leturhumar c. Rannsóknamiðstöð fyrir lifandi sjávarafurðir d. Rannsóknir á sviði matvælaframleiðslu á Suð-Austurlandi e. Rannsókn á fiskeldi í ferskvatni | | |

Landbúnaður

Slátrun búfjár og kjötframleiðsla á Austurlandi

Tillaga: Óskað er eftir ráðgjöf við stofnun sláturhúss í nágrenni Egilsstaða eða á Breiðdalsvík, aðstöðu til slátrunar búfjár og grófstykkjunar kjöts. Aðstaðan verði af viðráðanlegri stærð, svo að fjármögnun geti að mestu byggst á eigin fé. Húsið yrði af hæfilegri stærð (t.d. 400-600 lömb á dag), byggt með hagkvæmni í huga þannig að afkoma rekstrarins yrði trygg.

Markmið.

- a. **Nýbreytni í íslenskri kjötframleiðslu.** Ekkert nýtt sláturhús hefur verið byggt á Íslandi í þrjú áratugi. Á meðan hafa kröfur til heilbrigðismála, tækni og starfsaðferðir tekið miklum breytingum.
- b. **Aukin gæði framleiðslu.** Rannsóknir hafa sýnt að auðveldara er að tryggja gæði í smáum slátrunareiningum en stórum.
- c. **Þjóna markaði fyrir lífrænt ræktaða framleiðslu.**
- d. **Nýta markaði, sem eru innan seilingar.** Húsið lægi vel við útflutningi til Evrópulanda, og á Austurlandi er vaxandi kjötmarkaður vegna fólksfjölgunar.
- e. **Viðhalda fjölbreytni í atvinnulífi fjórðungsins** og nýta hæft vinnuafli bænda í fjórðungnum.

Rök. Nýtt sláturhús á Austurlandi ætti möguleika á að tryggja kjötgæði umfram það sem almennt gerist þar sem aðbúnaður yrði frá upphafi hannaður með það í huga. Verður það til dæmis gert með því að lengja þann tíma sem líður frá aflifun gripa til frystingar kjöts, styttri flutningstíma gripa og öðrum aðferðum, sem rannsóknir sýna að fallnar eru til þess að bæta gæði framleiðslunnar.

Undirstaða allra byggða er nýting þeirra auðlinda sem í landinu liggja. Landgæði á Austurlandi til landbúnaðar jafnast á við það sem best þekkist annars staðar á landinu.

Á Austurlandi er allstórt svæði án sláturhúss, en á þessu svæði falla til 15% af landsframleiðslu lambakjöts. Með rekstri tiltölulega smárrar einingar ætti slátrun utan meginsláturtíðar sauðfjár að verða léttari í vöfum, en ef um stærri einingu væri að ræða.

Sundurtaka og snyrting kjöts strax eftir slátrun skapar hagræðingu og sparar tíma við afgreiðslu.

Lögð er rík áhersla á ábyrgð viðkomandi bænda á rekstrinum, enda gert ráð fyrir því að hann verði í þeirra höndum að meirihluta til. Þeir myndu færast nær markaði og yrðu meðvitaðri um kröfur hans.

Flutningsvegalengd gripa myndi styttest verulega. Dýralæknar hafa varað við því að hafa svo stórt svæði landsins sláturhúslaust, komi upp smitsjúkdómar í búfé. Þá er með uppbyggingunni tekið tillit til dýraverndunarsjónarmiða, sem munu njóta vaxandi fylgis í framtíðinni.

Ábyrgð á framkvæmd. Sláturfélag Austurlands, en það stendur meðal annars að söluverkefni Austurlamb.is.

Tillaga um aðra þátttakendur: Leitað verði eftir samstarfi við aðila, sem tengjast markaði innanlands og erlendis og hugsanlega öðrum sláturhúsum, sem rekin eru með hefðbundnum hætti.

Tímaáætlun. Áætlun verði fullunnin veturinn 2006. Þjálfunar- og framkvæmdatímabil júlí 2006 - júní 2007. Framleiðsla hefjist eigi síðar en haustið 2007.

Kostnaðaráætlun. Gert er ráð fyrir að hefjast mætti handa við byggingu sláturhússins sem væri komin í fullan rekstur haustið 2007. Óskað er eftir stuðningi til að ráða sérfræðing(a) er komið gætu að fullvinnslu á fyrirbyggjandi rekstraráætlun.

Hreindýrasláturhús og kjötverkun

Tillaga: Óskað er eftir aðstoð við fjármögnun og stofnun hreindýrasláturhúss og kjötverkunar í Fjarðabyggð

Markmið: Markmið með hreindýrasláturhúsi og kjötverkun í Fjarðabyggð er að auka þjónustu við hreindýraveiðimenn á svæðinu, auk þess að auka gæði og nýtni afurða dýranna. Góð aðstaða til kælingar gæti að auki lengt dvalartíma þessara manna á svæðinu við náttúruskoðun sem leiðir af sér aukna arðsemi í greininni.

Rök: Með aukinni aðsókn aðkomumanna til veiða, er sérstaklega nauðsynlegt að geta boðið þeim mönnum viðunandi aðstöðu fyrir fláningu og verkun á kjöti. Heimamenn eru einnig oft í vandræðum með aðstöðu til kælingar. Langt er í viðurkennt sláturhús. Óviðunandi er til framtíðar að hreindýraveiðimenn þurfi að geyma dýrin sín í lækjum eða öðrum misslæmum stöðum til kælingar eftir að veiðum lýkur. Margir þessara veiðimanna vilja dvelja lengur á svæðinu og myndu gera það, ef skrokkarnir lægju ekki undir skemmdum vegna flugu og hita sem oft er í júl-ág-sept. Undanfarin ár hafa tarfaveiðar hafist 15.-20. júlí og eru þá oft miklir hitar með tilheyrandi vandamálum. Dæmi eru um að skrokkar hafi eyðilagst af þessum sökum og þar með veiðiferðin.

Oft eru langir dagar við veiðarnar og veiðimenn oft ekki í neinu ástandi til langferða fyrr en að góðri hvíld liðinni. Þá hvíld fá menn ekki nema vita af kjötinu sínu í góðri aðstöðu. Mjög mikilvægt er að skrokkarnir komist sem fyrst í kælingu og er því nauðsynlegt að hafa aðstöðuna sem næst veiðisvæðinu.

Aukin þjónusta er svo við veiðimennina að geta boðið þeim upp á verkun á kjötinu og því sem til fellur við veiðarnar. Margir veiðimenn kjósa að fá kjötið sent á eftir sér til síns heima í neytendaumbúðum, í viðurkendum kæli eða frystibilum. Það eykur arðsemina af veiðunum til muna hér á svæðinu, auk þess sem gæðin aukast að sama skapi, þar sem kjötið þarf ekki að veltast um í einkabílum í mis langan tíma í mis miklum hita.

Undanfarin ár hafa aðilar á Mjóeyri boðið veiðimönnum upp á kælingu og verkun við mjög frumstæðar aðstæður sem veiðimenn hafa nýtt sér. Kjötíonaðarmenn hafa þar verið að „stelast“ til að hluta sundur dýrin og pakka þeim til flutnings. Mikilvægt er að koma upp löglegri aðstöðu til verkunar og vinnslu á hreindýrakjöti til að mæta þörfum veiðimanna á svæðinu.

Ábyrgð: Mjóeyri ehf. / Sævar Guðjónsson leiðsögumaður með hreindýraveiðimönnum.

Aðrir þáttakendur: Aðrir hreindýraleiðsögumenn ásamt kjötíonaðarmönnum og veiðimönnum á svæðinu.

“Eins og áður sagði hefur Mjóeyri ehf. boðið upp á frumstæða aðstöðu til verkunar og kælingar og hafa leiðsögumenn af svæðinu nýtt sér hana með þökkum. Mjög góð reynsla hefur þó myndast af þessum tilraunum og engin ástæða til að ætla að menn myndu ekki nýta sér fullkomna aðstöðu í mun meira mæli en nú er gert. Auk þess sem sameiginleg aðstaða til verkunar kemur til með að auka samvinnu leiðsögumanna, öllum til góða”.

Tímaáætlun: Aðstaðan þarf helst að vera tilbúin fyrir veiðitímabil frá miðjum júlí og vera til staðar svo lengi sem hreindýraveiðar eru stundaðar með núverandi eða sambærilegum hætti.

Kostnaðaráætlun: Gróf kostnaðaráætlun er að fullbúið hús með kæli/frysti og aðstöðu fyrir húðir og fl. sem til fellur við veiðarnar nemi um 6.000.000 kr. og er þá verið að tala um hús sem gæti fengið vottun sem löglegt hreindýrasláturhús.

Sjávarútvegur

Nýting á afurðum í mjöl og lýsisvinnslu til vöruþróunar

Tillaga: Sett verði af stað verkefni er skoðar möguleika á þróun frekari afurða úr mjöli og lýsi. Mjöl er mjög próteinrík afurð sem býður uppá ýmsa möguleika. Grunneiginleikar lýsis eru þekktir og heilsusemi þess vel þekkt.

Markmið: Markmið verkefnisins er að skoða möguleika á að nýta mjöl og/eða lýsi sem hráefni í afurðir; Heilsuvörur (vítamín, náttúruleg og fleira): Próteinfæði (fæðubótarefni). Kanna grundvöll vöruþróunar á þessu sviði. Ef allt gengur eftir, að vinna þetta alla leið.

Rök: Í fyrsta lagi ber að benda á að Austurland er lang stærsta framleiðslusvæði fyrir mjöl og lýsi á Íslandi. 60-70% af landsframleiðslunni fer fram á þessu svæði (Hornafjörður - Vopnafjörður). Framleitt magn mjöls á svæðinu er á bilinu 140-160 þúsund tonn, framleitt magn af lýsi er 35-40 þúsund tonn á svæðinu. Lang stærstur hluti framleiðslunnar er fluttur út sem hráefni til frekari vinnslu, þá sérstaklega á fóðri til skepnu- og fiskeldis.

Mjöl er mjög próteinrík afurð og að því leiti ákjósanlegt hráefni í próteinríkar vörur, svo sem fæðubótarefni, heilsuvörur og slíkt. Eiginleikar lýsis eru þekktir að hluta, þó er ýmislegt órannsakað varðandi möguleg lækningaráhrif þess og þá síðan möguleika á að þróa vörur eða lyf sem nýtir lýsi sem eitt af grunn hráefnum.

Þörfin fyrir heilsuvörur, fæðubótarefni og náttúruleg lyf af ýmsu tagi er sívaxandi. Aðgangur að hágæða hráefni verður æ mikilvægari og því eru markaðstækifærin fyrir hendi, sé mögulegt að þróa vörur sem uppfylla slíkar þarfir. Samantekið:

- Mikið framboð af hágæða hráefni.
- Grunneiginleikar hráefnisins eru þess eðlis að bjóða uppá þróun afurða sem eftirspurn er eftir.
- Markaðir fyrir heilsuvörur eru gríðarlegir og fara vaxandi.
- RF hefur um nokkurt skeið kannað möguleika á nýtingu loðnulýsis til manneldis.

Ábyrgð á framkvæmd: RF, hagsmunaaðilar á svæðinu (SVN, Eskja, Loðnuv., HB Grandi, SP). AVS og fleiri

Aðrir þátttakendur: Lyfjafyrirtæki, heilsufyrirtæki. Háskóli Reykjavíkur (framleiðslulausnir), tækjaframleiðendur.

Tímaáætlun: Unnin verði rannsóknaráætlun í 2006-2007.

Kostnaðaráætlun: Eftir að meta.

Tengd tillaga:

Þróun á fiskimjöli og lýsi úr fiskúrgangi frá fiskvinnslufyrirtækjum á Austurlandi og stuðla að betri nýtingu á hráefni sem til fellur frá fiskvinnslufyrirtækjum og jafnframt þróa aðrar afurðir úr hráefninu. Fiskvinnslufyrirtækjum er gert að urða þann lífræna úrgang sem ekki nýtist. Þau hafa þó hingað til að einhverju leyti getað sett úrgang í bræðslur. Með uppsetningu á hæfilega stórrí vinnslueiningu er því bæði verið að leysa urðunarkostnað og nýta vannýtt hráefni sem þegar er til staðar. Með slíkri verksmiðju er því verið að koma til móts við vaxandi kröfur frá opinberum aðilum um förgun á úrgangi. Gera má ráð fyrir að framtíðarkröfur verði þær að öll urðun á lífrænum úrgangi verði bönnuð eins og hefur verið gert í Noregi til margra ára. Vitað er að í þessu vannýtta hráefni eru mörg lífvirk efni eins og t.d. ensím sem hægt er að vinna og þar með að auka virði afurða. Þekking á vinnslu ensíma er þekkt héraðs og hægt að nálgast. Eftirfarandi aðilar gætu komið að verkefningu; Þvottatækni ehf., Herðir ehf. Egilstöðum, Salar Islandica ehf., Sæsilfur ehf., Norður ehf.

Fullvinnsla á eldislaxi á Djúpavogi

Tillaga: Komið verði á fót fyrirtæki á Djúpavogi sem hefur það að markmiði að fullvinna laxaafurðir frá sjóeldiskvíum Salar Islandica í Berufirði, ekki síst fyrir erlenda markaði. Horft er m.a. til þess að við hverja slátrun á laxi fellur til umtalsvert magn af fiski sem stenst ekki kröfur kaupenda, er eiga viðskipti við Salar Islandica. Þar um að ræða fisk, sem er lítilsháttar útlitsgallaður og/eða orðinn kynþroska. Sá fiskur þykir hinsvegar henta mjög vel til annarrar fullvinnslu eins og þess að reykja hann eða "grafa" og enn fremur í ýmsa aðra laxarétti t.d. paté, saltat og fl.

Markmið: Markmiðið með fullvinnslufyrirtæki á laxaafurðum er að nýta þau tækifæri sem gefast með þeim nýja sprota, sem laxeldi í Berufirði er orðið, auka á fjölbreytni starfa í byggðalaginu og stefna á útrás þesskonar fyrirtækis. Benda má á að rekstur fyrirtækisins hefur gengið vel og verið mjög áfallalíttill.

Rök: Í dag eru nú þegar fyrirtæki héraðs og erlendis að kaupa laxaafurðir frá Djúpavogi til fullvinnslu m.a. sjá Færeyingar sér hag í því að kaupa lax frá Djúpavogi (með "haus og sporði") til fullvinnslu og áframsendingar á erlenda markaði. Gæði laxins hjá Salar Islandica eru mikil og líklega hafa fá eða engin önnur hérað fyrirtæki náð betri tókum á eldi af þessu tagi. Hagkvæmt ætti að vera að koma upp fullvinnslufyrirtæki af þessum toga á Djúpavogi, ekki síst í ljósi nálægðar við rekstur fyrirtækisins. Hráefni á að fást á mjög hagstæðum kjörum.

Ábyrgð á framkvæmd: Djúpavogshreppur / iðnaðarráðuneyti. Þá hafa fyrirtæki á svæðinu sýnt hugmyndinni áhuga

Aðrir þáttakendur: Atvinnumálanefnd Djúpavogshrepps, einstaklingar/fyrirtæki í Djúpavogshreppi.

Tímaáætlun: Starfsemi hefjist árið 2006 með langtímastarfsemi að leiðarljósi.

Kostnaðaráætlun: Stofnkostnaður á fyrsta ári er áætlaður um 20 milljónir. Helsti kostnaður á fyrsta ári er húsnæði,(kaup eða leiga) tækjabúnaður, markaðsmál og starfsmannahald.

Klasar

Matvælaíðnaður á Vopnafirði

Tillaga varðar: Að leitað verði leiða til að auka ráðgjöf við og efla matvælaíðnað á Vopnafirði.

Markmið: Til langs tíma hefur matvælaíðnaður verið stundaður á Vopnafirði, nægir að benda á mjólkursamlag og sláturhús. Ljóst er að mjólkuriðnaðurinn er í uppnámi eftir uppkaup MF á mjólkursamlagi staðarins, þörf er því á nýiðnaði.

Rök: Sláturhúsið á Vopnafirði hefur verið að styrkja sig í sessi á undanförunum árum, þar er að finna enn frekari vaxtarmöguleika. Þegar hefur verið komið á samstarfi sláturhússins og Kjarnafæði hf. - nýta þarf samstarfið til að koma á vinnslu heima í héraði.

Atvinnumálafulltrúi hefur ásamt Þróunarfélagi Austurlands verið að skoða möguleikann á að flytja til Vopnafjarðar matvælafyrirtæki sem þegar eru í rekstri þar sem nýta má þekkingu sem til staðar er sem og húsnæði mjólkursamlagsins.

Ábyrgð og framkvæmd: Vopnafjarðarhreppur, sláturhúsfélag Vopnafjarðar, Búnaðarfélag Vopnafjarðar, Þróunarfélag Austurlands, Impra nýsköpunarmiðstöð, fjárfestar.

Tímaáætlun: 2006-2007.

Kostnaður: Gert er ráð fyrir fjármagni til að fjármagna ráðgjöf við verkefnið í tengslum við gerð viðskiptaáætlana og fjármögnun.

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofangreinda megingtillögu:

Fullvinnsla sjávarafurða á Vopnafirði

Að vinna þróunarverkefni og byggja upp atvinnustarfsemi er tengist frekari fullvinnslu loðnu og annarra sjávarafurða á Vopnafirði. Hér gæti verið um að ræða niðursuðu loðnu og fullvinnslu hráefnis sem nú þegar er unnið í frystihúsi HB- Granda á Vopnafirði. Slík fullvinnsla gæti átt sér stað í nýrri verksmiðju á Vopnafirði eða með eflingu á núverandi starfsemi. Vopnafjörður er utan marka hins eiginlega stóriðjusvæðis Mið-Austurlands og verður því sem fyrr að treysta á framleiðslu sjávarafurða. Sérstaða Vopnafjarðar endurspeglast í því að Vopnafirðingar sjálfir hafa mikla reynslu af úrvinnslu sjávarurða, en hafa ekki líkt og mörg önnur sveitarfélög treyst á erlent og tímabundið vinnuafli til þeirrar starfsemi.

Sjávarfiskeldi með gildrum

Eldi framkvæmt í botnlægum eldisgildrum er veiða þorsk í sig sjálfar og þjóna jafnframt sem eldisbúr. Þorskeldi er ný atvinnugrein á Íslandi, miklar væntingar eru til atvinnugreinarinnar. Mikilvægt er að þessi aðferð verði þróuð enn frekar með rannsóknum.

Mjólkuriðnaður á Austurlandi

Kanna þarf möguleika á að efla mjólkuriðnað á Austurlandi. Á undanförunum árum hefur mjólkurkvótinn og mjólkurframleiðslan verið að færast til aðila utan fjórðungsins. Þessi þróun hefur orðið til þess að þekking heimamanna á framleiðslu og vöruþróun mun ekki nýtast í framtíðinni sem skyldi. Mikilvægt er að leita leiða til að halda einhverjum hluta framleiðslu og/eða markaðssetningar innan svæðisins. Sérstaklega er þetta mikilvægt með tilliti til sameiginlegrar markaðssetningar (ímyndaruppbyggingar) á gæðavörum matvælaíðnaðar á Austurlandi, gourmet framleiðslu, sem verður eitt af verkefnum matvælasviðs/klasa vaxtarsamnings.

Matvælaklassi Suð-Austurlands

Tillaga. Lagt er til að matvælaframleiðsla svæðisins verði þróuð eftir Klasaaðferðafræðinni. Ráðinn verði verkefnisstjóri "drifskaft" til verkefnisins sem hafi aðstöðu í þekkingarsetrinu Nýheimum og fjármögnun verkefnisins verði tryggð.

Á Hornafirði eru framleiddar margvíslegar matvörur, margar í hæsta gæðaflokki. Þar má nefna sjávarfang eins og humar, saltfisk og síldarafurðir. Einnig er starfandi fyrirtæki sem sérhæfir sig í framleiðslu á ensímum og bragðefnum fyrir matvælaíðnaðinn. Í sveitum er einnig verið að framleiða hágæða vöru, t.d. fasana, endur, svín, bleikju, ál, lambakjöt, kartöflur og grænmeti. Einnig er verið að framleiða neytendaafurðir úr kartöflum á svæðinu. Verkefnið felst í að stuðla að samvinnu allra matvælaframleiðenda svæðisins og skapa afurðum þeirra sérstöðu og samvinnu um áframvinnslu afurða.

Stefna og markmið matvælaklassa Suðausturlands er að framleiða og markaðsetja hágæða afurðir í sjávarútvegi og landbúnaði sem tengjast svæðinu. Að landsvæðið verði þekkt hérað fyrir framleiðslu á gormet matvælum.

Með markvissu klasasamstarfi fyrirtækja innan sjávarútvegs og landbúnaðar, stofnana og sveitarfélags verði svæðið þekkt fyrir framleiðslu á hágæða (gormet) matvælum. Efla framhaldsvinnslu matvæla, rannsóknir, þróun fræðslu, menntun um matvælaframleiðslu.

Rök: 12 nóvember 2004 var haldið opið málþing í Sveitarfélaginu Hornafirði sem bar yfirskriftina "Klasar - Samstarf og samkeppni - leiðir til að efla atvinnulíf". Markmið málþingsins var að kynna klasaaðferðafræðina fyrir íbúum svæðisins og fá svar við spurningunum:

- a. Getur klasaaðferðafræðin verið drifkraftur atvinnusköpunar á svæðinu ?
- b. Ef svo er hvaða klasa væri hægt að þróa?

Fundarmenn voru sammála um að klasaaðferðafræðin gæti verið verkfæri til atvinnusköpunar. Þátttakendur töldu að tækifæri til að þróa klasa væri í ferðaþjónustu og matvælaframleiðslu svæðisins. Sjá meðfylgjandi AIR OPERA greiningu.

Matvæli hafa verið framleidd á svæðinu sem hafa töluverða sérstöðu og teljast til matvæla sem hafa Gormet stimpil á sér og má þar helst nefna humar, saltfisk, endur og ál.

Matarhefðir og matarmenning eru vaxandi hluti af ferðaþjónustu víða í heiminum og þess vegna er sterk tengsl á milli ferðaþjónustuklasans og matvælaklasans.

Ábyrgð á framkvæmd. Frumkvöðlasetur Austurlands, Sveitarfélagið Hornafjörður, matvælaframleiðendur

Tímaáætlun. Verkefnið er langtímaverkefni en hugmyndin er að starfsgreinin tileinki sér aðferðafræði klasanna og að ákveðnum tíma liðnum verði verkefnið sjálfbært og verði eðlilegur hluti starfseminnar.

Kostnaðaráætlun :Samtals: 5.000.000

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofangreinda megingtillögu:

Heimasala afurða bænda: Flýtt verði þeirri vinnu er miðar að því að leyfa heimasölu afurða bænda. Bændur hafa yfir að ráða þekkingu á úrvinnslu hefðbundinna landbúnaðarafurða, má þar nefna sláturgerð, söltun og reykingu kjöts. Bein sala frá bónda til neytenda getur bæði orðið mikil búbot fyrir einstaka bændur sem skara fram úr í úrvinnslu matvæla og einnig góð viðbót fyrir ferðamennsku á viðkomandi svæði enda eru matarhefðir og matarmenning vaxandi hluti af ferðaþjónustu víða í heiminum.

Jöklavodka : Lagt er til að sett verði á stofn fyrirtæki sem framleiði og/eða markaðssetji jöklavodka. Vodkinn á að vera þannig gerður að öll hráefni sem tengjast framleiðslu hans séu afurðir jökulsins. Orkugjafinn eða sykurinn kemur úr kartöflum sem fá næringarefni sín úr jökulframburði, vatnið sem notað verður til að blanda spirann með verður bráðið jöklavatn . Öll hráefni sem tengjast framleiðslunni eru til staðar á svæðinu.

Matvælarannsóknir á Austurlandi

Tillaga: Lagt er til að efdur verði stuðningur við rannsókn- og þróunarvinnu tengdri sjávarútvegi og matvælaklasa á Austurlandi

Markmiðið er að efla rannsókn- og þróunarvinnu tengda sjávarútvegi og stuðla að uppbyggingu matvælaklasa Austurlands.

Rök: Hornfirðingar hafa þegar unnið fjölda slíkra verkefna í samstarfi við fyrirtæki á svæðinu og R&D stofnanir utan þess. Sem dæmi má nefna, **veiðar og vinnsla á lifandi og ferskum leturhumri og sjálfbæra nýtingu á íslenska álnum:**

Ábyrgð á verkefninu: Sjávarútvegsráðuneytið, RF og Hafró, Frumkvöðlasetur Austurlands, Sveitarfélagið Hornafjörður, Þróunarfélag Austurlands og sjávarútvegsfyrirtæki á Austurlandi. Vopnafjarðarhreppur, Búnaðarsamband Austurlands.

Tíma og kostnaðaráætlun: Rekstrarkostnaður við eitt stöðugildi er 9 milljónir en gert er ráð fyrir að starfsemin verði um ókomna framtíð.

Undirtillögur, hugmyndir að verkefnum:

Rannsóknarmiðstöð fyrir leturhumar: Lagt er til að sett verði á stofn alhliða rannsóknarstöð á leturhumri á Hornafirði, en gjöflustu mið fyrir leturhumar er undan Suðausturströnd landsins. Lítið er vitað um atferli og hegðun humars og áhrif náttúru, veiðarfæra og veiðistýringar á viðgang humarstofnsins. Verkefni rannsóknarstöðvarinnar verði að þróa hugmyndir um nýtingu auðlindarinnar, vinnslu, veiðarfæri og í kjölfarið fara í vöruþróun. Mikilvægt er að rannsaka atferli og líffræði leturhumarsins. Mikilvægt er að nýta til þeirrar vinnu þann mannauð og aðstöðu sem þegar er á staðnum. Markmið verkefnisins er að auka verðmæti íslenska leturhumarsstofnsins og nýta auðlindina á sem hagkvæmastan hátt.

Rannsóknarmiðstöð fyrir lifandi sjávarafurðir Lagt er til að sett verði á stofn alhliða rannsóknarstöð fyrir veiðar, framleiðslu, geymslu og dreifingu á lifandi sjávarafurðum með aðsetur á Höfn í Hornafirði. Einnig verður hægt að tengja rannsóknarstöðina ferðaþjónustu og skólastarfi svæðisins með sýningu á lifandi sjávarfangi. Eftirfarandi verða verkefni rannsóknarstöðvarinnar: Athuganir á þoli lífvænleika mismunandi sjávarafurða, vinnslu, veiðarfæra- og vöruþróun og atferlis- og líffræðirannsóknir. Það færir í vöxt að menn noti lifandi sjávarafurðir þar sem um "gourmet" afurðir er að ræða.

Efnagreining og flokkun aukaafurða í sjávarútvegi: Lagt er til sett verði í gang verkefni þar sem unnið er að því að efnagreina og flokka innfli og aukahræfni sem tengist sjávarútvegi. Upplýsingar úr þessu verkefni geta síðan orðið gagnagrunnur fyrir ný vinnslufyrirtæki. Markmið verkefnisins er að efnagreina innfli og aukahræfni með tilliti til hagrænnar nýtingar og á þann hátt auka virði sjávarfangs. Verkefnið er í sjálfu sér nýsköpunarverkefni, þar sem leitast er við að nýta sem mestan hluta af sjávarfangi okkar fyrir utan að verkefnið leysir ákveðin umhverfisvandamál og breytir kostnaði í tekjur. Í dag er starfrækt fyrirtækið Norðurbragð á Hornafirði sem er að vinna ensím og bragðefni úr innnyflum og aukahræfni í sjávarútvegi. Aðeins lítil hluti aukahræfnis og innnyfla er notað í þá vinnslu. Þar væri hægt að hafa samvinnu við fyrirtækið og byggja á þeirri reynslu sem fyrirtækið hefur skapað sér varðandi verkefnið.

Nýjar sjávartegundir við Ísland: Lagt er til að sett verði á stofn rannsóknarstöð sem fylgist með landnámi sjávartegunda á Íslandi. Markmið verkefnisins er að skrásetja og fylgjast með þróun landnáms sjávarafurða við ár, vötn og strendur á Íslandi. Væntanlega gerist landnámið hraðar núna en oft áður vegna hækkandi umhverfis- og sjávarhita. Nýjar tegundir hafa verið að nema land án þess að menn hafi veitt því sérstaklega athygli. Undanfarin ár hafa verið að nema land tegundir í Hornafirði og víðar á landinu sandskel og ósafúra sem eru verðmætt sjávarfang án þess að reynt hafi verið að meta hvaða áhrif þessar tegundir hafi á umhverfið eða hvort og hvenær sé hægt að nýta.

Rannsókn á fiskeldi í ferskvatni: Komið verði á rannsóknnum er miða að uppbyggingu á ferskvatns-fiskeldi, svo sem bleikjueldi, veiðum og vinnslu vatnasilungs o. fl. Jafnhliða verði vopnfirsku árnar nýttar sem rannsóknarverkefni þar sem kannaðir verði möguleikar á að efla ferðamennsku í kringum laxveiðar.

Menntun og rannsóknir

Á Austurlandi hafa 36% íbúa eingöngu lokið grunnskólaprófi á móti 25,5% á höfuðborgarsvæðinu, og eingöngu 16,3% íbúa hafa lokið sérskóla- eða háskólaprófi á móti um 35% á höfuðborgarsvæðinu. Fjöldi ársverka í rannsóknum á Austurlandi er 0,5% á meðan um 4% af íbúum landsins búa þar. Hvort sem litið er til menntunarstigs, aðgengi að háskólamenntun, umfangi rannsóknastarfs eða samsetningu íbúa á Austurlandi, má sjá að eitt af mikilvægustu verkefnum svæðisins er að efla starfsemi á þessum sviðum. Sé litið til fjölda opinberra starfa á Austurlandi má álykta að hið opinbera hafi ákveðið svigrúm til að byggja upp rannsóknir og þróunarstarf í fjórðungnum, byggt á fjölbættum viðfangsefnum og tækifærum til rannsókna. Á fundi helstu hagsmunadila er tengjast menntun og rannsóknum á Austurlandi var sett fram eftirfarandi framtíðarsýn:

Framtíðarsýn um vöxt menntunar og rannsókna á Austurlandi

Stefnt er að því að menntunarstig íbúa Austurlands verði sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndunum innan 15 ára. Fyrir þennan tíma verði hlutfall íbúa með háskólagráðu ekki undir 30%. Jafnframt verði rannsóknastarfsemi sambærileg við það sem best gerist í nágrannalöndunum. Byggt verði upp staðbundið og starfstengt háskólanám samhliða því að auka framboð á fjarnámi til samræmis við almennt framboð á staðbundnu háskólanámi í landinu. Stofnuð verði þekkingarsetur sem hafi það hlutverk að efla samstarf menntastofnana, rannsóknastofnana og atvinnulífs í landshlutanum.

Rannsóknarstofnanir á Austurlandi fái nægilegt fjármagn og mannauð til að geta stundað rannsóknir í samstarfi við innlendir og erlendir stofnanir og sótt um rannsóknarfé í alþjóðlega samkeppnissjóði. Einnig verði þeim gert kleift að styrkja starfsmenn sína til frekari menntunar.

Í framtíðinni verði hlutfall þekkingarstarfa á vinnumarkaði sambærilegt við það sem gerist í nágrannalöndunum. Þekkingariðnaður verði eflur og þekkingarstörfum fjölgað þannig að næg eftirspurn verði eftir menntuðu vinnuafli. Nýsköpun atvinnulífsins verði byggð á sérstöðu Austurlands, bæði með tilliti til náttúruauðlinda og þekkingarauðs. Lögð verði áhersla á nýsköpunarstarfsemi sem byggir á grunni hefðbundinna atvinnugreina og stóriðju, en einnig á nýjum atvinnugreinum þekkingariðnaðar svo sem ráðgjafastarfsemi, rannsóknum og ferðaiðnaði.

Tillögur á mennta og rannsóknarsviði

Alls bárust 25 tillögur um verkefni tengd menntun og rannsóknum á Austurlandi. Með því að sameina tillögur undir áherslusvið og klasa var tillögum fækkað í þær tíu sem hér verða kynntar, sjá yfirlit yfir tillögur hér að neðan:

| Einstök rannsóknaverkefni | Verkefni tengd menntun | Rannsóknasetur/-sjóðir |
|--|--|---|
| 1. R&D tengt atvinnulífi f. Hornafjörður frumkvöðlasamfélag g. Fuglaathugunarstöð Austurlands h. Þróunarverkefni í Loðýrarækt | 2. Netháskóli Íslands 3. Náttúruskólar á Austurlandi 4. Staðbundið háskólanám a. Háskólanám í Fjarðabyggð b. Útibú Listaháskólans á Seyðisfirði c. Undirbúningsnám. 5. Efling símenntunar og fullorðinsfræðslu 6. Verk- og hönnunarnám á framhaldsskólastigi | 7. Efling þekkingarsetra a. Nýheimar, háskóla- og frumkvöðlasetur. b. Vísindagarðar á Egilsstöðum c. Búland 8. Mennta og menningarmiðstöð 9. Helgustaðanáman, rannsóknir og þróun. 10. Rannsóknarsjóður Austurlands. |

R&B tengd atvinnulífi á Austurlandi

Tillaga: Lagt er til að eflur verði stuðningur við rannsókna og þróunarvinnu tengdum uppbyggingu atvinnulífs og nýsköpun á Austurlandi.

Markmiðið er að efla rannsókna og þróunarvinnu tengda atvinnulífi og uppbyggingu þess með stuðningi í formi ráðgjafar sérfræðinga og tengslavinnu.

Rök: Mikilvægt er að efla stuðning við nýsköpun og rannsóknir tengdar landabúnaði, ferðaþjónustu og atvinnuþróun, sérstaklega á jaðarsvæðum Austurlands í norður og suður.

Ábyrgð á verkefninu: Þróunarfélag Austurlands, Búnaðarsambönd, Þekkingarnet Austurlands, Frumkvöðlasetur Austurlands, ráðuneyti menntamála, landbúnaðar og iðnaðar, auk fyrirtækja og sveitarfélaga á Austurlandi.

Tíma og kostnaðaráætlun: Langtímaverkefni, kostnaður hefur ekki verið metinn.

Undirtillögur, hugmyndir að verkefnum:

Þróunarverkefni í loðdyraráætlun: Hugmyndin er að byggja upp samstarfsklasa um þróun, rannsóknir og fjárfestingu í loðdyraráætlun á Norðanverðu Austurlandi. Markmið klasans yrði að efla enn frekar loðdyraráætlun með því að styrkja núverandi loðdyraráætlendur með því að skapa þeim vettvang til að auka samstarf sín á milli og vinna að nýsköpun og frekari fjárfestingu í greininni. Vopnfirðingar hafa um árabil verið meðal leiðandi aðila í loðdyrabúskap hvað varðar framleiðslu hágæða skinna til sölu á erlendum mörkuðum sem og afurðir aðrar. Með aukinni rannsóknarvinnu má öruggt telja að búskapurinn muni styrkjast frekar auk þess sem slík vinna mun opna á möguleg afleiðd störf við framleiðslu nýrra afurða. Rannsóknir munu enn fremur leiða til betri nýtingar hráefnis um leið og opnað er á leið fyrir áður vannytt hráefni.

Fuglaathugunarstöð Suðausturlands var stofnuð 14. mars 2005. Þrátt fyrir að stöðin hafi yfir takmörkuðu fjármagni að ráða er starfsemin sífellt að aukast og eflast. Til að hægt verði að reka Fuglaathugunarstöð Suðausturlands í framtíðinni þarf að tryggja stöðinni föst fjárframlög frá ríki og hugsanlega fjársterkum fyrirtækjum. Meginstarfsemi stöðvarinnar felst í rannsóknum og athugunum á farfuglum, fræðslu til almennings og skólabarna og fuglaskoðun fyrir ferðamenn. Rannsóknir í stöðinni gætu t.d. komið að miklum notum í framtíðinni með tilliti til ýmissa sjúkdóma sem fuglar geta borið, líkt og fuglafiensu. Til að byrja með hefur verið stefnt að því að við stöðina verði a.m.k. eitt stöðugildi, en það stöðugildi hefði töluverð margfeldisáhrif út í samfélagið á Suðausturlandi.

Hornafjörður frumkvöðlasamfélag: Á næstu 5 árum verði markvisst unnið að því að gera Hornafjörð að frumkvöðlasamfélagi. Í því skyni verði komið á fót samstarfsverkefni aðila af svæðinu og að hluta utan þess. Þegar rætt er um Frumkvöðlasamfélag er átt við, að til staðar sé í viðkomandi samfélagi almenn þekking og vilji til að efla einstaklinga í að takast á við krefjandi verkefni (einnig "non profit" verkefni) sem geta orðið til að efla atvinnu- og viðskiptalíf á svæðinu. Í Frumkvöðlasamfélagi ríkir jákvæður uppbyggingarandi þar sem blandað er saman fræðslu, handleiðslu og stuðningi. Byggt er upp víðtækt tengslanet þekkingar og miðlunar og allir taka þátt, jafnt barnaskólar sem elliheimili, bæjaryfirvöld og fyrirtækin, menntaðir og ómenntaðir o.s.frv. Hugmyndin er að finna samstarfsaðila frá tveimur til þremur Evrópuþjóðum og þróa samevrópskt verkefni. Stefnt er að því að koma upp einu stöðugildi verkefnisstjóra við verkefnið.

Jarðfræðisetur og steinasafn í pósthúsinu á Breiðdalsvík. Hugmyndin er að búa til sýningu í tengslum við rannsóknartæki og rit breska jarðfræðingsins John Walker, aðstöðu undir jarðfræði- og steinasafn af svæðinu samhliða því að koma upp aðstöðu fyrir fræðimenn sem myndu vilja dvelja tímabundð við rannsóknir eða skriftr á Austurlandi.

Netháskóli Íslands á Egilsstöðum

Tillaga: Að stofnaður verði, á grunni Fræðslunets/Þekkingarnets Austurlands (FNA/ÞNA), Netháskóli Íslands. Um er að ræða stofnun staðsetta á Egilsstöðum sem gegndi forystuhlutverki í dreifnámi á háskólastigi á Íslandi og sinni verkefnum sem lúta að samræmingu og skipulagi fyrir hið opinbera, er varðar allt háskólastarf á sviði dreifmenntunar á Íslandi, hvort sem frá innlendum eða erlendum háskólum.

Netháskólanum væri jafnframt ætlað að vera upplýsinga- og þjónustumiðstöð fyrir rannsóknaraðila, með upplýsingar um helstu verkefni og rannsóknartækifæri á ólíkum landsvæðum. Þar yrði rannsóknartorg þar sem aðilar gætu auglýst eftir sérfræðingum og framhaldsnemum í rannsókn- og þróunarverkefni. Á torginu kæmu jafnframt tilkynningar og yfirlit um styrki og sjóði, umsóknfresti, ráðgjafa o.s.frv.

Meðal verkefna Netháskólans gætu orðið:

- Koma á fót námsleiðum í dreifnámi sem byggja á þörfum ólíkra landssvæða
- Þróa nýjar námsleiðir og svið í samstarfi við ólíka háskóla innan lands sem utan
- Veita heildstætt yfirlit og upplýsingar um háskólanám í dreifnámi
- Vera samræmingaraðili varðandi mat á símenntun inni dreifnám
- Sjá um nemendaskráningu og framgang einstaklinga í háskólanámi með dreifnámi
- Hafa milligöngu um og umsjón með mati á námi milli einstakra háskólastofnana

Markmið

- Auka framboð og gæði á dreifnámi á háskólastigi
- Auðvelda háskólanemum í dreifnámi að taka einstaklingsmiðað nám frá fleiri en einum háskóla
- Bæta umgjörð og þjónustu við dreifnema á háskólastigi
- Bæta umgjörð rannsókna og rannsóknarnáms á netinu
- Hvetja einstaklinga, fyrirtæki og stofnanir til að nýta og koma fram með nýjar námsleiðir
- Auka samstarf ólíkra háskóla um aukinn fjölbreytileika og einstaklingsmiðað nám
- Vekja athygli á rannsóknum og þróunarstarfi víða um land
- Auka svæðisbundið samstarf um háskólanám og rannsóknir

Rök: Þegar er starfandi vinnuhópur hjá menntamálaráðuneytinu um samræmingu á dreifnámi á Íslandi, sem ekki hefur enn skilað niðurstöðum úr starfi sínu. Þær hindranir sem þegar hafa verið skilgreindar eru þær að háskólar á Íslandi hafa ekki séð sér fært að byggja upp fjarnám þar sem engin sérstök fjárveiting hefur komið til frá ríkinu og töluverður kostnaður er því samfara varðandi þjálfun kennara, þróun vefumhverfis og takmarkaðan markhóp fyrir ólíkar námsgreinar. Með því að vista verkefni á borð við Netháskóla Íslands hjá ÞNA má koma í veg fyrir hagsmunaaðrekstra auk þess sem verkefnið myndi byggja á langri reynslu og þekkingu af þörfum viðskiptavina í stað þess að miðast við þarfir og skipulag ólíkra háskóla.

Ábyrgð á framkvæmd Fræðslunet/Þekkingarnet Austurlands.

Aðrir þátttakendur Menntamálaráðuneytið og háskólar á Íslandi.

Tímaáætlun Gert er ráð fyrir uppbygging Netháskóla Íslands verði tekin í þremur skrefum á jafn mörgum árum. Mótun hugmyndafræði og áætlun 2006. Markaðssetning og háskólastarfsemi haust 2007. Mat og langtímaáætlun 2008.

Kostnaðaráætlun: Gert er ráð fyrir að FNA/ÞNA komi að starfinu en viðbót vegna stofnunar Netháskóla Íslands verði sem nemur a.m.k. einum starfsmanni, 9 milljónir á ári í þrjú ár.

Náttúruskólar á Austurlandi

Tillaga: Að samtvinna og þróa áfram verkefni og námsefni tengt náttúrufræðslu í Háskólasetri Hornafjarðar og Náttúrustofu Austurlands. Náttúruskóli veitir tækifæri til að gera náttúruna að náinni og persónulegri upplifun hvers þátttakanda þar sem stefnt er að kennslu fyrst og fremst með náttúruskoðun og upplifun þátttakenda, grunnskólanemenda, heimafólks og innlendra og erlendra nemendahópa og í framtíðinni jafnvel einnig ferðamannahópa.

Markmið með náttúruskólunum eru:

- Að nýta hina stórbrotnu náttúru og þróa fræðsluefni og námskeið sem styðjast við nálægð vettvangsins.
- Að við þróun fræðsluefnis og námskeiðahalds verða mismunandi markhópar og tímabil vandlega athuguð og skilgreind.
- Að þróa fræðslu og kennslu um náttúrfræði og vistfræði fyrir almenning og sérstaka markhópa, um leið og unnt er að;
 - þróa fjölþjóðlegt námsefni og aðferðir til fræðslu og útskýringa í því skyni að auka vitund um mikilvægi sjálfbærrar þróunar fyrir byggðapróun framtíðarinnar.
 - hanna (staðbundið) námsefni fyrir náttúruskóla og markaðsetja í samstarfi við ferðaskrifstofur.
 - prófa mismunandi starfsgrundvelli fyrir náttúruskóla
 - halda staðbundin fræðslunámskeið fyrir kennara.
 - gefa nemendum á ólíkum skólastigum tækifæri að kynnast og vinna með náttúrunni
 - auka þekkingu á náttúrufræði og skilning á skynsamlegri nýtingu náttúruauðlinda.

Rök: Þekkingu á náttúrufræði virðist töluvert ábótavant a.m.k. meðal Íslendinga en hins vegar er fróðleiksporsti fólks á því sviði mikill og áhugi útlendinga á íslenskri náttúru er almennt talinn mikill. Þekking á náttúru og umhverfi er að margra mati undirstaða velferðar. Bæði vegna þess að það eykur skilning á hvernig skynsamlegt er að nýta náttúruauðlindir en ekki síður vegna þess að þekking á náttúru og umhverfi veitir mannskepnunni ánægju og fjölbreytta örvun. Ætla má að eftirspurn eftir slíkri fræðslu, einkum fræðslu sem byggist á náttúruskoðun og upplifun á viðfangsefninu fari vaxandi þar sem sífellt stærrí hluti fólks búsettur í þéttbýli þurfa sækja slíka upplifun fjarri sínu daglega umhverfi. Náttúruskóli ætti því að geta haft viðunandi rekstrargrundvöll ef rétt er á málum haldið. Með tilliti til uppbyggingar á Vatnajökulspjóðgarði má ætla að náttúruskóli á Hornfirði komi til með að auka og efla enn frekar;

- Þá starfsemi sem nú þegar er í Skaftafelli, en um 800 nemendur koma árlega í fræðsluferðir þangað
- Heimsóknir í þjóðgarðinn og sýningar tengdar honum, sem falla vel að markmiðum námskrár í náttúrufræðigreinum á ýmsum skólastigum
- Starfsemi Jöklaseturs ses. og aðsókn að Jöklasýningunni á Höfn.
- Áhuga bæði innlendra og erlendra aðila á Austurlandi og þeirri margbreytilegu náttúru og menningu sem þar er til staðar.

Þátttakendur, Háskólasetrið á Hornafirði, Náttúrustofa Austurlands, Jöklasýning, Þjóðgarðurinn í Skaftafelli, ferðaþjónustuaðilar og sérfræðingar í náttúrufræðum víða um land.

Aðrir þátttakendur Sveitarfélög, menntamálaráðuneytið, grunn- og framhaldsskólar.

Tíma- og kostnaðaráætlun. Langtímaverkefni og kostnaður ekki verið metinn.

Staðbundið Háskólanám á Austurlandi

Tillaga: Að leitað verði leiða til að undirbúa staðbundið háskólanám á Austurlandi með því að efla samstarf við háskóla landsins, þekkingarsetur og framhaldsskóla á Austurlandi.

Markmið: Auka og bæta aðgengi íbúa á Austurlandi að háskólanámi. Auk þess að skapa aðstöðu og aðstoð við háskólanema til að vinna eða sækja nám tímabundið á svæðinu.

Rök: Á Austurlandi er mikil þörf fyrir bætt aðgengi að háskólanámi auk þess sem samfélagsþróun, náttúrulíf og öflugt menningarstarf eru góð undirstaða undir þróun staðbundins háskólanáms.

Ábyrgðaraðilar: Þekkingarnet Austurlands, framhaldsskólar, sveitarfélög, fyrirtæki og þekkingarsetur á Austurlandi auk menntamálaráðuneytisins.

Tíma- og kostnaðaráætlun: Langtímaverkefni og kostnaður hefur ekki verið metinn.

Undirtillögur, hugmyndir að verkefnum:

Staðbundið háskólanám; Í ljósi þess hve margir verk- og tæknimenntaðir starfsmenn eru í Fjarðabyggð er lagt til að stefnt verði að fjarkennslu í verk- eða tæknifræði í samvinnu Verkmennaskóla Austurlands, Þekkingarnets Austurlands og verkfræðideildar Háskóla Íslands eða Háskólans í Reykjavík. Markmið þessa er að efla innviði samfélagsins og ekki síst styrkja það sem fyrir er. Sterk hefð er fyrir verk- og tæknimenntun í Fjarðabyggð sbr. rótgróin verkfræðistofa, Hönnun hf á Reyðarfirði, síðan árið 1973. Þá hefur Vegagerðin á Austurlandi aðalstöðvar á Reyðarfirði, en slíkri starfsemi fylgir mikil þörf fyrir verk- og tæknimenntað starfsfólk. Árið 2007 tekur svo til starfa Alcoa-Fjarðaál sem hefur innan sinna raða töluverðan fjölda verk- og tæknimenntaðs starfsfólks. Í sveitarfélaginu er Verkmennaskóli Austurlands (VA) þar sem kenndar eru iðngreinar eins og rafvirkjun, vélvirkjun og vélsmíði. Slíkt nám er mjög öflugur grunnur fyrir frekara nám á sviði verk- eða tæknifræði og hefur löngum tíðkast að iðnmenntað fólk fari í frekara nám á sviði verk- eða tæknifræði. Auk aðstöðu sem til staðar er til kennslu í VA er mikilvægt að koma upp aðstöðu eða fyrirlestrarsal á Reyðarfirði sem gæti þá jafnframt nýst sveitarfélaginu í Fjarðabyggð og Alcoa-Fjarðaáli til funda og ráðstefnuhalda.

Staðbundið háskólanám á Höfn og Egilsstöðum. Unnið verði áfram með hugmyndir um staðbundið háskólanám í tengslum við Háskólasetrið á Höfn og Vísindagarða á Egilsstöðum. Sérstaklega verði horft til þátta á borð við umhverfis- og samfélagsrannsóknir og námsbrauta tengdum félagsvísindum, byggðapróun og sjálfbærni.

Útibú Listaháskólans á Seyðisfirði: Lagt er til að stofnað verði útibú við Listaháskóla Íslands á Seyðisfirði. Undanfarin ár hefur Listaháskólinn staðið fyrir einu námskeiði á vetri á Seyðisfirði og hefur verið gríðarlegur áhugi nemenda á því. Listaháskólinn hefur lýst áhuga sínum á að auka það samstarf. Markmiðið með slíku verkefni væri að færa háskólamenntun í auknum mæli út á landsbyggðina og ekki síður að brúa bilið á milli landsbyggðar og höfuðborgar. Þá hafa erlendir aðilar verið í samstarfi við Seyðisfjörð eða lýst áhuga sínum á slíku samstarfi. Með útibúi Listaháskólans væri jafnframt verið að efla og styrkja það öfluga menningarlíf sem einkennt hefur Seyðisfjörð hin síðari ár með tilkomu Menningamiðstöðvarinnar Skafffell, sem er miðstöð myndlistar á Austurlandi og Dieter Roth akademíunnar sem er einnig með aðsetur sitt í bænum. Þá er Tæknimínjasafnið í samstarfi við safn í Florö í Noregi og í gegnum þau tengsl við Kolbjörn Nesie Nybø frá Arkitekt- og Designhögskolen í Oslo. Hefur hann lýst áhuga sínum að koma að verkefni sem tengist gömlu byggðinni á Seyðisfirði. Auk Seyðisfjarðarkaupstaðar, LHÍ og heimamanna er mikilvægt að menntamálaráðuneytið komi að þessari uppbyggingu. Gert er ráð fyrir að kostnaður við undirbúning verði um 5 milljónir á ári.

Undirbúningur undir háskólanám: Lagt er til að komið verði upp frumgreinanámi í tæknigreinum, félagsvísindum og viðskiptafræði á Austurlandi. Mikil þörf er fyrir slíkt nám fyrir íbúa Austurlands, en menntunarstig á Austurlandi er lægra en annarsstaðar á landinu þar sem 36% íbúa hafa eingöngu grunn- og gagnfræðapróf miðað við 25,5% á höfuðborgarsvæðinu og 34% utan þess. Þrátt fyrir lágt menntunarstig búa íbúar yfir mikill þekkingu og reynslu af vinnumarkíði sem gæti nýst þeim til að takast á við háskólamenntun á viðkomandi reynslusviðum. Ábyrgð á framkvæmd gæti verið í höndum Þekkingarnets Austurlands og þekkingarsetra á Austurlandi, með stuðningi menntamálaráðuneytisins.

Rannsókn og þekkingarsetur á Austurlandi

Tillaga: Lagt er til að auknu fjármagni verði veitt í uppbyggingu og þróun þekkingarsetra á Austurlandi.

Markmið verkefnisins er að byggja upp rannsóknir og þróunarstarf á Austurlandi sem um leið myndi tryggja undirstöður staðbundins háskólanáms og nýsköpunar í fjórðungnum.

Rök: Með vísan í skýrslu starfshóps menntamálaráðuneytisins um stofnun og starfsemi Þekkingarnets Austurlands (ÞNA) þar sem lagt er til að lögð verði megináhersla á að auk þess að auka framboð á fjármámi muni ÞNA beita sér fyrir uppbyggingu þriggja megin setra, Búlands á Norðfirði, Vísindagarða á Egilsstöðum og Nýheima á Hornafirði.

Ábyrgðaraðilar: Aðilar að þekkingarsetrum á Austurlandi, Þekkingarnet Austurlands, Þróunarfélag Austurlands, ráðuneyti menntamála og iðnaðar.

Tíma og kostnaðaráætlun: Um langtímaáætlun er að ræða, kostnaður við þrjú stöðugildi, samtals 27 milljónir á ári í þrjú ár.

Undirtillögur, hugmyndir að verkefnum:

Efling þekkingarsetursins Nýheima: Nýheimar voru opnaðir haustið 2002 og hafa síðan lagt ríkulegan skerf til nýsköpunar, rannsóknar, þróunar, menntunar og menningar í Sveitarfélaginu Hornafirði. Til að treysta stöðir byggðarlagsins er mikilvægt að treysta starfseminni í sessi til frambúðar. Verkefnið yrði unnið í samstarfi íbúa Nýheima og stofnanir í nágrenni þeirra, Sveitarfélagsins Hornafjarðar, menntamálaráðuneytisins, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytisins, umhverfisráðuneytisins, samgönguráðuneytisins, landbúnaðaráðuneytisins og sjávarútvegsráðuneytisins. Auk Nýheima er mikilvægt að efla, með fjölgun fræðimanna og auknu fjármagni til rannsókna, starfsemi Háskólaseturs Hornafjarðar og Frumkvöðlaseturs Austurlands.

Vísindagarðar á Egilsstöðum: Hugmyndin um uppbyggingu vísindagarða á Egilsstöðum er metnaðarfullt verkefni þar sem lögð er áhersla á uppbyggingu öflugs þekkingarstarfs og nýsköpunar með samþættingu rannsóknastarfs, háskólamenntunar og atvinnulífs í fjórðungnum. Markmiðið er að byggja upp sameiginlega aðstöðu til rannsókna- og þróunarvinnu, efla starfsemi þeirra stofnana sem fyrir eru á Egilsstöðum og byggja upp ný verkefni tengd rannsóknum, háskólanámi og nýsköpun. Setrið mun leggja megináherslu á fræðisvið tengd umhverfisrannsóknum, samfélagsrannsóknum og þróunarverkefnum tengdum tækni- og verkfræði. Ábyrgð á framkvæmd er í höndum samstarfshóps 11 stofnana á Egilsstöðum um stofnun Vísindagarða með stuðningi frá menntamála- og iðnaðarráðuneytinu. Verkefnið er þegar hafið en óskað er eftir stuðningi til að ráða til þess starfsmann, kostnaður metinn 9 milljónir á ári í þrjú ár.

Búland fræðasetur í Norðfirði: Lagt er til að eflid verði starfsemi Búlandsins með áherslu á uppbyggingu öflugs þekkingarstarfs og samþættingu rannsóknastarfs, framhaldsskólamenntunar og atvinnulífs á Austurlandi í samvinnu við Þekkingarnet Austurlands. Í dag starfa í Búlandinu Verkmenntaskóli Austurlands (VA), Náttúrustofa Austurlands (NA) og Rannsóknastofnun Fiskiðnaðarins (RF), Sorpsamlag Miðausturlands og Fiskistofa. Markmið verkefnisins er að efla starfsemi þekkingarstofnana, byggja upp aðstöðu til rannsókna og þróunarvinnu, laða að nýja aðila að setrinu og fá þar inn ný verkefni. Gert er ráð fyrir að ráðinn verði starfsmaður í verkefnið þar sem kostnaður væri um 9 milljónir á ári í tvö ár.

Efla fullorðinsfræðslu, iðnám og símenntun

Tillaga - inngangur: Samfélög stór og smá verða að laga sig að þeim breytingum sem alþjóðvæðingin hefur í för með sér. Með auknu frjálsræði í flæði á vöru, þjónustu, fólki og fjármunum yfir landamæri harðnar samkeppni fyrirtækja, stofnana og landssvæða. Til að takast á við þessar breyttu aðstæður gegnir menntun lykilhlutverki. Þar sem menntunarhlutfall er lágt er grundvallaratriði að ýta undir menntunarsókn íbúa til að takast á við nýjar aðstæður í atvinnulífi. Þess vegna er lagt til að stórefla fullorðinsfræðslu, símenntun og iðnám á Hornafirði.

Markmið

- Að hækka menntunarhlutfall í samfélaginu og gera fólki kleift að takast á við ný og krefjandi störf. Þetta verður gert með því að:
- Styrkja og efla fjarnám með því að bæta tækni og koma upp aðstöðu fyrir fjarnema
- Auka skilning á gildi fjarnáms fyrir landsbyggðina.
- Bjóða upp á stutt hagnýt námskeið
- Kynna gildi menntunar fyrir almenningi
- Fá fyrirtæki og stofnanir til að ýta undir menntunarsókn starfsmanna sinna
- Auka þekkingu á rekstri ferðaþjónustufyrirtækja
- Bjóða upp á nám fyrir nýbúa
- Koma á fót stöðugildi sem sinnir þjónustu við fjarnema
- Kynna gildi og möguleika í iðnnámi
- Efla framboð á iðnnámi
- Breyta kerfinu þannig að hægt sé að öðlast réttindi á skemmri tíma en nú er

Rök

- Styrkir atvinnulíf
- Styrkir og bætir opinbera þjónustu
- Ýtir undir nýsköpun og þróun í atvinnulífi
- Mikilvægt að efla grunnmenntun samhliða örrí þróun í háskólanámi
- Skortur á menntuðu fólki til starfa, t.d. á leikskólum.
- Eykur sjálfstraust fólks til að takast á við ný og krefjandi verkefni.
- Nýbúar eru vaxandi hlutfall af íbúum landsins og mikilvægt að bjóða þeim upp á nám sem gerir þeim kleift að takast á við nýtt líf á Íslandi, bæði í leik og starfi.
- Skortur á iðnaðarmenntuðu fólki

Ábyrgð á framkvæmd Sveitarfélög, framhaldsskólar, fyrirtæki og stofnanir, FNA/PNA

Tímaáætlun Langtímaverkefni

Kostnaðaráætlun Eitt stöðugildi

Efla veg og virðingu verk-, list- og hönnunarnáms á framhaldsskólastigi

Tillaga

Efla veg og virðingu list- og verknáms í framhaldsskólunum með kynningu á því námi sem til staðar er og uppbyggingu nýrra námsbrauta. Áhersla verði lögð á uppbyggingu listabrautar með fjölbreyttum kjörsviðum svo sem á sviði handverks/hönnunar og grunnbraut fjölmíðla- og upplýsingagreina.

Markmið

- Byggja upp ímynd verk-, list- og hönnunarnáms með því meðal annars að gera grein fyrir atvinnutækifærum þeim tengdum.
- Kynna rækilega það nám sem þegar er í boði við skólana á sviði verk- og listnáms og markaðsetja nýjar námsbrautir og námskeið.
- Skipuleggja verk- og listnám þannig að námið verði aðgengilegt hvort heldur sem er í dagsskóla eða kvöldskóla.

Rök

Skortur er á starfsmönnum með þekkingu á sviði verk- list- og hönnunargreina, sem einkennir í auknu mæli nútíma starfshætti. Áherslan er á að efla þessi svið í atvinnumálum á Austurlandi meira en nú er t.d. í tengslum við stóriðju, menningarstarfsemi og rekstur smáfyrirkæja.

Ábyrgð á framkvæmd

Verkmenntaskóli Austurlands (VA), Menntaskólinn á Egilsstöðum (ME) og Framhaldsskólinn í Austur-Skaftafellssýslu (FAS).

Aðrir þátttakendur

Próunarfélag Austurlands, Viðskiptaráð, fagfélög bæði á fjórðungs- og landsvísu, Mennt, Samtök iðnaðarins, Iðntæknistofnun, háskólar, Fræðslunet Austurlands/ Þekkingarnet Austurlands, Hússtjórnarskólinn á Hallormsstað.

Tímaáætlun

Verkefnið er til þriggja ára. Ráðinn verði verkefnastjóri til þriggja ára sem skilar lokaskýrslu um verkefnið til ábyrgðaraðila.

Kostnaðaráætlun:

Þrjár milljónir króna á ári til þriggja ára til að greiða laun verkefnisstjóra, aðkeypta þjónustu og kostnað við kynningarstarf.

Helgustaðanámusafn

Tillaga: Vísinda-, tækni og sögusafn (setur) um Helgustaðanámu. Það ber að stefna að því að gera lifandi safn sem tengdist rannsóknnum og að slíkt safn nýti nýjustu tækni til framsetningar á efni.

Markmið:

- Halda til haga og kynna sögu námavinnslu í Helgustaðanámu og nýtingu silfurbergsins úr námunni til þróunar tækni og vísinda í heiminum.
- Að byggja upp jarðvísindasafn í tengslum við jarðfræði svæðisins (ekki er til alvöru jarðvísindasafn á Íslandi).
- Auka rannsóknir á jarðfræði Austurlands.
- Auka rannsóknir á atvinnuháttum fyrri tíma.
- Að auka rannsóknir á þróun tæknibúnaðar sem nýtti íhluti úr silfurbergi.
- Laða að vísinda- og ferðamenn frá öllum heimshornum.

Rök: Silfurbergsnáman á Helgustöðum við Reyðarfjörð á sér afar merkilega sögu og bergið úr henni var heimsfrægt á fyrri hluta síðustu aldar vegna gæða sinna. Það var nýtt í þróun ýmskonar vísindatækja. Saga þess er til um allan heim en sögu þess í þróun vísindatækja hefur verið safnað saman að miklum hluta (fjöl margar ritgerðir eftir Dr. Leó Kristjánsson) og hún ein er efniviður í áhugaverða sýningu. Saga námavinnslunnar sjálfrar er hins vegar enn að mestu óskráð og að falla í gleymsku. Jarðfræði svæðisins sem gaf þessar einstöku silfurbergsæðar er heldur hvergi nærri fullrannsökuð. Svæðið er þegar friðlýst sem náttúruvætti vegna sérstöðu sinnar.

Í sögu námunnar og silfurbergsins og jarðfræði svæðisins er án vafa efniviður í safn eða setur á heimsælikvarða. Mikilvægt er að rannsaka betur jarðfræði svæðis, sögu námavinnslunnar, sögu útflutnings og dreifingar á silfurberginu um heiminn. Það væri hægt að byggja upp veglegt jarðvísinda-, tækni- og sögusafn byggt á rannsóknnum og tengt frekari rannsóknnum á jarðvísindum á Austurlandi og víðar. Það ætti að stefna á að slíkt safn nýtti nýjustu tækni til framsetningar á efni.

Ábyrgð á framkvæmd: Náttúrustofa Austurlands og Safnastofnun Fjarðabyggðar. Hugmyndir um samstarfsaðila eru: Háskóli Íslands (jarðvísindastofnun), Þróunarstofa Austurlands, Menningarráð Austurlands, Fornleifavernd ríkisins, Minjavörður Austurlands, Umhverfisstofnun og Þekkingarnet Austurlands. Væntanlega yrði stofnuð sérstök sjálfseignastofnun eða fyrirtæki um svona framkvæmd og rekstur.

Aðrir þátttakendur: Aðrir þeir aðilar sem vildu taka þátt í uppbyggingu og rekstri á Helgustaðasafni/setri hvort sem er fyrirtæki eða stofnanir.

Tímaáætlun: Tímaáætlun er ómótuð. Æskilegt væri að ráða starfsmann til að móta verkefnið og gera framkvæmda- og viðskiptaáætlun fyrir það. Mikilvægt er einnig að ráðist verði sem fyrst í skráningu á sögu námavinnslunnar þar sem hún er óðum að glatast og fáir enn á lífi sem muna eitthvað af þeirri sögu.

Kostnaðaráætlun: Ekki mótuð

Mennta- og menningarmiðstöð á Vopnafirði

Tillaga: Að setja upp mennta- og menningarmiðstöð á Norðanverðu Austurlandi í Kaupvangi á Vopnafirði. Neðri hæð hússins mætti nýta undir söfn og skrifstofur starfsmanna, þjónustu og samstarfsaðila á borð við Menningarráð-, Fræðslunet- og Þróunarfélag Austurlands. Á efri hæð yrði komið fyrir fjarfundabúnaði, fundarsal, lesastöðu og skrifstofum fyrir nemendur í rannsóknnum, lista- og fræðimenn.

Miðstöðinni er ætlað að vera nokkurs konar útungunarstöð fyrir verkefni á meðan þau eru enn í mótnun t.d. uppbyggingu safna, en um leið og þau verða umfangsmeiri verði þeim komið fyrir annars staðar. Má þar nefna verkefni á borð við uppbyggingu Vesturfaramiðstöðvar og safn Jóns Múla og Jónasar Árnasonar. Einnig mætti hugsa sér að setja upp lítið staðbundið safn í andyri og nýta aðrar vistaverur neðri hæðar undir farandsýningar (söfn). Einnig mætti hugsa sér að koma upp í anddyri upplýsingamiðstöð ferðamála a.m.k. yfir sumartímann.

Markmið mennta- og menningarmiðstöðvarinnar er að efla, halda utan um og styðja við verkefni og starfsemi sem tengist söfnum, rannsóknnum og fjarnámi á Norð-Austurlandi. Með tilkomu miðstöðvarinnar er hugmyndin að byggja upp samfélag og umhverfi fyrir námsmenn, rannsóknaraðila, fræði- og listamenn á Norð-Austurlandi.

Rök: Mikilvægt er að koma upp sérstökum stuðningi og aðstöðu til að byggja upp menntun, rannsóknir og menningu á Norð- Austurlandi sem jaðarsvæðis. Í dag er engin slík aðstaða að undanskildum fjarfundabúnaði sem staðsettur er í grunnskóla Vopnafjarðar. Með tilkomu miðstöðvarinnar má koma til móts við;

1. Nemendur í fjarnámi á framhalds- og háskólastigi, sem auk þess að nýta fjarfundabúnað hefðu aðgang að lesastöðu og gætu þar með stutt við bakið á hvor öðrum, notið þjónustu starfsmanna og ráðgjafa með viðveru á staðnum.
2. Síaukna þörf á símenntun og aðstöðu til símenntunar í atvinnulífinu og meðal almennings.
3. Rannsóknanema, lista- og fræðimenn sem vilja starfa á svæðinu tímabundið við margvísleg þróunarverkefni. Slík aðstaða styður jafnframt við frumkvöðla innan fyrirtækja er nýta sér vinnu viðkomandi aðila.
4. Blómlegt menningarlíf á svæðinu, enda væri hér verið að byggja upp öfluga miðstöð upplýsinga og þróunar á söfnum, menningu og ferðaþjónustu á svæðinu.

Ábyrgð og framkvæmd: Vopnafjarðarhreppur, Fræðslunet Austurlands, menntamálaráðuneytið, Menningarráð-, Þróunarfélag og Markaðsstofa Austurlands.

Aðrir þátttakendur: Samband Sveitarfélaga á Austurlandi.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir að u.þ.b. eitt ár fari í að endurbyggja og móta rekstrar- og starfsáætlun fyrir Mennta- og menningarmiðstöð Norð-Austurlands og að starfsemi hefjist þar eigi síðar en í júní 2007.

Kostnaðaráætlun: Kostnaður við ráðgjafa vegna undirbúnings er áætlaður 3 milljónir en auk þess er óskað eftir stuðningi til að ráða til miðstöðvarinnar ráðgjafa, eitt stöðugildi, í tvö ár, frá júní 2007 til maí 2009, kostnaður 20 milljónir. Samtals kostnaður við þróun og ráðgjöf 23 milljónir á þremur árum. Gert er ráð fyrir að kostnaður við innréttingar, endurbætur og uppsetningu á fjarfundabúnaði verði í höndum samstarfsaðila og sveitarfélagsins Vopnafjarðarhrepps.

Rannsóknasjóður Austurlands

Tillaga: Koma upp Rannsóknasjóði Austurlands sem hefði það hlutverk að styðja vísindarannsóknir á Austurlandi. Í þeim tilgangi styrkir sjóðurinn skilgreind rannsóknaverkefni, einstaklinga, rannsóknahópa, háskóla, rannsóknastofnana og fyrirtækja sem tengjast svæðinu og sérstöðu þess. Ekki er skilyrði að styrkþegar hafi heimilisfestu á svæðinu. Sjóðurinn veitir styrki á grundvelli faglegs mat á gæðum verkefna, færni þeirra einstaklinga sem þeim koma og aðstöðu þeirra til að sinna verkefninu.

Markmið Rannsóknarsjóðs Austurlands er að:

1. styðja við rannsóknir er tengjast viðfangsefnum og sérstöðu Austurlands
2. stuðla að þekkingaruppbyggingu á Austurlandi, með því að halda utan um og kynna rannsóknastarf og rannsóknaaðstöðu á Austurlandi
3. auka áhuga einstaklinga, stofnana, fyrirtækja og rannsóknarhópa á rannsóknatækifærum í landfjórðungnum

Rök Þrátt fyrir að aðilar sem stunda rannsóknir á Austurlandi hafi líkt og aðrir landsmenn aðgang að almennum rannsókn- og vísindasjóðum á Íslandi í gegnum RANNÍS þá eiga verkefni utan höfuðborgarsvæðisins oft erfitt uppdráttar, sem e.t.v. skýrist af því að matsaðilar koma oftar en ekki frá höfuðborgarsvæðinu. Almennir sjóðir miðast oft við áherslur sem snúast um uppbyggingu ákveðinna atvinnugreina og hagnýtar rannsóknir fremur en svæðisbundna uppbyggingu rannsóknastarfs. Af þessu leiðir að styrkir hafa að stórum hluta runnið til aðila á höfuðborgarsvæðinu.

Mikil þörf er á að byggja upp rannsóknastarf svæðisbundið, bæði frá sjónarhóli byggðapróunar og einnig þannig að takast megi að byggja upp alþjóðlega samkeppnishæfni Íslands á sviði vísindarannsókna. Aðstaða, þekking og mannauður er tengist rannsóknum á ólíkum svæðum er forsenda þess að auka megi áhuga erlendra vísindamanna á því að stunda rannsóknir þar.

Menningarsjóður Austurlands er gott dæmi um hvernig staðbundin stjórnun á fjármagni til menningarmála hefur orðið til þess að efla og samþætta starfsemi sem áður var miðstýrt frá Reykjavík. Árið 2005 úthlutaði Menningarráðið 20,6 milljónum til 50 verkefna víða um Austurland. Vel mætti nýta reynslu af þessum vettvangi við mótun á skipulagi Rannsóknarsjóðs Austurlands.

Ábyrgð á framkvæmd Rannsóknamiðstöð Íslands (RANNÍS) og ÞekkingarNet Austurlands (ÞNA). Lagt er til að faghópur um rannsóknir innan ÞNA vinni með RANNÍS að því að móta faglegt skipulag fyrir sjóðinn.

Aðrir þátttakendur: Menntamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, aðilar að ÞNA.

Tímaáætlun: Að auglýst verði eftir umsóknum haust 2006 um leið o ÞNA verður formlega stofnað, og a.m.k. árlega eftir það.

Kostnaðaráætlun: Gert er ráð fyrir að árleg úthlutun sjóðsins verði í kringum 20 milljónir, kostnaður við rekstur sjóðsins, sérfræðinga ofl. er metinn 1 milljón á ári.

Menning og ferðapjónusta

Undanfarin ár hefur mesta aukningin í ferðapjónustu miðast við Stór-Reykjavíkursvæðið, þá sérstaklega í vetrarferðamennsku. Mikilvægt er að efla ferðapjónustu á Austurlandi allan ársins hring. Auka þarf framboð á afþreyingu, gistirými og vörupróun í ferðapjónustu hvað varðar pakkaferðir, sérhæfðar hópferðir, ráðstefnuhópa o.s.frv. Á fundi helstu hagsmunaaðila er tengjast menningu og ferðapjónustu á Austurlandi var sett fram eftirfarandi framtíðarsýn fyrir greinina:

Framtíðarsýn um menningu og ferðapjónustu á Austurlandi: Stefnt er að því að ferðamönnum á Austurlandi fjölgi úr tæplega 200 þúsund árið 2005 í rúmlega 500 þúsund árlega árið 2020. Samhliða er stefnt að því að lengja dvalartíma erlendra ferðamanna úr 2 nóttum í 2,5 nætur og innlendra ferðamanna úr 4,4 nóttum í 5 nætur. Auk þess sem gert er ráð fyrir að dagleg útgjöld innlendra ferðamanna á Austurlandi hækki á núvirði úr 6.000 krónum árið 2005 í 7.000 krónur árið 2020 og úr 9.000 krónum í 10.000 krónur meðal erlendra ferðamanna. Þá er gengið útfrá umtalsverði aukningu í vetrarferðapjónustu. Slík þróun myndi hafa það í för með sér að tekjur af ferðapjónustu á Austurlandi 3,5 faldist á 15 árum þ.e. fari úr 4 milljörðum árið 2005 í um 14 milljarða árið 2020.¹⁵ Sjá eftirfarandi töflu.

| Ferðapjónusta Austurland | Fjöldi ferðamanna | | Fjölgun | Útgjöld ferðamann á | | Heildarútgjöld | | Hækkun krónur |
|--------------------------|-------------------|----------------|---------|---------------------|-------|----------------------|-----------------------|---------------|
| | 2005 | 2020 | | 2005 | 2020 | 2005 | 2020 | |
| Íslendingar | 80.000 | 120.000 | 50% | 27000 | 35000 | 2.160.000.000 | 4.200.000.000 | 94% |
| Erlendir ferðamenn | 110.000 | 407.000 | 270% | 18000 | 25000 | 1.980.000.000 | 10.175.000.000 | 414% |
| Samtals: | | | | | | 4.140.000.000 | 14.375.000.000 | |
| Erlendir ferðamenn | | | | | | | | |
| - sumur | 94.600 | 270.000 | 185% | | | 1.702.800.000 | 6.750.000.000 | 296% |
| - vetur | 15.400 | 137.000 | 790% | | | 277.200.000 | 3.425.000.000 | 1136% |
| Samtals: | 192.004 | 527.000 | | | | 1.980.000.000 | 10.175.000.000 | |

Tillögur á menningar og ferðapjónustusviði: Alls bárust 35 tillögur um verkefni tengd menningu og ferðapjónustu. Með því að sameina tillögur var þeim fækkað í eftirfarandi 16,

| Einstakar tillögur | Klasi/ samvinna) |
|--|--|
| <p>Menning</p> <p>1. Listaverkagarður á Eiðum</p> <p>2. Draumasafn á Djúpavogi</p> <p>3. Aldamótabærinn Seyðisfjörður</p> <p>4. Uppbygging safna, setra og ferðapjónustu á Norðanverðu Austurlandi</p> <p>5. 700is Árleg kvikmyndahátíð, Hreindýraland</p> <p>6. Ormsstofa</p> <p>Náttúra</p> <p>7. Vatnajökulsþjóðgarður –veturinn í ríki vatnajökuls</p> <p>8. Vestdalseyri, uppbygging á afþreyingargarði í friðlandi</p> <p>9. Hreindýrasetur</p> <p>Atvinnulíf (sjávarútvegur)</p> <p>10. Sýningarsetur sjávarútvegsins</p> <p>11. Fristundagarður á Mið-Austurlandi</p> | <p>12. Álfheimar</p> <p>13. Ferðapjónusturklasi á Hornafirði</p> <p>a. Markaðssetning ferðapjónustu á Suðausturlandi</p> <p>b. Vörupróun í ferðapjónustu</p> <p>c. Vörupróun Humarhátíð</p> <p>d. Perlan Mýrar</p> <p>e. Heilsa, útivist og slökun</p> <p>f. Þjónustuver við kvikmynda og auglýsingagerð</p> <p>g. Mikligarður, handverk og menning</p> <p>14. Menningar ferðapjónustuklasi</p> <p>h. Þróunarverkefni í ferðapjónustu</p> <p>i. Heilsutengd ferðapjónusta</p> <p>j. Sjóferðir á minni bátum</p> <p>k. Hrafnkelssöguslód</p> <p>l. Austurland, viku ævintýri</p> <p>m. Ljósmyndabanki Austurlands á internetinu</p> <p>n. Uppbygging safnaumhverfis Sjóminjasafns Austurlands</p> |

¹⁵ Þessar tölur byggja á spám Ferðamálaráðs Íslands o.fl. um að árið 2020, sjá www.ferdamalarad.is.

Menning

Listaverkagarður á Eiðum

Tillaga: Uppbygging á listaverkagarði á Eiðum, þar sem viðurkenndir alþjóðlegir listamenn eiga listaverk. Garðurinn styður við uppbyggingu Eiða sem alþjóðlegs listaseturs.

Markmið: Að gera Eiða, en þó sérstaklega Listaverkagarðinn á Eiðum og umhverfi hans að raunverulegum menningarstað þar sem alþjóðlegir listamenn ættu listaverk, garðurinn yrði undirstaða margvíslegra menningaratriða, sem bæru hróður Eiða og Austurlands víða um völl og nýttu þannig margvíslega möguleika sem skapast með aðild að alþjóðlegu verkefni. Í ljósi þess að þekktir alþjóðlegir listamenn hafa nú þegar sóst eftir bæði aðstöðu og þátttöku í menningarstarfi á Eiðum er markmið þessa verkefnis að byggja stöðugan grunn að þessu starfi.

Rök: Nú þegar hafa alþjóðlegir menningarfulltrúar sótt Eiða heim. Þeir eru, ásamt listamönnum sem þar hafa dvalið, sammála að Eiðar séu frábærlega í sveit settir til menningarstarfa, bæði hvað varðar fundi, ráðstefnur, kennslu, meistara-námskeið, tónleika og sýningar.

Framkvæmd: Óskað er eftir fjárstuðningi til undirbúnings, rannsókna og frágangi á svæðinu til þess að mögulegt sé að reisa margvísleg listaverk í garðinum.

Ábyrgð á undirbúningi og framkvæmd verksins er í höndum Eiðastóls ehf.

Tímaáætlun: Reiknað er með að undirbúningur og framkvæmd komi til með að taka um það bil tvö ár.

Kostnaðaráætlun: Heildarkostaður allra framkvæmda hefur ekki verið metinn.

Undirtillögur:

“Hotel Box”: Tillaga heimspekkts listamanns, Carstens Höllers. Tillagan er framlag listamannsins til uppbyggingar menningarseturs á Eiðum. Hún felst í byggingu glerhúss á súlum úti í Eiðavatni. Glerhúsið er í sjálfu sér listaverk Höllers, en út í húsið verður byggð sérhönnuð fellibrú, sem hægt verður að draga upp og þannig loka aðgengi að húsinu. Nafn þessa listaverks er “Hotel Box” en húsið er ætlað listamönnun, þó sérstaklega skáldum og/eða rithöfundum til gistingar og vinnuaðstöðu, en þeir tækju jafnframt þátt í menningarviðburðum á Eiðum á meðan á dvöl þeirra stendur. “Hotel Box” á Eiðum er mikilvægur þáttur í uppbyggingu þessa menningarstaðar. Tilvist hússins kemur til með að laða ferðamenn að Eiðum, nýja gerð af ferðafólki sem annars kæmi sennilega ekki. En íbúar hússins munu væntanlega koma með forvitnilegar upptökur í farteski sínu. Verkefnið hefur í för með sér talsverða atvinnusköpun.

“Parliament of Things”: Listaverk Ólafs Elíassonar “The Parliament of Things” sem verið er að undirbúa uppsetningu á að Eiðum.

Draumasafn á Djúpavogi, safn og viðburðasetur

Tillaga: Safn um drauma á Djúpavogi sem yrði miðstöð á Íslandi fyrir drauma í íslenskri menningararfleifið fyrr og nú og það eina sinnar tegundar á landinu. Safnið vinnur að söfnun og skráningu drauma, fræðslu um drauma, að listrænum viðburðum, ráðstefnu- og sýningahaldi og rannsóknum á draumum.

Markmið: Safninu er ætlað að draga fram menningarlega sérstöðu Suð-Austurlands, en þar hefur löngum þróast dýrmæt draumahefð og mikill áhugi á andlegum málum. Því er ætlað að efla atvinnulíf, stuðla að aukningu ferðamanna og auðga menningarlíf á svæðinu. Jafnframt að stuðla að alþjóðlegum samskiptum á sviði draumfræða og draumarannsókna og vera farvegur fyrir innlenda sem erlenda menningarstrauma á þessu sviði.

Rök: Íslensk draumahefð flokkast undir einhverjar merkustu menningarminjar þjóðarinnar og því mikilvægt að varðveita hana og kynna fyrir kynslóðunum og færa hana í það alþjóðasamhengi sem hún verðskuldar. Safnið hefur þegar yfir að ráða góðum gagnakosti í formi heimilda um drauma, hefur gefið út bók um drauma og staðið fyrir stórri Gallup könnun á draumum og andlegum viðhorfum Íslendinga og sýninga- og fyrirlestrahaldi heima og erlendis, s.s. í Bandaríkjunum, á Norðurlöndunum og í Kína.

Ábyrgð á framkvæmd Djúpavogshreppur / Draumasetrið Skuggsjá / Menntamálaráðun. / (Byggðamálaráðuneytið).

Aðrir þátttakendur: Samstarf við Minjasafnið á Akureyri og unnið að samstarfi við Þjóðminjasafn og menningarstofnanir á Austurlandi. Erlendar menningarstofnanir, samtök og draumfræðingar, til að mynda Harvard-prófessorinn Robert Bosnák, fyrrum alþjóðaforseti Alheimssamtaka um drauma. Jóhann Tómas Sigurðsson hjá Google í Kanada og Birta Bj. sérfæðingur í menningarmiðlun í Bretlandi.

Verk- og tímaáætlun 2006

1. Nóvember 2005, grunnundirbúningi lokið og verkefnaskrá lögð fram.
2. Í mars 2006 safnstjóri/hálft stöðugildi, stefnt að heilu stöðugildi í mars 2007.
3. Vefsíða í apríl 2006 og lítil bók um drauma á íslensku og ensku í maí 2006.
4. Sýningahald á Djúpavogi og í Reykjavík sumarið 2006 til kynningar f. ferðam.
5. Í júní 2006 kemur fyrsti erlendi draumahópurinn til Djúpavogs frá BNA.
6. Haustmisseri 2006 skráning á safnkosti, safnkennsla í skólum, farandsýningar.

Kostnaðaráætlun (vegna 1. árs): Kostnaður vegna fyrstu standsetningar og reksturs m/v 12 mánuði er áætlaður 9,2 millj. króna. Þar af vega hæst launaliðir og stofnbún. upp á 5 millj. og húsnæðiskostnaður (breytingar o.fl.) áætl. 2 millj. króna. Reiknað er með að aðgangseyrir standi undir allt að 1/3 af launakostnaði þegar fram í sækir, þannig að opinberir aðilar myndu þurfa að fjármagna launakostnað að 2/3 hlutum. Reiknað er með að Djúpavogshreppur leggi til fjármagn til reksturs húsnæðis safnsins, auk þess að tryggja húsnæði fyrir starfseminna.

Aldamótabærinn Seyðisfjörður

Tillaga: Unnið verði að stefnumótun varðandi svæðisfriðun gömlu byggðarinnar á Seyðisfirði til að tryggja það að menning og ferðaþjónusta geti áfram byggt á þeim grunni sem nú er til staðar. Söguleg sérstaða Seyðisfjarðar er afar mikilvæg fyrir ferðaþjónustu, ekki bara á Seyðisfirði heldur fyrir landið allt, það er skylda okkar landsmanna að vernda þennan einstaka arf. Því lagt til að unnið verði áfram á þeim nótum sem byrjað var á með verkefninu "Aldamótabærinn Seyðisfjörður" árið 2001. Þar eru tilgreind nokkur verkefni sem þarf að vinna markvisst að. *Helstu verkefni:* Gamla ríkið, Bryggjuhúsin; Angró og Skipasmíðastöðin sem eru nú komin í umsjón Tækniminjasafnsins og Þórshamar sem er í eigu Olúfólagsins Esso, Þórarinsstaðir, Skafffell, Hótel Aldan, Gamli spítalinn og Fjarðarselsvirkjun sem er í eigu Rarik.

Rök: Verkefnið byggir á hinum merka timburhúsaarfi sem Hörður Ágústsson gerði úttekt á árið 1975. Hann lagði til að 9 hús yrðu friðuð í A-flokki og að svæðið í kringum Lónið og við Hafnargötu (frá Framhúsi að Gömlu símstöð) yrðu friðuð. Tveir merkir fornleifafundir hafa átt sér stað í Seyðisfirði sem mikilvægt er að huga að. Mikilvægt er að minna á þetta verkefni sem fékk góðan hljómgrunn meðal ráðamanna á sínum tíma. Lagt er til að verkefnið "Aldamótabærinn Seyðisfjörður" verði tekið upp úr skúffunni og að unnið verði markvisst að verkefninu með því að ráða verkefnisstjóra í tímabundið starf sem kemur að stefnumótun, forgangsstöðun verkefna og klárar þau verkefni sem hafa farið af stað í samstarfi við þá aðila sem við á hverju sinni auk bæjaryfirvalda. Hluti þessara verkefna eru komin í ágætan farveg en mikilvægt er að fara yfir sviðið og huga að því hvað megi betur fara og hvar sé nægjanlega að gert.

Markmið: Markmiðið er að menningararfurinn verði varðveittur og komið í gott horf svo ferðamenn jafnt sem íbúar svæðisins fái notið í framtíðinni. Lagt er til að það verði gert með því að styrkja og styðja við ofantalin verkefni t.d. með eftirfarandi hætti: Verkefnisstjóri vinnur að fjármögnun verkefna, vinnur með bæjarbúum og bæjarstjórn að grunnvinnu s.s. stefnumótun og framkvæmdaáætlun eftir því sem við á. Án nokkurs vafa munu skapast nokkur störf á tímabilinu og til frambúðar. Verkefnisstjórinn vinnur með Tækniminjasafninu, Skaffelli og Hótel Öldu að samstarfi og stefnumótunarvinnu eins og við á byggða á hugmyndafræði "Aldamótabæjarins". Einnig vinnur hann að framgangi uppbyggingar og endurnýtingar á Gamla spítala, Þórshamri og Gamla ríki svo og þrýstir á úrlausn mála fyrir Þórarinsstaði þar sem fundust afar merkar minjar um kirkjur og kirkjugarð frá upphafi kristni í landinu. Rarik á og rekur Fjarðarselsvirkjun, á 90 ára afmæli virkjunarinnar var stöðvarhúsið gert upp í upprunalegt horf og sögusýningu komið fyrir á efri hæð hússins sem opin er almenningi. Verkefnin eru ærin og engin einkamál Seyðisfirðinga.

Tímaáætlun: Áætlað er að starf verkefnisstjóra taki þrjú ár og að verkefnin verði þá komin til framkvæmda og fjármögnun einstakra þátta tryggð. Hér er því um tímabundið átak að ræða.

Ábyrgð framkvæmda:

Seyðisfjarðarkaupstaður, Tækniminjasafnið, Byggðastofnun, menntamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, heilbrigðisráðuneytið, fjármálaráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Þróunarstofa Austurlands, húsafríðunarnefnd ríkisins, fornleifavernd ríkisins, minjavörður Austurlands og ýmis fyrirtæki.

Kostnaður, sjá töflu

| Kostnaðaráætlun | 2006 | 2007 | 2008 |
|---|------------------|------------------|------------------|
| Verkefnisstjóri - laun | 3.200.000 | 3.200.000 | 3.200.000 |
| Ferðakostnaður | 200.000 | 200.000 | 200.000 |
| Skrifstofukostnaður, sími, aðstaða, auglýsing. ofl. | 1.000.000 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Tölva og annar stofnkostnaður | 500.000 | | |
| 5% hækkun á milli ára | | 220.000 | 231.000 |
| Samtals: | 4.900.000 | 4.620.000 | 4.631.000 |
| Fjármögnun | | | |
| Opinberir sjóðir | 3.000.000 | 3.000.000 | 3.000.000 |
| Seyðisfjarðarkaupstaður | 1.300.000 | 1.000.000 | 1.000.000 |
| Fyrirtæki og einkaframlög | 600.000 | 620.000 | 650.000 |
| Samtals: | 4.900.000 | 4.620.000 | 4.650.000 |

Uppbygging safna, setra og ferðaþjónustu á Norðanverðu Austurlandi

Tillaga: Uppbygging safna, setra og ferðaþjónustu

Markmið: Vopnfirðingar, einir og/eða í samvinnu við aðra, hyggjast koma á fót setrum eða söfnum er varða menningu svæðisins eins og Vesturfaramiðstöð, stangveiðisetur (eða safn) og setur Jóns Múla & Jónasar Árnasona. Sveitarfélög um land allt leita aukinnar sérstöðu viðvíkjandi menningartengdri ferðaþjónustu. Vopnfirðingar hafa ýmis tækifæri sem þeir hyggjast nýta. Einnig hafa Vopnfirðingar markað þá stefnu að auglýsa sveitarfélagið sem náttúruperlu þar sem friðsemd og ró eru aðalsmerki. Jafnframt þessu verði komið á uppbyggingu fleiri þátta til að auka fjölbreytni afþreyingar.

Rök:

1. Í ljósi þeirrar staðreyndar að frá Vopnafirði fóru fleiri Íslendingar vestur um haf en frá nokkrum öðrum stað á Íslandi hlýtur uppbygging Vesturfaramiðstöðvar að vera eðlileg. Þess verður gætt að fara í engu þá leið sem Vesturfarasetrið á Hofsósi hefur farið en samvinnu hefur verið leitað við setrið.
2. Á Vopnafirði gefur að finna nokkrar af þekktustu laxveiðiám Íslands. Vopnafjörður er þ.a.l. kunnur víða fyrir laxveiðar. Á þessum grunni eru uppi eru áætlanir um að komið verði á fót setri eða safni er tekur til stangveiði. Hefur Brian Booth, sem gjörþekkir laxveiði á Vopnafirði síðustu 40 ár, samþykkt að leggja setrinu/safninu lið.
3. Tveir þekktustu listamenn þjóðarinnar, Jón Múli & Jónas Árnasynir, voru fæddir Vopnfirðingar og Vopnfirðingum ber að koma verkum þeirra áleiðis til komandi kynslóða. Eftir fáa listamenn liggur jafn fjölbreytt úrval verka og þá bræður.
4. Í ferðaþjónustunni eru auknar kröfur um sífellt fleiri tækifæri til afþreyingar um leið og tækifæri til hvíldar í rólegu umhverfi verða æ mikilvægari. Eftirfarandi eru þættir sem Vopnfirðingar horfa til: Golfvöllur, sundlaugin Selárdal, merktar gönguleiðir, skipulagðar göngu- og hestaferðir, stangveiði, útivistasvæði, norðurljósaverkefni, Vesterálen í Noregi (samvinna).

Ábyrgð og framkvæmd: Vopnafjarðarhreppur, Markaðsstofa Austurlands, Menningarráð Austurlands, SSA, opinberar stofnanir, styrktaraðilar/fjárfestar.

Tímaáætlun: 2005-2010

Kostnaður: Verkefni tengd söfnum og setrum eru þess eðlis að þau munu taka nokkur ár í vinnslu. Hvert um sig kann að kosta um 10 milljónir króna. Ferðaþjónustuverkefni eru einnig mörg og mismunandi en alls má áætla að kostnaðurinn fari yfir 100 milljónir króna.

700is - Árleg kvikmyndahátíð, Hreindýraland

Tillaga Byrjað hefur verið með einni 'tilrauna' kvikmynda- og videólistahátíð á Íslandi í Hreindýralandi 700.is. Horft er til þess að efla austfirskra listmenningu og ná athygli erlendra gesta til Íslands hingað austur í leit að menningu og listum sem ekki þekktist ennþá annarsstaðar á landinu. Það eru vissulega tilraunakvikmyndir og videólist sýnd annarsstaðar á landinu en hvergi er til hátíð í þessum dúr.

Markmið Markmiðið er að efla listsköpun á Austurlandi, byrja með eitthvað sem verður árlegur viðburður og mun þannig vinna sem kynning á Austurlandi með auknum ferðamönnum í leit að nýjustu myndlist sem þekktist í heiminum.

Með tilkomu slíkrar hátíðar eflist líka listamenning hjá fólkinu sem býr á svæðinu, þegar það sér eitthvað nýtt og hefur tök á að fara á námskeið í náninni framtíð (það hefur nú þegar verið rætt að halda slík námskeið á vegum FNA og hefur vegaHÚSIÐ verið með nokkur slík námskeið). Einnig mun hátíðin virka sem mikill kraftur í samstarfi til dæmis á milli Eiða og Fljótshéraðs, Fljótshéraðs og Skaffells, og einnig hafa stofnanir í Reykjavík (svo sem CIA Centre of Icelandic Art) falast eftir samstarfi.

Rök Myndlist kemur í ýmsum formum og hefur almenningur oft bara séð eina hlið af myndlist - í söfnum eða galleríum. Nú er hinsvegar þekkt fyrirbæri fyrir listamenn að vinna í gegnum tölvur og media (Media Arts, Installation art, public art og fleira) en það er mikilvægt að hafa myndlist sýnilegri í viðum skilningi á Austurlandi. 700IS er ókeypis hátíð og á fleiri en einum stað á Austurlandi, þar sem fólk getur komið og séð það sem listafólk allstaðar af úr heiminum sýna hvað það er að gera. Á síðustu hátíð bárust til hátíðarinnar 150 verk frá 14 löndum. Komið verður á samstarfi við menntaskólann um að fá þaðan listahópana til að vinna að uppsetningu á sýningunni. Listafólk á Austurlandi hefur tekið þátt í að velja bestu verkin í 2 flokkum, besta verk fyrir unga listamenn (yngrir en 25 ára) og besta verkið yfir höfuð.

Teljum við að þetta muni efla listsköpun á Austurlandi og koma listamönnum hér meðal þeirra bestu í bransanum. Svona hátíðir tíðkast mikið erlendis og hefur stjórnandi hátíðarinnar mikla reynslu af slíkum, sem listakona og starfsmaður slíkra. Egilsstaðir munu virka sem miðstöð hátíðarinnar og mun Kompan sjá um að vera einskonar miðstöð fyrir listamenn - áhugafólk um listir og dómara hátíðarinnar. **Staðsetningin er fullkomin vegna þess að:**

- Egilsstaðir eru þekktir sem einskonar krossgötur - leiðir liggja til allra átta..
- Verið að kynna austurland sem Hreindýraland - undirtitill hátíðarinnar.
- Þekktum listamönnum er boðið á hátíðina, sem og menntamálaráðherra
- Tónlistamenn og listamenn geta unnið saman að verkum í framtíðinni fyrir hátíðina - það verða haldin námskeið allt næsta ár í tengslum við hátíðina þannig að allir geti lært að búa til 'kvikmyndir' og vonandi þannig eflt listamenningu austurlands.

Ábyrgð á framkvæmd Kristín Scheving í samstarfi við Menningarmiðstöð Fljótshéraðs.

Aðrir þátttakendur Íslandsbanki, Menningarráðs Austurlands, menntamálaráðuneytið, Landsbankinn og fleiri aðilar.

Tímaáætlun Starfsemi hefjist á árinu 2006 og verði til langframa.

Kostnaðaráætlun: Árlegur kostnaður við hátíðina er áætlaður um 4 milljónir króna.

Ormsstofa

Tillaga: Að byggja upp Ormsstofu sem saman stendur af annars vegar þjóðfræðasetri er annast söfnun og miðlun gagna er varða þjóðfræðifyrirkæri á Austurlandi og víðar, og hins vegar skrímslasýningu þar sem fjallað væri um vatna- og sjávarskrímsli á Íslandi og erlendis með sérstakri áherslu á Lagarfljótsorminn og Lagarfljótið, umhverfi þess, sögu og náttúru.

Markmið: Markmiðið er að nýta þá sérstöðu sem Lagarfljótið hefur með öllum sínum furðum og fyrirbærum og þá sérstaklega Lagarfljótsorminum, sem er eitt af þekktari vatnaskrímslum heimsins fyrir þá sem þekkja til á því sviði, til að efla ferðaþjónustu á Fljótsdalshéraði en um leið sinna þjóðfræðapættinum sem hefur verið vanræktur nokkuð hin síðari ár.

Rök: Árið 2000 vann Sögusmiðjan vandaða hugmyndaskýrslu um nýtingu Lagarfljótsormsins við markaðssetningu og þróun ferðaþjónustu og atvinnulífs á Fljótsdalshéraði. Í skýrslunni eru m.a. færð eftirfarandi rök fyrir Ormsstofu:

Lagarfljótsormurinn er tvímælalaust ein helsta sérstaða Fljótsdalshéraðs og einn af þekktari íbúum fjórðungsins. Því er vel við hæfi að aðrir íbúar svæðisins nýti sér sagnir af skrímslinu í Fljótinu í meira mæli en gert hefur verið. Telja má fullvíst að með uppsetningu sýningar þar sem fjallað er um fyrirbærið á skemmtilegan og lifandi máta, takist að auka fjölbreytni í afþreyingu umtalsvert fyrir ferðafólk sem á leið um svæðið

Með tilkomu sýningar um skrímsli á Íslandi skapast vettvangur fyrir ferðafólk og ekki síður heimamenn að fræðast um skrímsli á Íslandi í nútíð og fortíð - bæði frá sjónarhorni náttúruvísindanna, skrímslafræðinnar og þjóðfræðinnar. Í íslenskum sögnum er mikið fjallað um undarleg kvikindi í vötnum og hafdjúpinu. Sagnir um nykur í tjörnum, fjörlalla í flæðarmálinu og ekki síður frásagnir sjómanna af stórvöxnum skrímslum í hafinu allt í kringum landið hafa lifað með þjóðinni frá upphafi Íslandsbyggðar. Af öllum þessum skepnum er Lagarfljótsormurinn mest áberandi í heimildum og eina skrímslið sem enn sést af og til skjóta upp kryppum sínum.

Í skýrslu sinni gerir Sögusmiðjan ráð fyrir 10 þús. gestum á fyrsta ári, verði staðið að sýningunni af metnaði og vandað til verka.

Ábyrgð á framkvæmd: Ormsskrínið (félag sem stofnað var til að vinna að framgangi skýrslunnar) og sveitarfélög á Héraði.

Aðrir þátttakendur: Þróunarfélag Austurlands, Markaðsstofa Austurlands, Náttúrustofa Austurlands, samgönguráðuneytið, Háskóli Íslands o.fl.

Tímaáætlun: Undirbúningur á grundvelli skýrslu Sögusmiðjunnar fari fram á fyrri hluta árs 2006 og ráðnir verði sérfræðingar til að búa til grófhönnun og kynningarpakka um skrímslasýningu sem hægt er að nota til að afla fjármagns. Leit að fjármagni fari fram seinni hluta árs 2006. Sýningarhönnun 2007 til 2008 og opnun sýningar vorið 2008.

Kostnaðaráætlun: Kostnaður við undirbúning, þ.e. verkefnisstjórnun og frumvinnu hönnuða, er áætlaður 5 m.kr. á ári. Kostnaður við sýninguna er ómetinn og ræðst alfarið af umfangi og staðsetningu.

Náttúra

Vatnajökulsþjóðgarður –Veturinn í ríki Vatnajökuls

Tillaga: Vinna við margvísleg verkefni er tengjast undirbúningi að stofnun þjóðgarðs norðan og sunnan Vatnajökuls eða Vatnajökulsþjóðgarðs. Einnig að gera ferðapjónustu að heilsársatvinnugrein. Efling vetrarferðapjónustu hefur í för með sér að fjárfestingar í greininni eru betur nýttar. Auk þess skapast fleiri heilsársstörf.

Markmið: Að búa í haginn fyrir stofnun þjóðgarðs með því að efna til samráðs hagsmunaðila og setja af stað verkefni í ferðapjónustu, náttúruvernd, minjagripapróun og á fleiri sviðum sem nauðsynlegt er að séu á veg komin þegar þjóðgarður verður stofnaður. Viðskiptatækifæri í tengslum við vetrarferðamennsku getur verið t.d.; Jeppaferðir, hreindýraskoðun, veiði á villtum dýrum og fiskum, menningarviðburðir, t.d. humarvetrarhátíð og Norðurljósablúshátíð, upplifa myrkur og þögn, gönguferðir í vetrarríki, ísklifur, jöklaferðir, fjallgöngur.

Rök: Vatnajökulsþjóðgarður verður langstærsti þjóðgarður Evrópu og allt bendir til að á næstu árum verði af stofnun hans. Hluti þess svæðis sem ætlunin er að verði innan þjóðgarðsins er á Austurlandi. Á Suðausturlandi tengjast nú þegar margir aðilar stækkuðum Skaftafellsþjóðgarði og ástæða til að efna til samstarfs þar á milli með jökulinn sjálfan sem tengipunktinn. Þjóðgarðurinn verður án efa fjölsóttur af ferðamönnum og því þarf að huga vel að hvers kyns uppbyggingu á ferðapjónustu í tengslum við hann. Grenndarsvæði þjóðgarðsins eru ekki síður mikilvæg í þessu sambandi. Óteljandi verkefni varðandi þjóðgarðinn þarf að skilgreina og móta með aðstoð sérfróðra og samræma sjónarmið. Miklir möguleikar eru á atvinnuuppbyggingu vegna þjóðgarðsins og sömuleiðis að nýta þjóðgarðinn sem vörumerki til að vekja athygli á svæðum og vörum. Í þessu sambandi þarf að taka tilliti til hagsmuna margra ólíkra aðila og reyna að vinna áætlanir er miða að því að samfélagið hagnist á því að vernda náttúruna.

Aukinn áhugi er á ferðalögum á framandi slóðir yfir vetrartímann, m.a. til að upplifa norðurljósín. Uppbygging vetrarferðamennsku fer vel saman við uppbyggingu þjóðgarðs.

Ábyrgð á framkvæmd: Sveitarfélög á Austurlandi, Alcoa-Fjarðaál, Landsvirkjun, umhverfisráðuneytið.

Aðrir þátttakendur: Ferðapjónustufyrirtæki, ferðafélög, Markaðsstofa Austurlands, Ferðamálafélag A-Skaft., Náttúrustofa Austurlands, o.fl.

Tímaáætlun: Verkefnavinna með aðstoð sérfræðinga á árunum 2006-2008.

Kostnaðaráætlun: Kostnaður er ómetinn.

Vestdalseyri, uppbygging á afþreyingargarði í friðlandi

Tillaga: Að Vestdalur og Vestdalseyri í Seyðisfirði sem í Náttúruminjaskrá eru á lista yfir náttúruminjar verði gert að friðlandi samkvæmt lögum þar um. Lagt er til að skipulagður verði afþreyingargarður í Vestdal og á Vestdalseyri. Stefnt verði að því að sú uppbygging verði í sátt við náttúru og umhverfi. Uppbyggingin í Vestdal tengist gönguleiðum og hinni fornu Fjallkonu, með göngustígum fyrir stafgöngu á sumrin en troðnum skíðagöngubrautum á veturna. Við Vestdalseyrina verði komið fyrir aðstöðu fyrir margvíslega sjótengda ferðaþjónustu. Stefnt verði að því að flest öll sjófarartæki verði knúin af mannaflí, árabátar, kajakar eða seglbátar og að árabátarnir a.m.k. verði helst smíðaðir í gömlu skipasmíðastöðinni. Það myndi styðja við uppbyggingu Tækniminjasafnsins, þar myndi skapast sérstaða í bátasmíði sem um leið yrði tilefni til sýninga. Ferðamaðurinn gæti e.t.v. lært að smíða sínar eigin árar á meðan hann dvelur á Seyðisfirði og fengið tilsögn í gömlu handverki. Í Vestdal og á Vestdalseyri yrði komið fyrir skiltum sem segja sögu gamla þorpansins, Fjallkonunnar, náttúrunnar og sögu Vesturfaranna sem margir stigu þar sín síðustu skref í átt til fyrirheitna landsins. Hreinlætisaðstöðu, áningarstöðum og bryggju þarf að koma fyrir á svæðinu. Stefnt skal að sjálfbærri ferðamennsku á svæðinu.

Rök: Vestdalur og Vestdalseyri eru mikilvæg og vannýtt auðlind sem nýta má t.d. með fyrrgreindum hætti í ferðaþjónustu. Sérstæð upplifun, hreinleiki náttúru og umhverfi er orðin eftirsóknaverð ferðaþjónustuværa. Staðurinn býður upp á fjölmarga möguleika í uppbyggingu á ferðaþjónustu og hafa nokkrir nú þegar hug á að nýta þetta svæði til þess. Unnið er að skipulagi svæðisins af hálfu bæjaryfirvalda. Það er algjört grundvallaratriði að svæðið verði rannsakað af Fornleifavernd ríkisins og Umhverfisstofnun eða þar til bærum aðilum og friðað áður en hróflað verður við mannvistaleifum eða náttúruminum þeim sem eru á náttúruminjaskrá. Meðal merkra fornminja má nefna *Fjallkonuna* sem fannst í Vestdal síðastliðið sumar, einstakt á heimsvísu. (Fornleifavernd 2005). Í fréttabréfi NAUST frá árinu 2001 skrifar Helgi Hallgrímsson náttúrufræðingur áhugaverða grein um Seyðisfjörð, þar fjallar hann um að fossaskrúð sem prýði bæði Fjarðará og Vestdalsá séu einstakar náttúruperlur. Hann fjallar um Vestdal sem er við rætur Bjólfs, 1085 metra hátt tignarlegt fjall. Að mati Helga ætti Bjólfur og Fjarðardalur að vera á opinberri náttúruminjaskrá. Helgi segir að fjörðurinn sjálfur, Seyðisfjörður með fjallahring sínum og dölum sé einstakur meðal fjarða Íslands (Helgi Hallgrímsson 2001). Því er spáð að erlendum ferðamönnum sem koma til landsins fjölgi úr 360.000 árið 2005 í rúma milljón árið 2016. Þessar tölur eru byggðar á meðaltali síðustu 10 ára, varfærnustu áætlanir gera ráð fyrir a.m.k. tvöföldun á komu erlendra ferðamanna á þessu tímabili. Í ferðamálaáætlun samgönguráðuneytisins er lagt til að ferðamönnum verði dreift meira um landið og til þess að það verði hægt verðum við að vera tilbúin að taka á móti ferðamönnum. Spáð er fjölgun ferðamanna er koma inn í landið í gegnum Seyðisfjörð og Egilsstaði. Tilfinnanlega vantar fjölbreyttari afþreyingu fyrir ferðamenn á Austurlandi. Afþreyingargarður sem lagt er til að hér verði byggður upp er kærkomin viðbót í afþreyingarflóru Austurlands og mun styðja dyggilega við ferðaþjónustu á Seyðisfirði.

Markmið: Að byggja upp afþreyingargarð með aðstöðu til útivistar og að friðlýsa svæðið. Byggja upp hús (bungaló) fyrir um 100 gesti og þjónustukjarna.

Ábyrgð framkvæmda: Seyðisfjarðarkaupst. - Umhverfisráð, Fornleifavernd ríkisins, Umhverfisstofnun.

Aðrir þátttakendur: Ferðaþjónustuaðilar á Seyðisfirði, Tækniminjasafnið, ferða- og menningarmálafulltrúi Seyðisfjarðar, gönguklúbbur Seyðisfjarðar og aðrir hagsmunaaðilar.

Tímaáætlun: Friðlýsingarferlið á ekki að taka langan tíma þar sem Seyðisfjarðarkaupstaður er eini landeigandinn svo reikna má með að því verði lokið innan árs. Uppbygging afþreyingargarðsins tekur lengri tíma. Áætlað er að það taki 2 - 3 ár.


Kostnaðaráætlun: Reiknað er með að það kosti að lágmarki um 20 milljónir að koma upp afþreyingargarði með aðstöðu og búnaði til sjótengdrar afþreyingar eins og hér hefur verið lýst, göngustígagerð, gerð áningarstaða á tveimur stöðum, hreinlætisaðstöðu, merkingum og fleira. Samstarf verður á milli Seyðisfjarðarkaupstaðar, gönguklúbbsins og rekstraraðila afþreyingargarðsins um uppbyggingu og fjármögnun. Kostnað við göngustígagerð og bryggjur koma úr opinberum sjóðum en búnaður s.s. bátar ofl kemur frá einkaaðilum. Friðlýsingarferlið er alfarið á kostnað Umhverfisstofnunar.

Hreindýrasetur

Tillaga Komið verði á fót Hreindýrasetri/garði á Héraði. Setrinu er ætlað að vera miðstöð upplýsinga um hreindýr og sölumiðstöð fyrir handverk, leiðsögn, kynnisferðir og minjagripni tengda hreindýrum. Í garði í kringum setrið verða höfð lifandi hreindýr þar sem þau hafa mikið aðdráttarafl fyrir ferðamenn, samhliða sjá aðilar fyrir sér útfærslu húsdýragarðs (íslensku dýrin). Á setrinu yrði sett upp hreindýrasýning, með myndböndum, sögu og minjum um hreindýr á Íslandi, auk aðstöðu til funda og minni ráðstefna/sýninga. Jafnliða yrði byggð upp aðstaða fyrir vísinda- og fræðimenn til rannsókna tengdum hreindýrum, hvort sem er innan setursins eða í tengslum við það.

Markmið Með setrinu verður byggður upp áhugaverður áfanga- og þjónustustaður fyrir ferðafólk og miðstöð fyrir “hreindýraíðnaðinn” á Austurlandi. Hreindýrasetrið mun hafa það markmið að :

- Styrkja ímynd Austurlands varðandi “Auðlindin hreindýr”
- Efla og styrkja handverk og heimilisiðnað tengdan hreindýrum
- Efla rannsóknir á náttúru, sögu og menningu í tengslum við hreindýr
- Byggja upp öfluga afþreyingu fyrir þá sem búa á Austurlandi og sækja það heim



Rök Tillaga þessi byggir á skýrslu starfshóps um “Auðlindina hreindýr” sem gefin var út af Þróunarfélagi Austurlands í nóvember 2005. Þar má finna ítarlega stefnumótun, þarfagreiningu og tillögur um hagnýtingu á hreindýrum og hreindýraafurðum í tengslum við ferðaþjónustu, matvælaframleiðslu og listiðnað (sjá mynd).

Hreindýrin eru einkennisdýr Austurlands og það á að nýta sem sérkenni í markaðsetningu. Hreindýramenningin er einnig hluti af sögu þjóðarinnar og sem verður að varðveita og miðla til komandi kynslóða og ferðamanna. Með því að samtvinnna hreindýrasetur “húsdýragarði” er um leið byggð afþreying sem hefur mikið aðdráttarafl jafnt fyrir gesti og heimamenn auk þess sem fjárhagsgrundvöllur er frekar tryggður.

Með uppbyggingu á þeim þáttum sem fram koma í skýrslunni má ætla að hreindýrasetur sé það aðdráttarafl sem dregur innlenda sem erlenda ferðamenn gagngert til Austurlands. Bæjarráð Fljótshálsbæjar bókaði á fundi sínum þann 29. júní 2005 að hreindýrasetur yrði byggt upp á Héraði. Þá hefur, síðustu misseri, verið unnið að því að skoða aðstöðu á Egilsstöðum fyrir menningarstarfsemi og gert ráð fyrir því að hreindýrasetur hefði þar jafnframt aðstöðu.

Ábyrgð á framkvæmd Fljótshálsbæjar, Umhverfisstofnun, Þróunarfélag Austurlands, Náttúrustofa Austurlands og Markaðsstofa Austurlands, félag leiðsögumanna með hreindýraveiðum, fyrirtæki og stofnanir.

Tímaáætlun Hafinn verði undirbúningur að rekstri hreindýraseturs 2006 og gert ráð fyrir að starfsemin hefjist haustið 2008.

Kostnaðaráætlun Gera þarf viðskiptaáætlun fyrir verkefnið og afla fjárfesta.

Atvinnulíf og sjávarútvegur

Sýningasetur sjávarútvegsins

Tillaga: Hugmyndin að sýningasetri sjávarútvegsins gengur út á að koma á fót metnaðarfullri og lifandi sýningu sem felur í sér fjölbreyttan fróðleik um sjávarútveg á Íslandi eins og hann er í dag, háþróaður matvælaíðnaður í fremstu röð á heimsvísu. Kynningarform yrði fjölbreytt s.s. myndir, veggspjöld og texti, líkön, kort, tölvugert margmiðlunarefni á tölvuskjám, kvikmyndir/myndbönd í sérstöku sýningarherbergi, gagnvirk efni þar sem hægt er að spreyta sig á að svara spurningum um sjávarútveg og lífríki sjávar, skjáir tengdir vefmyndavélum á vettvangi (hafnir, vinnsla o.fl.). Áhersla yrði lögð á að hafa safnið faglega upp sett og fræðslugildi þess mikið t.d. fyrir nemendur á grunn og framhaldsskólastigi. Háskólanemar t.d. á sviði sjávarútvegs, lista og upplýsingatækni gætu hins vegar lagt saman krafta sína í að taka þátt í að móta og setja upp safnið og tengt það námi sínu. Jafnframt yrði að gera setrið fjölskylduvænt og hafa í því léttu afþreyingarmöguleika fyrir börn og mikilvægt er að halda safninu vel lifandi með upptökum og reglulegum uppfærslum á milli ára. Hugsanlega gæti setrið staðið fyrir fræðslufundum eða litlum ráðstefnum sem fjölluðu um áhugaverð málefni tengd sjávarútvegi.

Rök

1. Fjöldi fræðasetra, fræðastofa og fræðslusýninga hefur verið settur á fót undanfarin ár en fátt lýtur þar að fræðslu um nútíma sjávarútveg, grunnatvinnuveg þjóðarinnar. Það eru því fáir að sinna málefninu.
2. Það er vitað að erlendir ferðamenn hafa mikinn áhuga á að kynna íslenskri menningu og atvinnulífi. Það er vel séð fyrir kynningu á menningunni í dag en aðgengi að fræðslu um atvinnulífið er afar takmarkað, ekki síst hvað sjávarútveginn varðar.
3. Þróun í samfélaginu og sjávarútvegi síðustu áratugi hefur leitt til þess að sífellt fleiri Íslendingar vita lítið um atvinnugreinina. Mun færri en áður vinna í fiski eða á sjó einhvern tímann á lífsleiðinni og fyrirtækin og athafnasvæði þeirra eru yfirleitt lokuð almenningi. Sýningasetrið getur verið ein leið til að byggja á ný brú þekkingar og upplýsinga á milli almennings og sjávarútvegsins í landinu.
4. Á Stöðvarfirði er fólk með góða þekkingu á sjávarútvegi, saga og menning sem byggir á langri sögu útgerðar og vinnslu, höfn og mannvirki sem útvegi tengjast og umhverfi sem skapar upplifun og tengsl við sjósókn. Á staðnum er því umhverfi sem hæfir setrinu.
5. Í Austurbyggð og á Stöðvarfirði er að finna einstaklinga með þekkingu á sýningahaldi, myndrænni framsetningu, heimildaöflun og textagerð og ýmsu öðru sem þörf er á við starfsemi setursins. Það eru því góðir starfskraftar í heimasveitarfélagi sýningasetursins sem líklegir eru til að leggja starfsemi þess lið með vinnuframlagi í einu eða öðru formi.
6. Sýningasetur sjávarútvegsins getur verið afgerandi aðferð til að bæta ímynd sjávarútvegs á Íslandi og kynna greinina með nýstárlegum og framsæknum hætti.

Ábyrgð á framkvæmd: Stjórn skipuð af sveitarstjórn Austurbyggðar (Fjarðabyggðar) og öðrum aðilum sem standa munu að Sýningasetrinu.

Aðrir þátttakendur: Leitað verður eftir þátttöku sjávarútvegsráðuneytis, samtaka í sjávarútvegi, sjávarútvegsfyrirtækja, rannsóknastofnana í sjávarútvegi, háskóla o.fl. aðila.

Tímaáætlun: Undirbúningur hefst á árinu 2006 og sýningin opni sumarið 2007. Næstu 5 árin verði sýningin í mótun og í gangi uppbygging á endanlegri aðstöðu og búnaði fyrir hana. Sýningin alla tíð "lifandi" sýning þ.e. hún tekur breytingum frá ári til árs og verður þannig séð í mótun allan þann tíma sem hún verður rekin.

Kostnaðaráætlun: Hvorki stofn né rekstrarkostnaður hefur verið metinn, en ætla má að á Stöðvarfirði séu hendi aðstæður sem stuðla að lágum stofn- og rekstrarkostnaði og góðum tekjumöguleikum.

Frístundagarður á Mið-Austurlandi

Tillaga: Uppbygging heilsárs frístundagarðs með smáhýsum og sameiginlegri aðstöðu til afþreyingar, fundar- og ráðstefnuhalds. Í sameiginlegri aðstöðu verður íþróttamiðstöð, heilsurækt, menntun, viðburðir og ráðstefnur, upplýsingamiðstöð, matur og drykkur og verslanir. Gert er ráð fyrir að vinna ítarlega þarfagreiningu og markaðskönnun vegna garðsins byggða á fyrirbyggjandi pre-feasibility könnun.

Markmið

1. Að byggja upp kjarna fyrir ferðapjónustu á Mið-Austurlandi og styðja við og stuðla að uppbyggingu á afþreyingu, menningu og náttúruskoðun á svæðinu.
2. Að byggja upp sjálfstætt samfélag og aðstöðu sem fullnægir þörfum gesta fyrir afþreyingu þegar möguleikar utan svæðisins eru takmarkaðir t.d. sökum veðurfars.
3. Að skapa hlýlegt andrúmsloft allan ársins hring í andstöðu við misgott veðurfar landsins.
4. Byggja upp aðstöðu fyrir nýja tegund ferðamanna sem sækja ráðstefnur og fundi og taka fjölskylduna með sér. Einnig aðstöðu fyrir fyrirtæki og samtök til að halda stærri fundi og ráðstefnur.

Rök: Þegar hefur verið framkvæmd ítarleg greining á fýsileika þess að byggja upp slíkan garð (1998). Greiningin "A unique concept for a unique destination, prefeasibility study for a bungalow park in Iceland" var unnin af erlendum ráðgjöfum með sérfræðipækkingu í uppbyggingu skemmtigarða af þessu tagi. Í greiningunni er mælt með því að garðurinn verði um 250 íbúðir/smáhýsi og 7000 fm. þjónustu- og afþreyingarmiðstöð. Ráðgjafarnir mæltu með því að næstu skref yrðu að framkvæma ítarlegri þarfa- og markaðsgreiningu (full feasibility study) og í kjölfarið unnið að fjármögnun, grunnhönnun og byggingarleyfum.

Í skýrslunni var jafnframt gerð grein fyrir því að talsvert verk væri enn óunnið varðandi mótun ferðapjónustu á Íslandi og að mikilvægt væri að auka framboð á afþreyingu á öllu svæðinu til að hún stæði undir og gæti notið til fulls áhrifa af slíkum garði. Þá lögðu sérfræðingarnir mikla áherslu á að efla starfsemi flugvallar á Egilsstöðum, en beint millilandaflug til Egilsstaða myndi styðja við uppbyggingu á slíkum garði á svæðinu.

Í skýrslunni er lagt til að uppbygging garðsins verði fjármögnuð 30% af heimamönnum og 70% af erlendum aðilum og mætti þá líta til keðja sem reka frístundagarða t.d. í Hollandi.

Ábyrgð á framkvæmd: Þróunarfélag- og Markaðsstofa Austurlands bæru ábyrgð á mótunarfasa.

Aðrir þátttakendur: Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Ferðamálaráð, flugfélög, sveitarfélög og fjárfestar.

Tímaáætlun: Gert er ráð fyrir að endanleg greining liggi fyrir innan tveggja ára með aðkomu erlendra sérfræðinga, arkitekta og verkefnastjóra í hlutastarfi.

Kostnaðaráætlun: Óskað er eftir framlagi sem nemur 5 milljónum á ári í tvö ár, samtals 10 milljónir.

Klasa- og samstarfsverkefni

Álfheimar, Borgarfirði eystri

Tillaga: Verkefni þetta miðar að því að auðga og efla ferðaþjónustu á Borgarfirði eystra og nágrenni sem atvinnugrein með því að mynda klasa ferðaþjónustuaðila sem tengjast ferðaþjónustu á Borgarfirði eystra. Klasi þessi myndi síðan ráða til sín tilsjónarmann sem hefði það að starfa að sinna framsetningu ferðaþjónustu á svæðinu undir yfirskrift álfheima og þá markaðssetningu Álfheima Íslands og hugmyndavinnu við það ferli. Einnig verði unnið að miðlun og framsetningu þjóðlegs fróðleiks um álfa- og vættatrú með áherslu á austfirskar sagnir, minjar og náttúru.

Markmið: Markmiðið er að gera ferðaþjónustu á Borgarfirði að atvinnugrein þar sem 5-10 einstaklingar geti innan 5 ára byggt afkomu sína eingöngu á greininni. Lengja þarf ferðamannatímabilið úr 8-10 vikum í 14-16 vikur á næstu þremur árum og eins vinna að markaðssetningu vetrarferðamennsku á svæðinu. Álfheimar og Borgarfjörður verði sýnilegir á öllum helstu sýningum er tengjast íslenski ferðaþjónustu og komi fram undir sameiginlegum merkjum frá árinu 2007. Unnið verður útfra hugmyndafræði Eco túrisma og áætlun frá Kjarvalsstofu um uppbyggingu Álfheima á Borgarfirði. Markmið verkefnisins er að fjölga gistinóttum á Borgarfirði um 25% á ári næstu 4 ár eða úr 2000 gistinóttum í um 5000 gistinætur árið 2009 og fjölga ferðamönnum sem heimsækja Borgarfjörð um sama hlutfall eða úr 10.000 í um 25.000 ferðamenn árið 2009.

Rök: Undanfarin rúm 20 ár hafa heimaaðilar á Borgarfirði eystra unnið að uppbyggingu ferðaþjónustu á Borgarfirði og nágrenni. Byggðir hafa verið fjallaskálar, fuglaskoðunaraðstaða, Kjarvalsstofa og fjárfest í gistirými auk þess sem vel skipulagðar og merktar gönguleiðir hafa verið útbúnar um svæðið. Ætla má að fjárfestingar í greininni nemi um 50 milljónum á tímabilinu. Ferðamannatímabilið er mjög stutt á Borgarfirði eða aðeins um átta vikur frá byrjun júlí og því hefur afkoma greinarinnar verið mjög takmörkuð sem þýðir að fé til markaðssetningar og þróunarvinnu er takmarkað. Á vegum Kjarvalsstofu hefur verið unnið að uppbyggingu Álfheima með álfa- og vættasögur frá Borgarfirði að leiðarljósi. Það er trú aðstandenda Kjarvalsstofu og fleiri ferðaþjónustuaðila að með uppbyggingu álfheima með tilheyrandi sýningum, heimkynnum Álfadrottningar Íslands, fræðslu og kynningu á þjóðlegum fróðleik tengdum Borgarfirði eystri muni áhugi innlendra jafnt sem erlendra ferðamanna aukast og auðveldara verði að fá þá til að heimsækja Borgarfjörð í dagsferðum eða lengri ferðum með gönguferðum um álfaslóðir.

Ferðamálahópur hefur verið starfandi á Borgarfirði í nær 10 ár sem áhugasamtök um viðburði á Borgarfirði svo sem Álfaborgarséns um Verslunarmannahelgina. Áfram verður unnið útfra þeim hugmyndum sem byggt hefur verið á varðandi gönguleiðir um Víknaslóðir sem aðdráttaraf og þeirri þróunarvinnu sem unnin hefur verið með það verkefni.

Ábyrgð á framkvæmd: Kjarvalsstofa ses. og aðrir ferðaþjónustuaðilar er tengjast Borgarfirði eystra.

Aðrir þátttakendur: Þróunarfélag Austurlands, Borgarfjarðarhreppur, Veitingasalan Fjarðarborg, Gistiheimilið Borg, Álfasteinn, Jakob og Margrét hópferðir, Fontar ehf., Ferðamálaráð Íslands, Ferðaskrifstofa Austurlands, Austfjarðaleið, Farfuglaheimilið Ásbyrgi,

Tímaáætlun: Verkefnið hefjist í janúar 2006 og vari til ársloka 2009.

Kostnaðaráætlun: Áætlaður heildarkostnaður við verkefnið er krónur 8 milljónir á ári eða um 32 milljónir á starfstíma verkefnisins.

Ferðapjónustuklassi á Hornafirði

Tillaga: Hornfirðingar eru sammála um að ferðapjónusta geti verið sú stóriðja sem eflir byggð og búsetu á svæðinu. Í samræmi við það hefur Frumkvöðlasetur Austurlands haft forystu um að setja á fót ferðapjónustuklassa sem hefur formlega verið stofnaður. Ferðapjónustuklassinn hefur skilgreint markmið sín sem er að gera ferðapjónustu svæðisins að öflugri og arðbærari heilsársatvinnugrein. Ráðinn verði verkefnisstjóri til verkefnisins sem hafi aðstöðu í þekkingarsetrinu Nýheimum og fjármögnun verkefnisins verði tryggð. Klasavinnan er þegar komin vel af stað og unnið er að verkefnum sem tengjast klasanum á einn eða annan hátt, t.d með: markaðssetningu, vörubrúun, auknu aðgengi að náttúrunni, eflingu heilsutengdrar ferðapjónustu, vinnu að framgangi vetrarferðamennsku, eflingu handverks og menningar, vörubrúunar viðburðum og þjónustu tengdri humrinum.

Markmið: Bæta afkomu fyrirtækja í greininni, lengja ferðamannatímann og einnig viðverutíma ferðamanna og fjölga störfum

Rök: Á málþingi sem haldið var 12. nóvember 2004 í Hornafirði voru fundarmenn sammála um að klasaaðferðafræði væri gott verkfæri til atvinnusköpunar. Á þeim fundi var einnig samstaða um að tækifæri svæðisins tengdust ferðamennsku og matvælaframleiðslu. Ferðaklassi var formlega stofnaður á Hornafirði 26. október 2005 og er unnið að fjölmörgum verkefnum sem tengjast klasanum.

Kostnaður: Ein staða verkefnisstjóra, alls 10 milljónir á ári.

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofnagreinda megingtillögu:

Markaðssetning ferðapjónustu á Suðausturlandi: Að gera átak í markaðssetningu ferðapjónustu á Suðausturlandi. Það verði gert með markvissu samstarfi ferðapjónustuaðila. Vinna markaðsáætlun fyrir svæðið sem unnið verði markvissu út frá. Kynna Suðausturland sem ákjósanlegan áningarstað fyrir Íslendinga og útlendinga allt árið.

Vörubrúun í ferðapjónustu: Að þróa vörur og þjónustu í ferðapjónustu og þannig auka samkeppnishæfni fyrirtækja á innanlandsmarkaði eða í útlutningi. Mikilvægt er að ferðapjónustuaðilar fái faglegan og fjárhagslegan stuðning við vörubrúun. Með vörubrúun er átt við það ferli frá þeim tímamarki sem hugmynd fæðist þar til varan er orðin samkeppnishæf.

Vörubrúun Humarhátíð: Humarhátíð er eitt helsta vörumerki Hornfirðinga. Hátíðin hefur skipað sér sess sem ein þekktasta bæjarhátíð landsins. Mikilvægt er að þróa hátíðina enn frekar þannig að hún dragi að Íslendinga jafnt sem útlendinga. Í því sambandi má hugsa sér bæði hátíð að sumri og vetri. Sumarhátíðin yrði með því sniði sem hefur þróað undanfarið ár en vetrarhátíðin miðaðist meira að því að kynna humarinn sem úrvalshráefni og bjóða upp á menningarviðburði í hæðsta gæðaflokki.

Perlan Mýrar: Ferðapjónustuaðilar á svæðinu frá Kolgrímu að Hornafjarðarflijóti hafa bundist samtökum um að skipuleggja og byggja upp svæðið með aðgengi ferðamanna í huga. Markmiðið er að skipuleggja svæðið milli Kolgrímu í vestri og Hornafjarðarflijóts í austri með tilliti til þess sem það hefur uppá að bjóða s.s. ósnortið landslag, manngert menningarlandslag, útivistarsvæði, gönguleiðir, jarðfræði o.fl. Draga fram hopunarsögu Vatnajökuls sl. öld og baráttusögu mannsins við síbreytilega jökla.

Heilsa, útivist og slökun: Lagt er til að sett verði af stað verkefni sem hafi það að markmiði að tengja saman allar gönguleiðir bæjarfélagsins sem verði þannig hannaðar að hægt verður að fara þær gangandi, á reiðhjól, hjólaskautum og hjólastólum. Markmið verkefnisins er að auka framboð af heilsutengdri afþreyingu og samtímis stuðla að heilbrigðu lífni fyrir íbúa Hafnar í Hornafirði.

Þjónustuver við kvikmynda- og auglýsingaiðnaðinn: Lagt er til að sett verði á stofn fyrirtæki sem sérhæfi sig í þjónustu við kvikmynda- og auglýsingaiðnaðinn. Unnið verður að því að kynna svæðið til kvikmyndunar og auglýsingagerðar og sameina þá fjölmörgu aðila sem koma að þjónustu við ofangreind verkefni.

Mikilgarður, handverk og menning: Saga Miklagarðs er samofin sögu Hafnar. Mikligarður hefur nú í rúm 80 ár gegnt mikilvægu hlutverki í sjávarútvegs- og atvinnusögu Hafnar. Fram hafa komið hugmyndir um að gera húsið að miðstöð lista, handverks og atvinnulífs og flétta það saman við heildarendurbýggingu gamla hafnar svæðisins. Hugmynd er að setja á fót tófusamtök eða eignarhaldsfélag sem stýri uppbyggingu Miklagarðs og fengi fjársterka aðila í lið með sér.

Menningar- og ferðþjónustuklasi

Tillaga: Að auka þá samvinnu sem nú þegar er fyrir hendi á sviði ferðþjónustu annars vegar og menningar hins vegar með því að efla þann samstarfsvettvang sem er til staðar og draga jafnt opinbera aðila sem einkaaðila að mikilvægum verkefnum.

Markmið: Markmiðið er að virkja betur það mikla samstarf sem tekist hefur um ferðþjónustu og menningu á Austurlandi á síðustu árum til þess að auka slagkraftinn og nýta betur og markvissar það fjármagn sem lagt er í verkefni á þessum sviðum, s.s. menningarviðburði, markaðssetningu og kynningu, til hagsmuna fyrir allan fjórðunginn, bæði hvað varðar ferðamenn en ekki síður til þess að gera Austurland að áhugaverðum kosti þegar kemur að því að velja sér búsetu.

Rök: Íbúar Austurlands hafa löngum sýnt mikið frumkvæði við að stofna til ýmis konar samstarfs á fjórðungsvísu. Á það m.a. við um menningarmál og ferðþjónustu. Markvisst samstarf hefur verið í ferðþjónustu frá 1999 og í menningarmálum frá 2002 og hafa þessi tvö svið unnið nokkuð saman enda skörun mikil og sameiginlegir hagsmunir margir. Aðrir landshlutar hafa sótt fyrirmyndir að samstarfsverkefnum hingað austur og er það vel enda hefur það sýnt sig að samstarfið hefur skilað miklum árangri. Að þessu koma núna fyrst og fremst sveitarfélögin en auka þarf vægi fyrirtækja og einstaklinga í samstarfinu og er það hugmyndin með því að búa til klasa úr þessum tveimur sviðum.

Ábyrgð á framkvæmd: Menningarráð Austurlands, Ferðamálasamtök Austurlands, sveitarfélög.

Aðrir þátttakendur: Menningarmiðstöðvar á Austurlandi, ferðþjónustufyrirtæki, Markaðsstofa Austurlands, Ferðamálaflélag A-Skaft., Náttúrustofa Austurlands, samgönguráðuneyti, menntamálaráðuneyti o.fl.

Tímaáætlun: Klasinn verður virkur allan þann tíma er vaxtarsamningurinn nær til.

Kostnaðaráætlun: Gert er ráð fyrir einu stöðugildi til að halda utan um klasann en jafnframt fjármunum til að ráða ráðgjafa tímabundið að ýmsum verkefnum. Alls er gert ráð fyrir 10 m.kr.á ári.

Hér á eftir koma undirtillögur sem falla undir ofangreinda megin tillögu:

Þróunarverkefni í ferðþjónustu: Að efla vöruþróun í ferðþjónustu á grundvelli þeirrar stefnu sem mótuð hefur verið fyrir svæðið frá Bakkafirði til Djúpavogshrepps. Sérstök áhersla verði lögð á að koma á fót sjóði sem slíkir aðilar geti sótt um styrki í og bjóða upp á sérhæfða ráðgjöf fyrir ferðþjónustuaðila

Sjóferðir á minni bátum: Markmiðið er að auka fjölbreytni í ferðþjónustu og bjóða ferðamönnum upp á nýjung í afþreyingu á Austfjörðum, sem svo hvetur fólk til að dvelja lengur í fjórðungnum. Sjóferðir á minni bátum gæti lengt ferðamannatímann á svæðinu. Í Fjarðabyggð er löng hefð fyrir smábátatútingum og er það tilkomið vegna mjög góðra hafnarskilyrða.

Hrafinkelssöguslóð: Markmiðið er að nýta söguslóðir Hrafinkelssögu sem frægust er af Austfirðingasögum til að byggja upp sögutengda ferðþjónustu á Fljótsdalshéraði með merkingum á sögustöðum, sérstakri útgáfu fyrir ferðamenn á Hrafinkelssögu, gerð sögugarðs í Hrafkeldsdal, sviðsetningu atburða og fleiru, til að auka fjölbreytni í ferðþjónustu á Austurlandi

Austurland, viku ævintýri: Markmiðið er að tengja saman ferðþjónustuaðila á Austurlandi og nýta þá nýju stöðu sem komin er upp í innkomu ferðamanna í fjórðunginn með sameiginlegu markaðsátaki neðangreindra aðila. Ferðamenn koma nú með Norrænu til Seyðisfjarðar eða flugi til Egilsstaða allt árið um kring. Veturinn er vannýtt auðlind. Hugmyndin gengur út á það að fá ferðamenn til að dvelja í viku víða um fjórðunginn og í nánasta umhverfi með áherslu á sérstöðu hvers svæðis fyrir sig og samstarf milli svæða.

Ljósmyndabanki Austurlands á internetinu. Uppbygging og rekstur ljósmyndabanka á internetinu sem byggður verður upp með ljósmyndum og upplýsingum af Austurlandi.

Uppbygging safnaumhverfis Sjóminjasafns Austurlands: Í undirbúningi er framtíðarskipulag safnasvæðis Sjóminjasafns Austurlands í ysta hluta Eskifjarðarbæjar á svæði við Randulffsjóhús sem er í eigu safnsins

Innviðir og samfélag

Til að auka samkeppnishæfni og verðmætasköpun á Austurlandi þarf að bæta samgöngur til muna. Samgöngubætur svo sem jarðgöng, stytting vegarkafna, bundið slitlag og tvíbreiðar brýr, eru ein mikilvægustu vaxtarskilyrði landsfjórðungsins. Bættar samgöngur eru forsendur þess að Austurland verði eitt atvinnu- og þjónustusvæði með samgöngutenginum jaðar- og miðsvæða.

Auk þess er mikilvægt að bæta alþjóðlegar tengingar með uppbyggingu alþjóðlegs flugvallar og hafna fyrir fólks- og vöruflutninga.

Á fundi helstu hagsmunaaðila er tengjast samgöngum, innviðum og samfélagi var sett fram eftirfarandi framtíðarsýn:

Framtíðarsýn um innviði og samfélag á Austurlandi

Austurland mun bjóða upp á eftirsóknarverð búsetuskilyrði og fjölbreytt mannlíf árið 2020. Íbúum mun fjölga verulega fram til þess tíma og verða um 20 þúsund ef spár ganga eftir. Austurland verður orðið eitt atvinnu- og þjónustusvæði með samkeppnishæfum og bættum samgöngum, þar sem jarðgöng og betri vegir hafa tengt svæðið saman og gert það raunhæft að miðausturland er orðinn öflugur miðkjarni með góðum tengingum við jaðarsvæði. Þessi þróun varð forsenda fyrir sameiningu og/eða auknu samstarfi sveitarfélaga. Alþjóðaflugvöllur, ferju- og stórskipahafnir hafa einnig aukið alþjóðatengsl og starfsemi sem aukið hefur samkeppnishæfni atvinnulífs og hagvöxt. Austurland hefur skapað sér jákvæða ímynd í tengslum við öflugt atvinnulíf og traust fjárfestingaumhverfi.

Tillögur í innviði og samfélagssviði

Alls bárust 20 tillögur um verkefni tengd innviðum og samfélagi á Austurlandi. Með því að sameina tillögur undir áherslusvið og klasa var mögulegt að fækka þeim niður í 12 sem verða kynntar hér á neðan:

| Samgöngur | Velferðamál | Fjármál og atvinnuumhverfi | Önnur atvinnuþróunarverkefni |
|--|---|---|--|
| 1. Samgöngur á Austurlandi a. Jarðgöng á Mið-Austurlandi b. Samgöngubætur milli Vopnafjarðar og Héraðs c. Samgöngumál Hornafjörður d. Seyðisfjarðarhöfn sem ferju- og farþegaskipahöfn Austurlands | 4. Velferðastofa 5. Tengslanet austfiskra kvenna | 6. Efling verktakastarfsemi og samstarfs á Austurlandi 7. Egilsstaðir, miðstöð verslunar og þjónustu 8. Fjárfestingarsjóður Austurlands | 9. Reynsluverkefni á sviði smávirkjana 10. Stóriðja við Gunnólfsvík 11. Tankahreinsivél, útrás 12. Skógarnytjar |
| 2. Alþjóðaflugvöllur á Egilsstöðum | | | |
| 3. Uppskipunarhöfn vegna flutninga í N-Atlandshafi | | | |

Samgöngur á Austurlandi

Tillaga: Samgöngubætur á Austurlandi. Mikilvægt er að tryggja samgöngur á lofti, láði og legi.

Markmið: Að bæta samgöngur á Austurlandi og stuðla að þróun atvinnulífs og uppbyggingu á þjónustu bæði á mið- og jaðarsvæðum Austurlands.

Rök: Góðar samgöngur eru hornsteinn blómlegrar byggðar og undirstaða öflugrar ferðaþjónustu.

Kostnaður: Ekki verið metin

Ábyrgðaraðili: Samgönguráðuneytið, Vegagerðin, Flugmálastjórn. SAMGÖNG, SSA.

Undirtillögur:

Samgöng, samtök um jarðgöng á Mið-Austurlandi leggja til að hafist verði sem fyrst handa við gerð jarðganga milli Eskifjarðar-Neskaupsstaðar, Neskaupsstaðar-Mjóafjarðar-Seyðisfjarðar og Héraðs. Álver og stóriða á Mið-Austurlandi kallar á fjölbreytta búsetukosti og svæðisbundið samstarf og stefnumótun. Í greinargerð Nýsis hf., Ráðgjafarþjónustu um "Mat á samfélagslegum og efnahagslegum áhrifum álvers ALCOA-Fjarðaráls í Reyðarfirði", frá nóvember 2005, kemur fram í mati á jarðgangakostum að leiðin Seyðisfjörður-Mjóifjörður- Norðfjörður sé einn af fýsilegustu jarðagangakostum bæði hvað varðar tengingu atvinnu- og búsvæða og í tengslum við byggðapróun.

Komið verði á bættum samgöngum milli Vopnafjarðar og Héraðs með göngum undir Hellisheiði. Það má færa fyrir því rök að án bættara samgangna verður Vopnafjörður afskiptur um ókomin ár. Ljóst er að Vopnafjörður er utan áhrifasvæðis stóriðu Mið-Austurlands en með þjóðveg á láglandi við Hérað hefur aðstaða sveitarfélagsins styrkst verulega. Vopnfirðingar vænta sem fyrr stuðnings Austfirðinga í þessu sambandi.

Samgöngumál Hornafjörður: Að til Hornafjarðar verði reglubundið flug, helst alla daga, fram og til baka, eða a.m.k. þrjú daga vikunnar. Fækka einbreiðum brúm í sveitarfélaginu og auka þannig umferðaröryggi vegfarenda. Koma á lausagöngubanni búfjár og auka öryggi vegfarenda. Tryggja vegasamband við Austfirði með jarðgöngun milli Lóns og Álftafjarðar. Halda áfram uppbyggingu hafnarinnar í Hornafirði og tryggja örugga innsiglingu um Ósinn. Uppbygging og útvíkkun á IP gagnaflutningsneti fyrir Suðausturland. Uppbygging þegar komin vel á veg í þéttbýlinu Höfn. Mikilvægt er að ferðamenn sem hafa hug á að koma til Hornafjarðar geti komist þangað í stuttar ferðir fram og til baka samdægurs. Fjölbreyttur flugvélakostur er mikilvægur til þess að hægt sé að þjónusta allar stærðir af ferðahópum, m.a. vegna ráðstefnuhalds og jöklaferða. Líklegt er að með stofnun Vatnajökulsþjóðgarðs muni aukin eftirspurn verða eftir beinu flugi til Hornafjarðar með minni leiguvélum og mikilvægt er að geta orðið við þeirri eftirspurn. Mikilvægt er að auka öryggi í samgöngum sem mest, einkum í ljósi aukinnar umferðar ferðamanna.

Efla markaðssetningu á Seyðisfjarðarhöfn sem ferju- og farþegaskipahöfn Austurlands: Efla markaðssetningu Seyðisfjarðarhafnar sem ferju- og farþegaskipahafnar. Seyðisfjarðarhöfn hefur verið að markaðssetja sig sem höfn fyrir skemmtiferðaskip. Hún er þátttakandi í Cruise Iceland sem hefur staðið sameiginlega að markaðssetningu nokkurra íslenskra hafna á Íslandi fyrir móttöku á skemmtiskipum. Þegar hefur verið varið umtalsverðri vinnu og fjármagni í því augnamiði. Höfnin hefur útbúið kynningarefni og tekið þátt í kaupstefnum þar sem höfnin hefur verið kynnt fyrir aðilum í skemmtiskipabransanum. Mikilvægt er að geta haldið þeirri starfsemi áfram og treyst þannig stöðu Seyðisfjarðarhafnar sem miðstöðvar fyrir skemmtiskip, farþegaskip og ferjur á Austurlandi. Aðstaða til að taka á móti farþegaskipum á Seyðisfirði er sennilega sú besta á Íslandi. Til staðar er lokað svæði með sérstöku ferjuhúsi, tollaðstöðu og upplýsingamiðstöð. Leggja þarf meira í að búa til afþreyingarpakka fyrir farþega skemmtiskipa meðan þeir dvelja í landi. Áætlaður árlgur kostnaður er ca. Milljarður króna auk sérstakra kynningar verkefna.

Alþjóðaflugvöllur á Egilsstöðum

Tillaga: Egilsstaðaflugvöllur verði efdur sem alþjóðlegur flugvöllur, varaflugvöllur og fragtflugvöllur.

Tryggja þarf gott tengiflug við aðra landshluta auk þess að efla sjúkraflug. Vinna þarf að því að byggja upp fragtflug í samstarfi við hafnir á Austurlandi.

Á Egilsstöðum á að koma upp flugvelli, sem mótvægi við Keflavíkflugvöll í inn- og útflutningi á ferðamönnum en ekki síður sem flughöfn fyrir flutning á vörum.

Markmið Efla atvinnulíf og ferðaþjónustu á Austurlandi um leið og tryggðar eru stoðir frekari flugreksturs á Íslandi.

Rök: Egilsstaðaflugvöllur er helsti varaflugvöllur og einn öflugasti innanlandsflugvöllur landsins. Landfræðileg lega hans er einstök.

Samfara bættum Egilsstaðaflugvelli og aðsöðu þar sjá aðilar fyrir sér auðveldari markaðssetningu íslenskra flugvalla, þar sem Íslendingar hefðu upp á að bjóða a.m.k. tvo flugvelli sem hefur úrslitaþýðingu um bætt gæði og tryggingu öryggis.

Beint flug inn á svæðið með erlenda ferðamenn yrði mikilvæg leið til að fjölga ferðamönnum og auka umsvif í kringum þá. Ferðaþjónusta á Íslandi er atvinnugrein sem á mikla möguleika á að eflast til muna á komandi árum. Árlegur vöxtur í greininni er áætlaður vera á bilinu 10-18 %. Því er mikilvægt að rjúfa einangrun og hindranir fyrir vexti greinarinnar.

Vöruflutningur austfirskra og norðlenskra fyrirtækja erlendis með flugi fer án efa vaxandi verði umhverfi þessara fyrirtækja gert samkeppnishæfara.

Vilji Íslendingar efla fragt- og farþegaflug um Ísland enn frekar er talið brýnt að tryggja flugöryggi með lengingu Egilsstaðaflugvallar. Miklir möguleikar fragtflugs og ný tækifæri með nýjum Vatnajökulsþjóðgarði skapa hvort í senn mikla möguleika á innkomu erlendra ferðamanna og öflugu fragtflugi um Egilsstaðaflugvöll.

Tímaáætlun Könnunarvinna, þarfagreining og tillögu- og áætlanagerð verði unnin á árinu 2006. Reynist niðurstöður jákvæðar hefjist framkvæmdir í takt við þá áætlunargerð strax á árinu 2007.

Kostnaðaráætlun: Miðast við að gerðar verði tillögur um eflingu Egilsstaðaflugvallar sem alþjóðlegs flugvallar, varaflugvallar og fragtflugvallar. Horft verði bæði til farþegaflugs og fragtflugs. Í framhaldi af því verði Egilsstaðaflugvöllur markaðssettur í samstarfi við innlend og erlend fyrirtæki.

Ábyrgð á framkvæmd: Fljótsdalshérað, samgönguráðuneyti, Flugmálastjórn,

Aðrir þátttakendur: Þróunarfélag Austurlands, aðrir mögulegir hagsmunaaðilar

Alþjóðleg umskipunarhöfn í Reyðarfirði

Tillaga: Fjarðabyggð verði umskipunarhöfn vegna flutninga í N-Atlantshafi. Með opnun siglingaleiðar um Norður-Íshafið fyrir alþjóðlegum sjóflutningum milli Norður-Atlantshafs og Kyrrahafs munu þær lúta sömu lögmálum og aðrar langar sjóflutningaleiðir hvað varðar skipastærð og notkun umskipunarhafna. Flutningarnir munu fara um umskipunarhafnir.

Markmið: Að gera Fjarðabyggð að miðstöð flutninga í N-Atlantshafi vegna Norður-Íshafs siglinga, m.t.t. umskipunar og þjónustu.

Rök: Miðlægar umskipunarhafnir gegna vaxandi hlutverki í flutningakerfi samtímans. Áætlað er að um 25-30% af öllum gámum í millilandaflutningum með skipum hafi verið umskipað 1999-2000 og hækkar það hlutfall óðfluga. Staðsetning umskipunarhafna og aðstaða skiptir sköpum fyrir afkomu þeirra og hvort þær ná að festast í sessi í flutninganeti viðkomandi heimshluta. Nálægð við siglingaleiðir og gott hafnarstæði eru mikilvæg skilyrði fyrir umskipunarhöfn. Lega Íslands í miðju Norður-Atlantshafi, miðsvæðis milli Norður-Evrópu og austurstrandar Norður-Ameríku hentar vel fyrir slíka höfn sem ekki gæti síður þjónað umskipun fyrir flutninga yfir Norður-Atlantshaf en um Norður-Íshafsleiðina þegar hún opnast. Góð náttúruleg skilyrði eru fyrir stórskipahafnir í djúpum fjörðum á Austurlandi og landrými þar fyrir gámavelli. Kostir Íslands fyrir umskipun eru þó lítils virði, nema unnið sé markvisst að því að koma upplýsingum um þá á framfæri við alþjóðleg skipa- og flutningafyrirtæki.

Vegna aukningar í frystingu á uppsjávartegundum, á sjó og í landi, er að skapast vaxandi þörf fyrir fullkomnar frystigeymslur og aðstöðu til umskipunar. Mikið af frystum afurðum eru fluttar í geymslur erlendis í dag. Framleiðsla þessara afurða fer að miklu leiti fram á Austurlandi, eða útaf ströndum þess, bæði á það við um loðnu, síld, Norsk-íslenskri síld og kolmunna. Að stærstum hluta væri hægt að nýta sömu aðstöðuna og við umskipun. Eðli þess er svipað og sömu aðstöðu er þörf.

Ábyrgð og framkvæmd: Hafnarsjóður Fjarðabyggðar ber ábyrgð á framgangi málsins í samvinnu við: utanríkisráðuneytið, samgönguráðuneytið, Siglingastofnun Íslands, Háskólann á Akureyri, Veðurstofu Íslands sem og aðra hagsmunaaðila.

Tímaáætlun: Starfshópur um norðausturleiðina sem starfaði á vegum utanríkisráðuneytisins hefur skilað af sér skýrslunni “**Fyrir stafni haf tækifæri tengd siglingum á Norðurslóðum**” sem nota má sem grunn í þeirri vinnu sem inna þarf af hendi. Byrjað verði þegar á árinu 2006 og gengið út frá því í fyrstu að fyrsti áfangi vinnunnar fari fram á árunum 2006-2009.

Kostnaðaráætlun: Í fyrsta áfanga verði varið 2 milljónum árlega til verkefnisins.

Velferðarmál

Velferðarstofa

Tillaga: Fjarðabyggð og Fljótisdalshérað myndu sameinast um stofnun Velferðarstofu sveitarfélaganna, sbr. hugmyndir sem settar voru fram af starfshópi um eflingu sveitarstjórnarstigsins. Velferðarstofur byggja á samþættingu verkefna ríkis og sveitarfélaga í tengslum við félagsþjónustu, málefni fatlaðra, málefni aldraðra, heilsugæslu, svæðisvinnumiðlanir, heilsugæslustöðvar, marghátta ráðgjöf við einstaklinga og fjölskyldur, leik- og grunnskóla. *Í tengslum við stofnun Velferðarstofu yrði hrint af stað átaksverkefnum um:*

1. **Bætt heilsufar á Austurlandi.** Samræmd kynning á útivist, íþrótt- og forvarnarstarfi. Átak um hollt matarræði, unnið með framleiðendum og fyrirtækjum á svæðinu sbr. matvælaframleiðendur, lífrænt ræktað grænmeti, mjólkurvörur o.fl.
2. **Aukna þátttöku fatlaðra í samfélaginu.** Leitast yrði við að koma af stað þjálfun fyrir atvinnurekendur sem vilja auðga vinnustaði með aðkomu fatlaðra. Unnið yrði að einstaklingsmiðuðum lausnum á húsnæði og aðstoð við fatlaða o.s.frv.
3. **Rannsóknir tengdar velferðarmálum** í samstarfi við Þekkingarnet Austurlands (PNA) og samstarfsaðila þess. Slíkt samstarf gæti falist í mótun rannsóknaverkefna, kennslu og starfsnáms í heilbrigðis- og félagsgreinum, bæði á grunn- og framhaldsstigi.

Markmið: Markmið verkefnisins er að bæta almenna velferð íbúa á Austurlandi með einstaklingsmiðaðri og markvissri þjónustu.

Rök: Hugmyndin byggir á tillögum verkefnisstjórnar um eflingu sveitarstjórnarstigsins og breytingum á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Þar er lagt til að eftirfarandi málaflokkar verði alfarið verkefni sveitarstjórnastigsins:

1. Málefni fatlaðra frá félagsmálaráðuneytinu
2. Heilsugæsla, heimahjúkrun, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneyti.
3. Svæðisvinnumiðlun og atvinnuráðgjöf frá Vinnuálastofnun.


Með slíkri samþættingu á velferðarþjónustu taldi verkefnastjórnin að ná mætti fram umtalsverðum samlegðaráhrifum, minnka skörun á milli þjónustu ríkis og sveitarfélaga, einfalda þjónustu, bæta aðgengi og síðast en ekki síst auka möguleika á því að efla lýðheilsu, forvarnir og rannsóknir tengdar velferðarmálum.

Ábyrgð á framkvæmd: Heilbrigðisstofnun Austurlands, heilbrigðisráðuneytið, sveitarfélög, svæðisskrifstofa málefna fatlaðra Austurlandi.

Aðrir þátttakendur Þekkingarnet Austurlands (rannsóknir), Lýðheilsustofnun, íþróttafélög o.fl.

Tímaáætlun: 3ja ára tilraunaverkefni.

Kostnaðaráætlun Kostnaður til að ráða sérfræðinga um 5 milljónir á ári eða 15 milljónir. Auk þess yrði 5 milljónum á ári varið til rannsókna og þróunarverkefna eða samtals 15 milljónum. Samtals 30 milljónir.



Tengslanet austfirskra kvenna (T.A.K.)

Tillaga: Að styðja við starfsemi verkefnisstjóra átaksverkefna um eflingu kvenna á Austurlandi sem starfaði í tengslum við Tengslanet austfirskra kvenna. T.A.K. eru ný samtök kvenna á Austurlandi. Hlutverk þeirra er að sameina konur á Austurlandi, efla samstöðu þeirra, þekkingu og samstarf.

Markmið: Er að auka ráðgjöf, rannsóknir og átaksverkefni tengd jafnréttismálum og stöðu kvenna á Austurlandi. Markmið T.A.K. er að styrkja hagsmuni kvenna og efla konur persónulega og á hverjum þeim vettvangi sem þær kjósa, eða hafa kosið að hasla sér völl. **T.A.K.** mun beita sér fyrir því að hvetja konur til áræðni, frumkvöðlastarfs og samfélags- og stjórnmalapátttöku á opinberum vettvangi. Markmiðin eru m.a. að:

1. Taka að sér ábyrgðarstöður.
2. Koma sér á framfæri, t.d. í fjölmiðlum.
3. Taka forystu í stjórnmalum og félagsstarfi.
4. Taka þátt í atvinnulífi og gefa kost á sér í stjórnir.
5. Hrinda af stað og afla styrkja í verkefni.

Rök: Mikilvægt er að gera Austurland að áhugaverðum kosti fyrir búsetu kvenna. Í landsfjórðungnum hefur verið viðvarandi kynjahalli sem jafnvel gæti aukist með tilkomu álvers þó stefna ALCOA sé að hamlu gegn því að kynjahalli ríki innan fyrirtækisins. Besta leiðin til að koma í veg fyrir einsleita og takmarkaða atvinnumöguleika kvenna er að efla þeirra eigin frumkvæði til að stofna til eigin atvinnurekstrar, sækja um annars hefðbundin karlastörf og hafa metnað og burði til að takast á við ábyrgðarstöður bæði innan hins opinbera og hjá fyrirtækjum sem starfa á svæðinu. Hugmyndin á bak við stofnun Tengslanets austfirskra kvenna er einmitt sú að efla konur almennt bæði persónulega og á opinberum vettvangi með því að draga fram framlag þeirra til samfélagsins. Frá því að félagið var stofnað í febrúar 2006 hefur það sett upp heimasíðu, staðið fyrir námskeiðum og mánaðarlegum fræðslufundum, auk þess að faghópar hafa tekið til við að móta starf samtakanna í framtíðinni. Einnig hefur félagið skipulagt heimsókn kvenna frá Kárahnjúkasvæðinu til Egilsstaða.

Ábyrgð á framkvæmd Stjórn T.A.K., félagsmálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, SSA og Jafnréttisstofa.

Aðrir þátttakendur Þróunarfélag Austurlands og Fræðslunet Austurlands.

Tímaáætlun: Hugmyndin er að tengslanetið verði stofnað til langs tíma en gert er ráð fyrir að þróun og uppbygging netsins taki a.m.k. tvö ár.

Kostnaðaráætlun: Áætlað er að kostnaður við rekstur félagsins sé um 11 milljónir á ári, 8 milljónir vegna verkefnisstjóra og 4 milljónir vegna reksturs heimasíðu og kostnaðar við námskeið, fundi og ráðstefnur. Gert er ráð fyrir um 0,5 milljón í tekjur vegna félagsgjalda og 0,5 milljónum í auglýsingatekjur. Óskað er eftir 4 milljón króna styrk á ári í þrjú ár, samtals 12 milljónir.

Fjármál og atvinnuumhverfi

Efling verktakastarfsemi og samstarfs á Austurlandi

Tillaga: Að efla verktakastarfsemi / klasamyndun á Austurlandi (sbr. Héraðsverk) og unnið verði að stofnun klasa, t.d. meðal rafvirkja og annarra iðnaðarmanna. Klasamyndun ætti að gera verktökum kleift að bjóða í stærri verk og geta tekið að sér stærri verkefni um allt land. Samhliða þarf að byggja upp ráðgjöf, fræðslu og endurmenntun til þessa hóps.

Markmið: Koma á vettvangi fyrir minni verktaka og smáfyrirtæki sem gætu sameinast í klasa þannig að þau yrðu betur í stakk búin til að taka þátt í stærri verkefnum ásamt því að byggja upp fræðslu, sí- og endurmenntun meðal verktaka/iðnaðarmanna.

Rök: Efla þarf stöðu verktaka á svæðinu þannig að þeir geti með enn frekari hætti tekið þátt í þeirri uppbyggingu sem er að verða til í kringum álverið, ásamt öðrum stærri verkefnum. Fram hefur komið að verktakar telja sjálfir að undir “regnhlífasamtökum”, þá séu fyrirtækin sterkari¹⁶. Ýmis atriði ýta undir að endurmenntun sé efling og nægir þar að nefna öra tækniþróun og sífellt eru gerðar meiri kröfur til verktaka/iðnaðarmanna. Einnig má búast við því að aukin menntun og fræðsla styrki stöðu á vinnumarkaði og auki möguleika þeirra.

Í skýrslu sem tekin var saman vegna FAG-verkefnisins, “Undirbúningur atvinnulífsins á Austurlandi vegna virkjana- og stóriðjuframkvæmda.”, kom m.a. fram að vilji sé hjá verktökum á sviði jarð-, byggingar-, rafmagns- og járnsmíðavinnu um stofnun svokallaðra regnhlífafyrirtækja. Þar kom einnig fram mikill áhugi á endur- og símenntun og þörfin fyrir þess konar tækifæri fyrir verktaka. FAG-verkefninu var ætlað að virkja atvinnulífið á Austurlandi í tengslum við væntanlegar virkjunar- og stóriðjuframkvæmdir. Í verkefninu (faghópastarfinu) tóku þátt aðilar úr atvinnulífinu. Verkefnið hófst árið 2000 og því lauk 2002.

Ábyrgð á framkvæmd: Verði í höndum Viðskiptaráðs Austurlands en verkefnið yrði unnið af Próunarfélagi Austurlands.

Aðrir þátttakendur: Leitað yrði eftir stuðningi Fjarðaáls og annarra stærri aðila við verkefnið.

Tímaáætlun: Þriggja ára þróunarverkefni, með möguleikum á framhaldi byggt á endurnýjun á samningum við styrktaraðila.

Kostnaðaráætlun: Ráðið yrði í starf verkefnastjóra, kostnaður 10 milljónir á ári í þrjú ár.

¹⁶ Samtöl og fundir með verktökum.

Egilsstaðir, miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi

Tillaga: Á Egilsstöðum verði byggð upp miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi, samanber hugmyndir að nýju skipulagi miðbæjar, sjá www.egilsstadir.is.

Markmið: Markmiðið er að byggja upp vel skipulagðan og sterkan þjónustu- og verslunarkjarna á Egilsstöðum sem þjónar jafnt íbúum svæðisins og ferðamönnum.

Rök: Mikilvægt er að skilgreind verði miðstöð verslunar og þjónustu á Austurlandi á Egilsstöðum, þar sem leitast verði við að skapa öflugan miðbæjarkjarna sem er bæði aðdráttarafli fyrir íbúa og ferðamenn. Einnig skapar slíkur kjarni tækifæri í vetrarferðamennsku, helgarferðir bæði frá öðrum byggðarlögum sem og erlendis frá.

Ábyrgð á framkvæmd: Kannað verði með stofnun einkahlutafélags um framkvæmdina í samstarfi helstu hagsmunaaðila á svæðinu sbr. KHB og Fljótsdalshérað. Einkahlutafélagið ráði til sín framkvæmdastjóra til að stýra uppbyggingu og markaðsetja svæðið gagnvart nýjum fjárfestum.

Aðrir þátttakendur: Margir hafa komið að vinnunni hingað til með bæjarfélaginu m.a. Arkis, Kaupfélag Héraðsbúa og Þróunarfélag Austurlands. Þá munu fleiri bætast í hópinn, þ.e. fyrirtæki og stofnanir sem vilja flytja aðsetur sitt á svæðið.

Tímaáætlun: Áætlað er að uppbygging miðbæjar Egilsstaða taki 10-15 ár í heildina en mikilvæg skref hafa þegar verið stigin með hönnun á skipulagi svæðisins. Sótt er um stuðning, til þriggja ára, til ráðningar framkvæmdastjóra til að markaðsetja þá aðstöðu sem þar verður í boði gagnvart fyrirtækjum og stofnunum sem erindi eiga þangað.

Kostnaðaráætlun: Fjármögnun á stöðugildi framkvæmdastjóra, með sérfræðipekkingu í markaðsfræði eða skipulagsfræðum. Áætlaður kostnaður með aðstöðu, er um 12 milljónir á ári, eða samtals 36 milljónir.

Fjárfestingarsjóður Austurlands

Tillaga: Að stofnaður verði Fjárfestingarsjóður Austurlands, sem veitir ráðgjöf og fjárfestir í sprotta- og nýsköpunarverkefnum á Austurlandi.

Markmið: Stofnaður verði Fjárfestingarsjóður Austurlands, sem hafi það meginmarkmið að styðja við nýsköpunarverkefni og viðskiptahugmyndir, sem unnið er að á svæðinu með áheslu á atvinnuuppbyggingu á svæðum er standa utan við áhrif stóriðju. Stofnfé sjóðsins komi frá ríki og sveitarfélögum á Austurlandi. Jafnframt verði miðað við að fá fleiri eignaraðila að sjóðnum.

Reglur sjóðsins verða þannig skilgreindar að stjórn sjóðsins hafi heimild til að veita styrki og lán til viðskiptahugmynda, sem stuðla að atvinnuuppbyggingu á Austurlandi.

Rök: Nauðsynlegt er að öflugur fjárfestingarsjóður verði til á svæðinu, sem geti bæði með styrkjum og þolinmóðu fjármagni stutt við góðar viðskiptahugmyndir ásamt því að efla nýsköpun og atvinnubyggingu á svæðum utan áhrifa stóriðju. Sérstök stjórn sjóðsins meti viðskiptahugmyndir, sem berast sjóðnum.

Ábyrgð og framkvæmd: Sveitarfélög, stjórnvöld, Þróunarfélag Austurlands og aðrir eignaraðilar, sem fást að sjóðnum. Ráðgert er að ráða sérfróða aðila á þessu sviði til þess að sjá um vistun og framkvæmdastjórn sjóðsins og til þess að vera stjórninni til ráðgjafar.

Tímaáætlun: Strax þarf að hefjast handa við að undirbúa stofnun sjóðsins. Miðað verði við að mögulegt verði að stofnsetja sjóðinn um leið og gengið verði frá vaxtarsamningi fyrir svæðið. Eigi síðar en í ársbyrjun 2007.

Kostnaður: Ráðinn yrði sérfræðingur til að ganga frá stofnskjölum og samþykktum og öðrum verkefnum er tengjast rekstri sjóðsins. Áætlaður rekstrarkostnaður um 3 milljónir á ári fyrstu 3 árin, samtals 9 milljónir. Gert er ráð fyrir að stofnfé sjóðsins verði í kringum 100 milljónir.

Önnur atvinnuþróunarverkefni

Reynsluverkefni á sviði smávirkjana

Tillaga Þróunarverkefni á sviði smávirkjana og stuðningur við að byggja upp sjálfbært samfélag á Borgarfirði eystri. Verkefnið verður byggt upp á samstarfi um virkjun Jökulsár í Borgarfirði og felur í sér rannsóknavinnu sem lýtur að öflun upplýsinga um Jökulsá og vatnasvæði hennar, sérfræðivinnu er lýtur að orku- og byggingatæknilegum atriðum, lögfræðilegum atriðum s.s. varðandi samninga um vatnsréttindi og viðskiptalegum atriðum varðandi hagkvæmniútreikninga og samninga um orkusölu.

Í tengslum við þetta verkefni hafa verið skoðaðir möguleikar á virkjun Hvammsár í Vopnafirði. Rannsóknir hafa sýnt að þar sé um mjög hagkvæman virkjanakost að ræða.

Markmið verkefnisins eru tvíþætt. Annars vegar að safna saman hagnýtum (raun) upplýsingum um það ferli sem fara þarf í gegnum við byggingu lítilla vatnsaflsvirkjana, koma þeim upplýsingum í aðgengilegt form og nýta þær við þróunarstarf tengt raforkuöflun á landsbyggðinni með smávirkjunum. Hins vegar að auka sjálfbærni samfélagsins á Borgarfirði eystra með því að nýta vatnsföll í sveitarfélaginu til raforkuframleiðslu, sem bæði skapar hagkvæmni fyrir fyrirtæki sem er undirstaða atvinnulífs á staðnum og felur í sér hlunnindi fyrir þær jarðir sem eiga þau vatnsréttindi sem um ræðir.

Rök Smávirkjanafélagið á Austurlandi hefur staðið fyrir rannsókn- og þróunarstarfi sem tengist nýtingu smárra vatnsfalla til raforkuframleiðslu á Austurlandi. Það hefur verið gert m.a. í samstarfi við Þróunarfélag Austurlands, Landssamtök raforkubænda og Orkustofnun. Á næstu árum munu verða til traustar niðurstöður varðandi mælingar margra vatnsfalla og nauðsynlegar upplýsingar um viðkomandi vatnasvæði. Um leið og þær upplýsingar munu liggja fyrir mun vera hægt að hefja framkvæmdir við virkjanir víða á Austurlandi og í öðrum landshlutum. Þegar að því kemur er mikilvægt að fyrir liggja haldgóðar upplýsingar varðandi þá framkvæmdaþætti sem virkjun fylgja og eru í mörgum tilvikum fjölbreyttir og flóknir. Virkjun Jökulsár í Borgarfirði er mjög heppilegt reynsluverkefni því við virkjun hennar mun reyna á flesta ef ekki alla þá þætti sem huga þarf hvað best að við virkjun lítilla vatnsfalla. Með því að gera virkjun Jökulsár að reynsluverkefni skapast því mjög gott tækifæri til að draga saman hagnýtar upplýsingar (handbók) um framkvæmd og rekstur smávirkjana. Meðal annars geta samningar, rekstrarlíkön, tækniupplýsingar, lögfræðilít og margt fleira orðið að fordæmum og aðgengilegum formum fyrir þá sem í framtíðinni hefja virkjanaframkvæmdir.

Ábyrgð á framkvæmd: Karl Sveinsson, f.h. Fiskverkunar Kalla Sveins ehf., Borgarfirði eystri (Framkvæmd). Smávirkjanafélagið (Reynsluverkefni, samantekt og hagnýting upplýsinga)

Aðrir þátttakendur Þorsteinn Kristjánsson, bóndi Jökulsá (Vatnsréttindamál), Landssamtök raforkubænda (Samstarf og hagnýting upplýsinga), Þróunarfélag Austurlands (Ráðgjöf og verkefnastjórnun), iðnaðarráðuneyti (Fagleg ráðgjöf og hagnýting upplýsinga).

Tímaáætlun: Framkvæmd hefst 2006 og lýkur fyrir árslok 2007. Hagnýting upplýsinga af reynsluverkefni hefst á árinu 2007 og stendur meðan upplýsingarnar halda gildi sínu og eftirspurn er eftir þeim.

Kostnaðaráætlun Sérfræðivinna, verkefnastjórnun og samráðsfundur 2.5 millj. kr., Samantekt upplýsinga, úrvinnsla og útgáfa handbókar 1.5 millj. kr., Framkvæmdastyrkur v. sérstakra aðstæðna 1.5 millj. kr. Samtals 5,5 millj. kr.

Alþjóðleg birgðastöð við Gunnólfsvík

Tillaga: Að unnið verði að uppbyggingu á höfn og birgðastöð v/Gunnólfsvík í Skeggjastaðahreppi.

Markmið: Hugmyndin er að koma upp starfsemi af einhverjum toga á þessu svæði, sem skapa myndi öflugra atvinnu á svæðinu bæði á uppbyggingartímanum og til lengri tíma lítið við beina vinnu og þjónustu.

Rök: Í grein eftir Skapta Hallgrímsson í Morgunblaðinu þann 15. júní 2006 kemur fram að um 500 olíuskip muni fara í gegnum íslensku efnahagslögsöguna fyrir árið 2015. Um gríðarlega aukningu er að ræða en fyrstu olíuskipin sigldu þessa leið frá Norðvestur- Rússlandi til vesturstrandar Banadaríkjanna, fyrir tveimur árum. Auk þess er gert ráð fyrir að 30 risaflutningaskip með gas fari sömu leið en gasflutningar á þessari leið hefjast á næsta ári.

Mikilvægt er að Íslendingar bregðist við stórauðnum flutningum á þessari leið með aukinni þjónustu, öryggiskröfum og –gæslu innan íslensku efnahagslögsögunnar.

Mikilvægt er að nýta þau viðskiptatækifæri sem skapast með auknum flutningum t.d. með því að koma upp birgðastöð fyrir viðkvæman varning á borð við náttúrugas og olíu sem ekki er hægt að flytja alla leiðina nema hluta úr ári og því hagkvæmt fyrir framleiðendur og flutningsaðila að byggja upp birgðastöð á Íslandi til að auka öryggi og stytta flutningsleiðina á meðan hún er opin.

Í Gunnólfsvík er góð aðstaða til þess að byggja upp stórskipahöfn og birgðastöð. Mikið byggingaland sem er að mestu í eigu ríkisins. Hér getur verið um margvíslega stóriðju að ræða, til að mynda gasbirgðastöð sem mætti vel hugsa sér að koma fyrir að hluta inn í köldu bergi, sem eru kjöraðstæður fyrir slíka vöru.

Ábyrgð og framkvæmd: Sveitarfélög á svæðinu, Siglingamálastofnun, Siglingaöryggisstofnun Evrópu, iðnaðarráðuneytið, Landsvirkjun, Þróunarfélag Austurlands og fjárfestar.

Tímaáætlun: 2007-2015. Strax þarf að hefja undirbúningsvinnu við verkefnið.

Kostnaður: Ráða þarf verkefnisstjóra strax til verkefnisins, kostnaður um 9 milljónir á ári.

Tankahreinsivél - útrás

Tillaga: Afla markaðar innanlands og í Skandinavíu fyrir nýja tegund sjálfvirkrar hreinsivélar til hreinsunar á stórum lokuðum rýmum eins og olíutönkum, lýsistönkum, fiskilestum o.s.frv., ásamt að byggja upp sérþekkingu og framleiðsluþætti kringum vélin á Seyðisfirði.

Fyrirtækið Þvottatækni ehf. á Seyðisfirði hefur undanfarin 10 ár þróað og unnið að framleiðslu á sjálfvirkri tankahreinsivél. Markaðssetning bæði erlendis og innanlands er forsenda fyrir því að vélin nái augum markaðarins og sala geti átt sér stað. Í fyrstu er gert ráð fyrir að fyrirtækið selji hreinsipjónustu þar sem vélin er notuð. Til þess hefur fyrirtækið tvær vélar og sérútbúinn bíl með dælum og öðrum búnaði sem til þarf. Með siglingu Norrænu eru góðar samgöngur frá Seyðisfirði við Skandinavíu og ekki meira mál að þjónusta það svæði heldur en Reykjavíkarsvæðið. Einnig er gert ráð fyrir því að vélin verði seld sem fastur búnaður í lestar fiskiskipa.

Markmið: Aðalmarkmið er að verða leiðandi afl á sviði hreinsunar á stórum rýmum og skapa þannig öflugt þjónustufyrirtæki á Seyðisfirði ásamt því að vera framleiðslufyrirtæki á Tankahreinsivél (Tornadopowertwister)

Vélin getur hreinsað öll lokuð rými og er einkar hentug fyrir stór rými eins og olíutanka eða forðatanka fyrir fiskiðnaðinn eins og lýsistanka. Hugmyndin hefur hlotið einkaleyfi á Íslandi og einnig er vélin í einkaleyfisferli erlendis (patent pending). Hér er um nýja tækni að ræða sem er bæði vistvæn, vinnusparandi og stuðlar að minni notkun á hreinsiefnum. Vélin getur einnig nýst til hreinsunar á skipalestum. Vélin hefur þegar sannað gildi sitt sem hreinsivél þar sem tankur sem er 36m í þvermál og 16m hár hefur verið hreinsaður með vélinni. Vegna eiginleika sinna hefur vélin tæknilega sérstöðu fram yfir aðrar lausnir á markaði sem og möguleika á vistvænni hreinsun. Einnig getur þessi tækni keppt á markaði kostnaðarlega séð.

Rök: Tilurð Þvottatækni á Seyðisfirði getur skapað vaxtarbrodd í þjónustu við fyrirtæki á Íslandi og Skandinavíu sem þurfa á slíkri þjónustu að halda. Sérþekking hefur myndast í fyrirtækinu og hafa margar lausnir tengdar hreinsitankavél verið þróaðar og bíða þess að verða framkvæmdar. Fyrirtækið er því einnig nýsköpunarfyrirtæki. Staðsetning á Seyðisfirði er hentug með útrás í huga, þar sem ferjan Norræna siglir til Skandinavíu einu sinni í viku. Efling á sérþekkingu á staðnum og uppbygging á framleiðslutengdum iðnaði til útflutnings.

Ábyrgð framkvæmdar: Þvottatækni, Seyðisfjarðarkaupstaður

Aðrir þáttakendur: Útflutningsráð, utanríkisráðuneytið (Viðskiptastofa)

Tímaáætlun: 12 mánuðir

Kostnaðaráætlun: Markaðsátak á Íslandi, í vinnslu, Markaðsátak í Skandinavíu, í vinnslu.

Skógarnytjar

Tillaga: Hugmyndin er að vinna tillögur að uppbyggingu hrávinnslustöðvar og fullvinnslu skógarafurða. Verkefnið taki til eftirfarandi þátta:

- **Hrávinnslu** - Grisjun ungskóga. Grunnur að öllum notum er að hráefnið sé aðgengilegt og flokkað þar sem gæði og form ráða mestu um möguleg not. Koma þarf upp hrávinnsleuingu sem flokkar og frumvinnur hráefni sem fellur til.
- **Fullvinnslu** - Mesta verðmætasköpunin falin í fullvinnslunni. Margar leiðir til í fullvinnslu þessara afurða. Nýtingamöguleikar þó all nokkrir þar sem þrjár leiðir eru oftast nefndar:
 1. **Hefðbundin timburframleiðsla** - smíðaviður. Kallar á sértæk tæki og tól sem vinna með smávið t.d. Gámaeinging-sögunarmylla. Vöruþróun - skífur, stiklur o.s.frv.
 2. **Orkugjafi**. Flís, Kögglar, Eldiviður, kolagerð o.fl. Vöruþróun
 3. **Óhefðbundin not**. T.d. lðnaðarframleiðsla sem nýtir saman endurunnið plast og við/kurl

Markmið: Í uppbyggingu nytjaskógræktar þar sem megin uppskerumarkmið eru borðviður er nauðsynlegt að grísa og má nýta í atvinnuskapandi framleiðslu. Markmið með þessu verkefni er að virkja þessa auðlind, með því:

- Að finna og virkja leiðir til framleiðslu á vörum sem byggja á aðgangi svæðisins að þessari auðlind.
- Að þessi fyrsta afurð skógræktar verði nýtt til atvinnusköpunar á svæðinu, sér í lagi dreifbýli.
- Að þetta frumherjastarf á Fljótsdalshéraði geti nýst á öðrum landssvæðum þar sem nytjaskógrækt er stunduð m.a. í tengslum við önnur landshlutabundin skógræktarverkefni.

Rök: Með lögum um Héraðsskóga nr. 32 frá 1991 og í framhaldi af þeim stofnun, Suðurlandsskóga, Norðurlandsskóga, Vesturlandsskóga, Skjólsskóga á Vestfjörðum og Austurlandsskóga mörkuðu stjórnvöld þá stefnu að hér á landi skyldi rækta nytjaskóg og miðað er við að rækta skuli skóg á 5% láglandis á næstu 40 árum. Þessari stefnu hefur verið fylgt og fellur nú til ört vaxandi magn af grisjunarvið sem takmarkaður markaður er fyrir. Lítil sem engin þekking er til staðar á nýtingu skógarafurða, úrvinnslu efnisins og markaðssetningu.

Á Héraði er stærsta skógræktarsvæði landsins og framundan er vaxandi þörf á grisjun og þar af leiðandi mun aukið hráefni falla til sem hægt er að nytja. Útreikningar gefa til kynna að þörfin mun vaxa hratt á næstu árum og ná miklum hæðum eftir 10-15 ár þar sem skógar á Héraði samsvara um 80% af aukningunni fyrstu árin. (sjá mynd). Þess vegna er mikilvægt að taka forystu í arðbærri nýtingu auðlindarinnar.

Ábyrgð á framkvæmd: Héraðsskógar, Félag skógarbænda á Héraði og Skógrækt ríkisins.

Aðrir þátttakendur: Fyrirtæki á svæðinu, sveitarfélögin, háskólar, löntækistofnun, hönnunarfólk, listamenn o.s.frv.

Tíma og kostnaðaráætlun: Framkvæmd 2006 - 2008 á Héraði. Kostnaður liggur ekki fyrir.

Viðauki I – Viðtal við Ifor Williams

Opnir kynningarfundir

Vaxtarsamningar, alþjóðavæðing, klasar og samkeppnishæfni

**Ifor Flowcs-Williams,
forstjóri, Cluster Navigator og alþjóðlegur ráðgjafi,**

mun halda fyrirlestra um alþjóðavæðingu, samkeppnishæfni og klasa. Ifor mun fjalla um alþjóðleg verkefni á sviði klasa og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði. Ifor hefur m.a. unnið fyrir fjölda landa, OECD, Alþjóðabankann o.fl.

Opnir kynningarfundir á eftirtöldum stöðum vikuna 8. - 12. maí n.k.:

Egilsstaðir, mánudaginn 8. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Hérað Egilsstöðum
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Austurlands

Ísafjörður, þriðjudaginn 9. maí, kl. 12:00 - 14:00, Hótel Ísafjörður, Ísafirði
Fundur á vegum Vaxtarsamnings Vestfjarða

Sauðárkrókur, miðvikudaginn 10. maí, kl. 12:00 - 14:00, Kaffi Krókur, Sauðárkróki
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Norðurlands vestra

Akureyri, fimmtudaginn 11. maí, kl. 12:00 - 14:00, Alþýðuhúsið, Skipagata 14, 4. hæð, Akureyri
Aðalfundur Vaxtarsamnings Eyjafjarðar

Akranesi, föstudaginn 12. maí, kl. 11:00 - 12:30, Garðakaffi, Byggðasafninu á Görðum, Akranesi
Undirbúningur að Vaxtarsamningi Vesturlands

Fundirnir verða auglýstir nánar á viðkomandi landssvæðum.

Fundirnir eru hluti af stefnumörkun stjórnvalda og iðnaðar- og viðskiptaráðherra Valgerðar Sverrisdóttur, um eflingu byggðakjarna og vaxtarsvæða, m.a. með uppbyggingu Vaxtarsamninga, er stuðla eiga að aukinni samkeppnishæfni og vexti atvinnulífs og svæða.

**Iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið,
nefndir um Vaxtarsamninga viðkomandi svæða, Atvinnuþróunarfélög viðkomandi svæða**



Kynningarfundir Ifor Williams flytur fyrirlestur sinn á Egilsstöðum líkt og hann gerði á Akureyri, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

Viðskiptataækifæri í vaxtarsamningum

■ Nýsjálenski ráðgjafinn Ifor Williams telur samvinnu og traust miklu skipta við uppbyggingu atvinnulífs

Eftir Björn Jóhann Björnsson
bjb@mbl.is

Ifor Williams, forstjóri Cluster Navigators á Nýja-Sjálandi og erlendir ráðgjafi stjórnvalda við gerð svonefndra vaxtarsamninga, var nýverið staddur á Íslandi og fór um landið með kynningarfundum og fyrirlestur. Fjallaði hann um alþjóðleg verkefni á sviði klasamyndunar fyrirtækja og hvernig einstaklingar, íslenskt atvinnulíf og opinberir aðilar geta nýtt sér alþjóðlegar nýjungar og áherslur á þessu sviði.



Baldur Pétursson

Sagði hann þessa vaxtarsamninga geta skapað fjölmörg viðskiptataekifæri.

Ifor hefur unnið sambærileg ráðgjafarverkefni fyrir fjölda aðila, m.a. OECD, Sameinuðu þjóðirnar, Alþjóðabankann og stjórnvöld nokkurra ríkja. Í Íslandsferð síni kom hann við á þeim svæðum þar sem stjórnvöld hafa komið vaxtarsamningi á öðru eru í undirbúningserli, þ.e. á Akureyri, Egilsstöðum, Akranesi, Ísafirði og Sauðárkróki.

Fleiri vaxtarsamningar

Valgerður Sverrisdóttir iðnaðar- og viðskiptaráðherra hefur að undanförnu lagt áherslu á vaxtarsamninga með það að markmiði að auka samkeppnishæfni atvinnulífs og landsvæða. Með samningunum hafa

stjórnvöld, sveitarfélög og hagsmunaaðilar skuldbundið sig til að leggja fram fjármagn yfir ákveðið tímabil til uppbyggingar atvinnulífs á viðkomandi svæði. Unnið hefur verið sérstaklega að uppbyggingu slíkra samninga á vegum ráðuneytisins og hefur Baldur Pétursson deildarstjóri stýrt því starfi. Þegar eru komnir í rekstur vaxtarsamningar fyrir Eyjafjarðarsvæðið og Vestfirði og í undirbúningi eru vaxtarsamningar fyrir Austurland, Vesturland og Norðurland vestra. Nýlega var kynnt skýrsla um vaxtarsamning Suðurlands þar sem lagt er m.a. til að gerður verði vaxtarsamningur fyrir það svæði einnig og er unnið að þeim undirbúningi.

Að sögn Baldurs snýst kjarni þessa starfs um að nota hagnýt mól einns og vaxtarsamninga og fyrirtækjaglassa, sem gefist hafa vel erlendis sem og hér á landi, til að auka samkeppnishæfni og vöxt í atvinnulífinu.

„Þetta hentar í mörgum tilfellum fyrir atvinnulíf og opinbera aðila, en á tímum sífellt vaxandi alþjóðavæðingar og samkeppni er mikilvægt að nýta öll slík tækifæri. Með starfsemi vaxtarsamninga og klasa gefst tækifæri á hagnýtri samvinnu,“ segir Baldur og bendir á að í einni skýrslu OECD sé smáð fyrirtækja ekki talin vandamál, heldur einangrun þeirra. Með þessu módeli sé einnig meiri ábyrgð á atvinnu- og byggðamálum ferð yfir til viðkomandi svæða. Með vaxtarsamningum hafi því tekist að koma á nýjungum í samskiptum aðila á viðkomandi sviði, til að mynda tak fjármálastofnanir þátt í slíku



Fyrirtækjaglassar Ifor Williams frá Nýja-Sjálandi hefur um nokkurt skeið verið stjórnvaldur ráðgjöf við að koma á vaxtarsamningum í héruðum landsins þannig að tækifæri skapast m.a. fyrir litil fyrirtæki.

starfi á Vestfirðum. Það sé nýjung hér á landi en afar mikilvægt samstarf.

Baldur segir undirbúning og rekstur vaxtarsamninga byggjast á samstarfi við fjölda fólks á viðkomandi svæði, sem eigi mikinn þátt í þessu ferli og sömuleiðis atvinnubrúunarfélögum, enda komi það síðan í hlut fólksins á svæðunum að reka vaxtarsamninga og starf þeim tengt. „Slíkt er enda hluti af þessu ferli og stefnumörkun stjórnvalda, að atvinnulíf, einstaklingar, skólar og opinberir aðilar á viðkomandi svæðum beri meiri ábyrgð á starfi er varðar samkeppnishæfni, vöxt og þróun atvinnumála og byggða,“ segir Baldur. Hann segir enn fremur að í starf-

semi vaxtarsamninga sé áhersla lögð á að auka samstarf atvinnulífs, háskóla og rannsóknastofnana og að efla klasasamstarf innan atvinnulífsins og á milli atvinnulífs, háskóla og fleiri aðila, innanlands sem erlendis. Að sögn Baldurs hefur við uppbyggingu á þessu sviði verið staðst við alþjóðlega ráðgjöf og þekkingu, einkum frá Ifor Williams.

Samí vandi annars staðar

Ifor Williams segist í samtali við Morgunblaðið hafa mjög ánægður með Íslandsheimsókinna og hvernig samstarf vörðist hafa komist á milli stjórnvalda, fyrirtækja, einstaklinga og menntastofnana. Hann segir Íslandinga vera að glíma við svipaðan

vanda og margar þjóðir heims; smærri byggðarlög séu að missa ungt og hæfileikaríkt fólk til stórborganna. Þetta fólk snúi yfirleitt ekki til baka til heimahaganna, þá ekki fyrr en á eftirlaunaárunum.

„Í einhverjum tilvikum er þetta óhjákvæmileg þróun, sem lítið eða ekkert er hægt að gera við, en við sjáum mörg dæmi þess um allan heim að smærri byggðarlögum er að takast að halda og fá til sín ungt og menntað hæfileikaríkt. Á þessum stöðum hefur tekist að skapa atvinnutækifæri við hæfi þessa fólks,“ segir Williams.

Á fundum sínum á Íslandi sagðist Williams hafa lagt sérstaka áherslu á tvö atriði. Annars vegar mikilvægi samvinnu og trausts milli hagsmunaaðila og að allir séu sammála um að halda verkinu áfram. Hins vegar mikilvægi sérhæfingar, þ.e. að viðkomandi svæði leggi áherslu á sín einkenni og hvaða svið atvinnulífs sé vænlegust til árangurs, hvort sem það er landbúnaður, sjávarútvegur, ferðþjónusta eða vísindastörf.

Aðspurður segir hann að íslensk stjórnvöld séu á réttri leið með gerð þessara vaxtarsamninga. Góð reynsla af þeim eigi eftir að verða lýðum ljós. Sem dæmi nefnir hann Hólaskóla í Hjaltdal á Skagafirði. Þar hafi hann fengið áhugaverða kynningu hjá rektorunum, Skúla Skúlasyni, á starfi skólans og hennar myndræði og rætt við tvo nemendur í framhaldsnámi. „Annar þeirra var frá Frakklandi og hinn frá Norge. Þetta sýnir manni skýrt hvað svæðisbundin sérhæfing á að snúast um. Henni er ekki eingöngu ætlað að láða til sín starfsemi fyrirtækja og viðskiptavini heldur einnig langskólamentað og sérhæft fólk. Eg tel að þetta eigi að geta spilað vel saman,“ segir Williams. Hann segist einnig hafa hrist af því sem hann sé á Ísafirði og hvernig tekist hafi að skapa Vestfirðum sína sérstöðu í ferðþjónustu. Þar sé t.d. áhersla á galdra og aðra fjölkynngi á Ströndum einstök á heimsvísu.

„Eg hef beðið fólk að einblína á sína sérstöðu, hún getur verið mjög mjöfn. Hvað getur gefið okkur forskot umfram aðra? Landbúnaður í Eyjafirði er ekki með sömu áherslur og landbúnaður annars staðar á landinu og hið sama gildir um ferðþjónustuna,“ segir hann.

Tækifæri kringum stóriðju

Móal þeirra stóriðja í heiminum sem hann hefur veitt aðstoð sína er Ástralía. Williams segist hafa starfað þar á mun afskekktari stöðum en þekkest á Íslandi. Þar hafi tekist góð samstaða innan byggðarlögunna um að skapa tækifæri fyrir ungt fólk.

Spurður hvort stóriðja líkt og verið er að byggja upp á Austurlandi sé lausnin á því að stöðva fólksflóta segir Williams að slík starfsemi skapi vissulega mörg varanleg störf. Hann segir miklu skipta í þessu sambandi að fólk leiti eftir tækifærum á starfsemi eða þjónustu sem stór fyrirtæki eins og Bechtel og Alcoa kalli eftir. Ef t.d. litlu fyrirtæki tækist að selja Bechtel tilbúin matvæli á Reyðarfirði geti skapað tækifæri á sömu viðskiptum við Bechtel annars staðar í heiminum.

Williams er víðfróll maður og hefur ærin starfa við að breiða út þekkingu sína og reynslu við uppbyggingu fyrirtækjaglassa og samstarf á sviði atvinnu- og byggðamála. Frá Íslandi lá leiðin til Pakistans og hlaðkaði hann til þeirrar ferðar, þó ekki væri nema fyrir herra hitastig.

TILVIÐKOMI

www.mbl.is



lðnaðar- og viðskiptaráðuneytið - Júlí 2006